

LENA RÓS MATTHÍASDÓTTIR

Spilar á gítarinn og syngur með börnunum

heimili

allt í MÍÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Fjölbreyttur gróður í garðinum

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



GEIRFLUGLARNIR

Svara Árna Bergmann

Safna fyrir nýjum híbílum uppstoppaðs geirflugls

FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júní 2008 — 148. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Lindsay aftur í sviðsljósið

Ástarævintýri Lohan vekur upp gamlar minningar.

FÓLK 20



### Greining og hættumat

„Við búum sem sé við dómsmálaráðherra sem ber ekki skynbragð á lýðréttindi borgaranna og telur glæpsamlegt að hafa aðrar stjórnmalaskoðanir en hann sjálfur.“

skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

### Táknrænt fyrir lífið

Myndlistarverk Ingu Ragnarsdóttur vígt á Akranesi.


TÍMAMÓT 16



### Próttur skellti toppliðinu

Prettán mörk voru skoruð í þremur leikjum í 5. umferð Landsbankadeildar karla í gær.

ÍPRÓTTIR 27



## VEÐRIÐ Í DAG



**BJART NYRÐRA** Í dag verða austan eða suðaustan 3-13 m/s, hvassast sunnan og suðvestan til. Bjart norðan til fram á daginn en þykkar svo upp. Hætt við lítilsháttar vætu sunnan og vestan til.

VEDUR 4

# Útflutningur hafinn á hvalkjöti til Japan

Sextíu tonn af kjöti af sjö langreyðum sem veiddar voru árið 2006 hafa verið send til Japan. Með sömu ferð fór norskt hrefnukjöt á markað. Sjávarútvegsráðherra segir of snemmt að segja til um hvort nýr veiðikvóti verði gefinn út.

**SJÁVARÚTVEGUR** Rúmlega sextíu tonn af kjöti af sjö langreyðum sem veiddar voru haustið 2006 hefur verið selt til Japan. Hvalkjötið var flutt til landsins ásamt norsku hrefnukjöti sem var sent út með sömu flutningavél. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir of snemmt að segja til um hvort nýr kvóti verður gefinn út.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., segir að allt hvalkjötið sé nú í Japan og aðeins tímaspursmál hvenær því verði dreift til verslana og fiskimarkaða. „Þetta er allt komið á leiðarenda og ég fékk ágætis verð fyrir kjötið.“ Kristján segist vongóður um að nýr kvóti til atvinnuveiða verði

gefinn út. „Stjórnmöld fara eftir ráðleggingum fiskifræðinganna og ef þeir ætla að vera samkvæmir sjálfum sér verður veiddur hvalur eftir þeirra hugmyndum.“

Með sölunni á kjötinu eru skilyrði fyrir frekari atvinnuveiðum á langreyði uppfyllt en sjávarútvegsráðherra hefur sagt að nýr kvóti verði ekki gefinn út fyrr en markaðsaðstæður leyfa slíkt og búið sé að tryggja leyfi til að flytja hvalkjöt til Japans. Spurður hvort kvóti verður gefinn út í ljósi þessara tíðinda segir sjávarútvegsráðherra að of snemmt sé að segja til um það. „En það hlaut að koma að þessu. Veiðin var ekki til þess að veida eingöngu heldur til að selja afurðirnar.“ Einar segir að stjórn-

völd hafi ekki haft neina aðkomu að sölu hvalkjötsins

Jón Gunnarsson, sem situr í sjávarútvegsnefnd Alþingis, segir ljóst að útflutningur á hvalkjöti frá Íslandi og Noregi sé staðreynd. „Þetta er í samræmi við það sem við höfum haldið fram, að góður markaður sé fyrir þessar afurðir. Nú er ekkert annað að gera en að hefja atvinnuveiðar á fullum krafti. Hagsmunirnir eru skýrir hvað varðar okkar fiskistofna jafnt sem í tilliti til atvinnusköpunar og útflutnings.“

Sjö langreyðar voru veiddar haustið 2006 eftir að sjávarútvegsráðherra gaf út kvóta til að veiða níu dýr. Hafrannsóknastofnun telur stofn langreyðar þola að 150 til 200 dýr séu veidd árlega.

- shá



**PÚSUNDIR MÓTMÆLTU** Íbúarnir telja sorpmóttöku of nálægt sjúkrahúsi. NORDICPHOTOS/AFP

## Ruslahaugarnir í Napólí: Íbúar mótmæla lausn vandans

**ÍTALÍA** Þúsundir manna flyktust út á götur Napólí í gær til að mótmæla því að sorpið, sem safnast hefur í hauga á götum borgarinnar, verði flutt á ruslahaug í Chianio, einu af úthverfum borgarinnar.

Íbúarnir telja sorpmóttökuna vera of nálægt sjúkrahúsi til að forsvaranlegt sé að safna þar rusli. Sjúkrahúsið er í 1,6 kílómetra fjarlægð frá sorphaugnum.

Silvio Berlusconi, sem er nýorðinn forsætisráðherra Ítalíu á ný, ákvað í síðustu viku að láta losa ruslið úr borginni og koma því fyrir á tíu stöðum, meðal annars í Chiaiano.

- gb



**MAÐUR LEIKSINS** Hreiðar Levý Guðmundsson átti stórleik gegn Svíum í gær. Íslenska landsliðið tryggði sér með sigrinum þátttökurétt á Ólympíuleikunum sem fram fara í Peking í ágúst. Lokatölur leiksins voru 29:25 Íslendingum í vil. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Íslenska landsliðið vann úrslitaleik gegn Svíþjóð í forkeppni Ólympíuleikanna:

# Strákarnir okkar með á ÓL

**HANDBOLTI** Ísland verður ein af tólf þjóðum sem eiga fulltrúa í handbotlakeppni Ólympíuleikanna eftir 29-25 sigur á Svíum í lokaleik sínum í forkeppni Ólympíuleikanna. Þetta verða sjöttu Ólympíuleikarnir sem íslenska karlalandsliðið verður með.

„Ég er rosalega stoltur og leyni því ekki neitt. Ég vissi sem var að verkefnið var erfitt og gat farið á báða vegu. Mér rann blóðið til skyldunnar og ég sé ekki eftir því í

dag. Þetta var ögrandi verkefni sem tókst með þrotlausri vinnu frábærs hóps,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

Sviagrýla Íslendinga hefur breyst í Íslandsgrýlu fyrir Svíana eftir að íslenska handboltalandsliðið kom í annað sinn á tveimur árum í veg fyrir að Svíar kæmst á stórmót.

„Við Dorrit óskum ykkur til hamingju með glæsilegan sigur í frábærum leik. Þjóðin fagnar öll

og óskar ykkur heilla á komandi Ólympíuleikum. Sigurkveðjur,“ skrifaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í heillaskeyti sem hann sendi landsliðinu eftir sigurinn á Svíum í keppni um sæti á Ólympíuleikunum í Peking í sumar.

Sigurinn er í höfn en Svíar hótuðu á tímabili í gærkvöld að kæra úrslit leiksins. Þeir sáu skömmu síðar að sér og ekkert verður úr kærinni.

- óój / Sjá íþróttir 26

**ÚTVARPSHLUSTUN**

FM 9% Aðrar stöðvar 6%

Bylgjan 27%

RÁS 40%

18%

Hæðarhlustun á landinu 19. - 25. maí 2008

**RÚV**

TAKK FYRIR AÐ HLUSTA

**Kafbátur mánaðarins**

**Grænmetis sæla**

**6 tommu bátur 329 kr.**

**SUBWAY** (í nínu formi)

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

Gildir í júní 2008  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Sjórumáli

**TENGI**

Tilboðsdagar

Tilboð af völdum vörum í verslunum okkar. Meðan birgðir endast.

Ópið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



Lúðvík, fór allt í köku í Hafnarfirði?

„Ég er bakari svo ég reyndi að sneiða framhjá því.“

Lúðvík Geirsson er bæjarstjóri í Hafnarfirði þar sem Hafnarfirðingum og gestum var boðið upp á 100 metra afmælistertu í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar.

Farþegi rændi leigubílstjóra: Ógnaði bílstjóra með hnífi

**LÖGREGLUMÁL** Ráðist var á leigubílstjóra í bíl sínum um klukkan hálf fjögur aðfaranótt sunnudags. Árásin átti sér stað í Bakkahverfi í Breiðholti. Farþegi í bílnum tók bílstjóran hálstaki og ógnaði honum með hnífi. Farþeginn komst síðan undan með farsíma og peninga, en ekki er vitað hversu há peningaupphæðin var.

Leigubílstjórinn, sem er kona, hlaut minniháttar áverka á hálsi við árásina. Árásarmaðurinn var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Þurrkatíð hefur áhrif í Svíþjóð:

Óttast vatnsskort í sumar

**SVÍÞJÓÐ** Fulltrúar frá Jarðfræðistofnun Svíþjóðar lýstu nýverið áhyggjum sínum yfir skorti á grunnvatni í landinu. Samkvæmt dagblaðinu Dagens Nyheter er ástandið verst sunnarlega, en mun skárna í Norður-Svíþjóð. Veður hefur verið heitt og þurrt að undanförunu og því hefur vatnsskeysla aukist verulega auk þess sem úrkoma hefur ekki bæst við grunnvatnsbirgðir.

Veðurspár gefa til kynna að þurrkatíðin haldi áfram næstu daga og jafnvel langt fram á sumar og því er ljóst að Svíar geta tæplega leyft sér löng og svalandi steypiböð á næstunni.

## SLYS

Líðan drengsins er óbreytt

Líðan drengsins sem slasaðist þegar gassprenging var í húsbíl í Grindavík á föstudagskvöldið er óbreytt. Honum er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. Tíldrög slyssins eru enn til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Smartkortakerfið er nú til reynslu í Laugardalslaug eftir áralanga þróun:

# Smartkortin komin í notkun

**REYKJAVÍK** Smartkortakerfið er nú til reynslu í Laugardalslaug. Átta ár eru síðan frumvinna við verkefnið fór í gang og hefur hún kostað 350 milljónir króna. Smartkort eru greiðslukort sem innihalda örgjörva.

Árið 2000 kviknuðu fyrstu hugmyndir innar ÍTR um kort sem myndi gilda í þjónustu borgarinnar. Á sínum tíma var settur upp búnaður í strætisvagna til að lesa kortin. Hann komst aldrei í gagnið og þótti ekki nógu áreiðanlegur. Strætó ákvað í fyrra að draga sig úr verkefninu. Kostnaður fyrirtækisins við það nam þá rúmlega 250 milljónum króna.



**KERFI TIL REYNSLU** Lesurum hefur verið komið upp í Laugardalslauginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kostnaður Reykjavíkurborgar við verkefnið er um 100 milljónir króna.

Hörður Gíslason, aðstoðarfrankvæmdastjóri Strætó, segir

að búnaðurinn sé enn í vögnunum. Vélbúnaðurinn nýstist að hluta nú, því hann prentar út skiptimíða. Hugbúnaðurinn hafi hins vegar aldrei virkað sem skildi. Komi fram lausn í þeim málum geti komið til greina að nýta kerfið.

Steinþór Einarsson hjá ÍTR segir kerfið geta nýst vel til öflunar upplýsinga og til að létta á starfsemi. Hluti gesta geti þannig afgreitt sig sjálfur. Kerfið er nú til reynslu í Laugardalslaug og gangi allt upp verður það sett í gang í öllum laugum og jafnvel í annarri þjónustu ÍTR.

- kóp

Flóttamannavandi í Noregi:

## Bæjarfélögin berjast á móti

**NOREGUR** Norðmönnum er mikill vandi á höndum hvað viðkemur móttöku flóttamanna. Nú sitja um 1.700 manns sem fengið hafa búsetuleyfi í landinu á móttökustöðvum fyrir flóttamenn og bíða þess að vera úthlutað íbúðum í einhverju af bæjarfélögum. Samkvæmt dagblaðinu Aftenposten hefur fjórðungur fólksins beðið eftir búsetuúræðum mun lengur en reglur kveða á um.

Vandamálið sprettur af því að norska ríkið veitir flóttamönnum búsetuleyfi en svo er það á borði bæjarfélaganna að veita flóttamönnum aðstoð við búsetu og aðlögun.

- vþ

# Yfirgefa hús sitt og flytja í sumarbústað

Hjónin á Krossi í Ölfusi hafa yfirgefið íbúðarhús sitt en það fór mjög illa í jarðskjálftanum á fimmtudag. Lögreglan hefur lokað 23 húsum sem talin eru óíbúðarhæf. Bæjarstjóri Ölfuss varar við því að vera á ferð undir Ingólfsfjalli.

**JARÐSKJÁLFTI** „Ég veit ekki hvað við verðum hér lengi,“ segir Lúðvík Haraldsson, bóndi á Krossi í Ölfusi, sem ásamt konu sinni Eyrúnu Rannveigu Þorlákssdóttur dvelur í sumarbústað skammt frá bænum. Íbúðarhús Lúðvíks og Rannveigar er óíbúðarhæft eftir jarðskjálftann sem reið yfir á fimmtudag.

Lögreglan lokaði um helgina 23 húsum á skjálftasvæðinu sem talin eru ónýt eða óíbúðarhæf. Ákvörðun þessa efnis var tekin á fundi byggingafultrúa og almannavarnarnefnda.

Lúðvík segir þann hluta hússins þar sem kjallari var ekki undir hafa sigið í norður. „Við vorum búin að taka húsið allt í gegn, síðan í skjálftunum árið 2000,“ segir Lúðvík en þau hjónin hafa búið að Krossi í 54 ár. Húsið byggðu þau árið 1954 úr holsteini og segir Lúðvík að síðar hafi húsið verið styrkt og klætt að utan.

„Kort sem ég var að sjá frá Veðurstofnunni sýnir að upptök skjálftans voru eiginlega á hlaðinu hjá okkur. Það var eins og húsið lyftist. Við féll konan mín í gólfíð og brákaði á sér handlegginn. En við þökkum skapanum fyrir að vera á lífi,“ segir Lúðvík, sem missti nokkuð af sauðfé þegar hlöðuveggur féll inn í fjárhúsin að Krossi.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi og formaður almanna- varnarnefnda, segir húsin sem hafi verið rýmd flest í eldri kantinum. Alls hafi nú íbúðarhús, fjögur iðnaðar- og atvinnuhús og þrjú útihús verið rýmd og innsigliuð.



**FJÁRHÚSIN AÐ KROSSI** Ábúendur á Krossi eru meðal þeirra sem rýmt hafa hús sín vegna skemmda í kjölfar skjálftanna en nokkrar kindur og lömb drápuast þegar hlöðuveggur féll inn í fjárhúsin á bænum.

MYND/GKS

## SÁLRAENN STUÐNINGUR NÆSTU DAGA

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að áfallahjálparteymi Rauða krossins verði að störfum í þjónustumiðstöðvunum á Selfossi og í Hveragerði næstu daga frá klukkan 17 til 20.

Þjónustumiðstöðvarnar eru í

Tryggvaskála við Ölfusárbrú á Selfossi og í húsnæði Rauða krossins við Austurmörk í Hveragerði.

Hægt er að sækja upplýsingar um sálrænan stuðning og upplýsingar um viðbrögð við alvarlegum atburðum á heimasíðu Rauða krossins, redcross.is

Flest húsin eru milli Hveragerðis og Selfoss, í því sem kallað er Austursveitin, en einnig var tveimur húsum lokað í Vestursveitinni, milli Hveragerðis og Þorlákshafnar.

Ólafur Áki segir flesta íbúa húsnæða vera hjá ættingjum þó að sveitarfélagið hafi boðið fram húsnæði í Þorlákshöfn.

Um framhaldið segir Ólafur Áki

það forgangsráði að skoða húsin betur eftir helgi. „Við erum búin að fá verkfræðistofu til liðs við okkur og ég vona að um miðja viku verði ljóst hvaða hús má nota og hver þeirra eru ónothæf.“

Ólafur Áki biður fólk um að vera ekki á ferðinni í Ingólfsfjalli. Þar sé mikið um laust grjót og mikið hafi hrunið úr fjallinu.

olav@frettabladid.is

Áætlaður heildarkostnaður varnarmála fyrir þetta ár er 1.350 milljónir króna:

## Öxlum ábyrgð á eigin vörnum

**VARNARMÁL** Varnarmálastofnun Íslands tók formlega til starfa í gær. Af verkefnum stofnunarinnar ber hæst rekstur íslenska loftvarnarkerfisins, sem íslensk stjórnvöld tóku við af Bandaríkjamönnum 15. ágúst í fyrra, og rekstur Ratsjárstofnunar.

„Með því að reka íslenska loftvarnarkerfið og sjá um önnur þau eftirlits- og varnartengdu verkefni sem nýstofnsett Varnarmálastofnun á að sinna erum við Íslendingar í senn að axla ábyrgð á eigin vörnum og um leið að leggja til sameiginlegs öryggis grannríkja okkar á Norður-Atlantshafi og bandalagsríkja NATO,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra af þessu tilefni.

Hún bætti við að með þessu rækju Íslendingar skyldur sínar sem sjálfstætt fullvalda ríki en stofnunin heyrir undir utanríkisráðherra.

Varnarmálastofnun mun reka öryggissvæði við Keflavíkflugvöll, Miðnesheiði, Helguvík, Bola-fjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes auk þess sem stofnunin mun annast rekstur mannvirkja NATO hérlendis. Er gert ráð fyrir að stofnunin vinni úr upplýsingum frá NATO og veiti tímabundnum herafla annarra NATO-ríkja á Íslandi stuðning.

Forstjóri Varnarmálastofnunar er Ellisif Tinna



**VARNARMÁLASTOFNUN OPNUÐ** Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri stofnunarinnar, ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Víðisdóttir og er gert ráð fyrir að upp undir fimmtíu manns starfi hjá stofnuninni. Áætlaður heildarkostnaður til varnarmála árið 2008 er 1.350 milljónir króna.

- ovd

★★★★★

**FIMM STJÖRNU  
GLÆPASAGA**

**Aska**

— Hildur Heimsdóttir, Fréttablaðinu

**Veröld**

# Farðu nýjar leiðir í sumar!

Skiptu yfir til Nova og fáðu þér brakandi nýjan farsíma fyrir sumarblíðuna. Öllum símatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði!

**2.000 kr.**

notkun á mánuði  
í 12 mánuði fylgir  
öllum símatil-  
boðum hjá Nova!

Nokia . 6120

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Samsung . U700

útborgun

**4.900 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 28.900 kr.



Stærsti  
skemmtistadur  
í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

**NOVA**

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	74,39 74,75
Sterlingspund	146,82 147,54
Evrá	115,42 116,06
Dönsk króna	15,472 15,562
Norsk króna	14,575 14,661
Sænsk króna	12,360 12,432
Japanskt jen	0,7055 0,7097

SDR	120,53	121,25
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

149,2329

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frumvarpi um gámafisk ætlað að auðvelda fiskverkendum að bjóða í aflann:

# Aðgangur að hráefni batnar

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Íslenskir fiskverkendur munu eiga þess kost að bjóða í allan afla sem til stendur að flytja óunninn úr landi, verði frumvarp sjávarútvegsráðherra um gámafisk að lögum.

„Það er engin spurning að þetta gerir það að verkum að aðgangur íslenskrar fiskvinnslu að hráefni mun stórbatna,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Svo verður það verð, markaðsaðstæður og annað sem mun ráða því hvort það dragi úr útflutningi. Ég tel það sjálfur líklegast.“

Í frumvarpinu, sem lagt var fram á Alþingi í vikunni, er lagt til að settur verði á laggirnar upp-

boðsvefur fyrir sjávarafra. Þar verði útflytjendur skyldaðir til að gefa upplýsingar um fisk sem þeir hyggjast selja úr landi og munu fiskverkendur geta boðið í hann.

Uppboðsskilmálar eru ekki skilgreindir nákvæmlega í frumvarpinu. Það er sett í hendur sjávarútvegsráðherra að setja slíka skilmála í reglugerð.

„Auðvitað eru ekki allir glaðir með að vera skikkaðir til að bjóða upp aflann,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ. Hann segir útvegsmenn þó stöðja frumvarpið, en öllu skipti hvernig útfærslan á uppboðsmarkaðnum verði.



**FISKUR ÚR SJÓ** Í nýjum lögum um uppboð á ekki að felast umtalsverð þvingun fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, segir Illugi Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Bætur vegna lifrabólgu smits:

# 50 milljónir vegna smita

**HEILBRIGÐISMÁL** Tíu manns hafa fengið greiddar tæpar fimmtíu milljónir í bætur frá ríkinu. Fólkið smitaðist af lifrabólgu með blóðgjöf áður en farið var að skima blóð með tilliti til sjúkdómsins.

Að því er fram kom í fréttum RÚV í gær hafa tíu manns fengið greiddar bætur úr ríkissjóði en tveir til viðbótar munu hafa óskað eftir bótum. Bætur sem ríkið greiðir fólki eru misháar og taka mið af því hversu mikil örorka þess er. Alls smituðust 25 manns af lifrabólgu C með blóðgjöf fram til ársins 1992, en þá hófst blóðskimun.



**ATKVÆÐI GREITT** Á þessum kjörstað fór allt fram með sóma. NORDICPHOTOS/AFP

Erfiðar kosningar í Makedóníu:

# Skotbardagar og atkvæðastuldur

**MAKEDÓNÍA, AP** Skyndikosningar sem haldnar voru í Makedóníu í gær gengu ekki sem best í sumum kjördæmum, þar sem albanskir íbúar eru í meirihluta.

Sums staðar urðu skotbardagar sem kostuðu einn mann lífið og urðu nokkrum að líkamstjóni. Háværar ásanir voru um kosningavindl og kjörkössum var bæði stolið og troðið í þá rusli.

Fresta þurfti kosningu á 22 kjörstöðum vegna óskapanna.

„Við þurftum ekki á þessu að halda,“ sagði Biljana Vankovska, stjórnmalaskýrandi í Makedóníu. „Nú er Makedónía að missa af tækifæri til að sanna sig sem lýðræðisríki.“

- gb

## SJÁVARÚTVEGUR

### Færeyingar fiska

Skip frá Færeyjum voru að veiðum við landið í apríl. Alls lönduðu færeysk skip tæplega 332 tonnum af botnfiski. Mest var um löngu í aflanum, rúmlega 100 tonn, og keila var um 88 tonn. Færeysk skip hafa landað rúmlega 250 tonnum af þorski á árinu.

# Síðustu prófkjörin breyta vart miklu

Prófkjörbaráttu Demókrataflokksins að ljúka. Clinton spáð stórsigri í Púertó Ríkó. Obama segir sárt að hafa þurft að segja sig úr umdeildri kirkju.

**BANDARÍKIN, AP** Þrátt fyrir að allt útlit hafi verið fyrir að Hillary Clinton ynni stórsigur í forkosningum Demókrataflokksins í Púertó Ríkó, sem haldnar voru í gær, breyta þau úrslit litlu um stöðu frambjóðendanna tveggja, hennar og Baracks Obama.

Síðustu forkosningar flokksins fyrir forsetakosningarnar í haust verða haldnar í Montana og Suður-Dakóta á morgun, en þær munu sömuleiðis breyta litlu um stöðuna.

Í Púertó Ríkó var kosið um 55 kjörmenn, en í Montana eru kjörmennirnir aðeins sextán og í Suður-Dakóta fimmtán. Obama hafði í gær, fyrir kosningarnar í Púertó Ríkó, nærri 180 manna forskot á Clinton og vantaði aðeins 64 kjörmenn til að ná meirihluta. Stuðningsmenn hans telja víst að hann tryggi sér meirihluta kjörmanna á næstu dögum.

„Ef það gerist ekki á þriðjudag, þá verður það fljótlega, býst ég við,“ sagði Robert Gibbs, talsmaður Obama, í sjónvarpi í gær.

Um helgina tók landsnefnd Demókrataflokksins þá ákvörðun að úthluta bæði Obama og Clinton helmingi þeirra kjörmanna sem þau fengu í forkosningum í Flórída og Michigan í janúar síðastliðnum, þegar prófkjörbaráttan var rétt nýhafin.

Landsnefndin hafði áður ákveðið að þessi tvö ríki fengju enga fulltrúa á flokksþingið í ágúst, þegar forsetaefni flokksins verður formlega valið, sökum þess að þau höfðu brotið gegn flokksreglum með því að flýta forkosningum.

Nú hins vegar fær Clinton samtals 24 kjörmönum fleiri en



**LÍF OG FJÖR Á KOSNINGADEGI** Börnin á Púertó Ríkó tóku af lífi og sál þátt í kosningadeginum, þegar eyjarskeggjar kusu á milli forsetaframbjóðenda. NORDICPHOTOS/AFP

„Pað er hér sem ég fann Jesú Krist, gekk í hjónaband og lét skíra börnin mín. Við erum stolt af einstöku starfi kirkjunnar.“

**BARACK OBAMA** FORSETAFRAMBJÓÐANDI

Obama í báðum þessum ríkjum, og nær því að saxa aðeins á forskot hans án þess þó að staðan breytist að ráði.

Um helgina sagði Barack Obama sig úr kirkjusöfnuði sínum í Chicago vegna umdeilda orða safnadarprestisins Otis Moss, sem hafa vakið harðar deilur undanfarna mánuði og verið Obama erfið í kosningabaráttunni.

Obama sagðist hafa átt erfitt með að taka þessa ákvörðun: „Það er hér sem ég fann Jesú Krist, gekk í hjónaband og lét skíra börnin mín. Við erum stolt af einstöku starfi kirkjunnar.“

Annar sóknarprestur við sömu kirkju, Michael Pflieger, bað hins vegar sóknarbörn sín í gær afsökunar á orðum sínum og sagðist hvorki vera kynþáttahatari né kynremba.

Hann sagði síðustu daga hafa verið sér erfiða. Í messu fyrir viku gerði hermdi hann eftir Hillary Clinton og sagði í vælutón að það væri „svartur maður að stela sennu frá mér“. Eftir þá messu hafa honum borist meira en þrjú þúsund hatursbréf í tölvupósti.

gudsteinn@frettabladid.is

Íslendingur hlaut virt verðlaun:

# Mesta vísindafrek ársins

**HEILBRIGÐISMÁL** Friðbert Jónason, prófessor í augnlækningum og yfirlæknir, tók í gær við virtum verðlaunum evrópsku glákusamtakanna. Verðlaunin voru veitt á aðalfundi samtakanna, sem fór fram í Berlín, og þykja þau mjög virt.

Verðlaunin eru veitt fyrir mesta vísindafrek ársins á sviði glákurannsókna. Friðbert tók við þeim fyrir hönd hóps af íslenskum vísindamönnum sem unnu rannsókn undir hans stjórn. Í rannsókninni fannst gen sem stýrir flögugláku, sem er algeng tegund gláku hér á landi. Það voru vísindamenn frá Íslenskir erfðagreiningu og augnlæknar sem unnu að rannsókninni.

- þeb

Stuðningur við ESB og evru:

# Aldrei meiri stuðningur

**STJÓRN MÁL** Stuðningur landsmanna við aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru hefur aldrei reynst meiri og vill yfir-



**FÁNI ESB** Tæplega sextíu prósent svarenda vilja evru í stað krónu.

gnæfandi meirihluti allra flokka hefja aðildarviðræður við sambandið.

Er þetta samkvæmt könnun sem

Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins. Þar kemur fram að tæp 58 prósent svarenda vilji hefja aðildarviðræður á meðan 21 prósent séu því andvíg. Mestur er stuðningur meðal kjósenda Samfylkingar og Frjálslyndra, þá Framsóknarflokks, en minnstur meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

- ovd

TAKTU ÞÁTT!



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ  
7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ

## VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson  
veðurfræðingur

### ÚRKOMULOFT ALLRA VESTAST

Í dag má búast við einhverri vætu hér og hvar á landinu vestanverðu. Þá má enn fremur reikna með lítillhátta súld við suðausturströndina. Fyrir norðan verður bjartviðri eitthvað fram á daginn en síðan eru horfur á að það þykkni smám saman upp. Hlýtt í veðri næstu daga.

Á MORGUN 3-10 m/s, hvassast með S- og V-ströndinni.



### HEIMURINN

Kaupmannahöfn	23°
Billund	27°
Ósló	27°
Stokkhólmur	21°
Gautaborg	24°
Helsinki	20°
Eindhofen	28°
Amsterdam	24°
London	22°
Berlín	30°
Frankfurt	30°
Friedrichshafen	25°
París	20°
Basel	23°
Barcelona	22°
Alicante	25°
Algarve	23°
Tenerife	20°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



Takk fyrir að þiggja  
Heimboð í Hafnarfjörð  
dagana 29. maí - 1. júní  
Velkomin aftur!



## KJÖRKASSINN



Heldur þú sjómanna daginn hátíðlegan?

Já	28%
Nei	72%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi því að tallenskt búddahof rísi í Hádegismóum?

Segðu þína skoðun á vísir.is



BALDUR STEINN HARALDSSON Veiddi góða sjóbleikju í fyrra.

## Íbúar í Kaldrananeshreppi: Veidda aftur í Bjarnarfjarðará

**STANGVEIÐI** Íbúar í Kaldranes-hreppi á Ströndum munu í sumar skipta með sér stangardögum hreppsins í sjóbleikjuánni Bjarnarfjarðará eins og í fyrra.

„Mikil ánægja var með þessa ráðstöfun síðasta ár þrátt fyrir misjafna veiði eins og gengur hjá veiðimönnum, því sumir eru jú betri veiðimenn en aðrir. Þetta er góð fjölskyldusamvera með hollri útiveru í yndislegu umhverfi,“ segir á drangnes.is. Öllum sem áttu lögheimili í Kaldranes-hreppi 1. maí verður á sjómanna-daginn 1. júní úthlutað veiði-degi í Bjarnarfjarðará í sumar. Hreppurinn á drjúgan part veiðidaganna.

Svisslendingar kusu um hvort torvelda ætti veitingu ríkisborgararéttar:

## Útlendingahræðslu hafnað

**SVISS, AP** Kjósendur í Sviss höfnuðu í gær tillögu Svissneska þjóðarflokksins um að gera innflytjendur erfiðara um vik að fá ríkisborgararétt.

Allar nema ein af hinum 26 kantónum Sviss felldu tillöguna, sem gekk út á það að enginn fengi ríkisborgararétt nema það yrði samþykkt í atkvæðagreiðslu í því sveitarfélagi, þar sem viðkomandi er búsettur. Alls voru 63,8 prósent á móti tillögunni. „Fólkið hefur greinilega kveðið upp dóm sinn: við viljum ekki útlendingahræðslu,“ sagði Pascal Couchepin, forseti landsins, þegar niðurstöður kosninganna voru ljósar.



FAGNAR NIÐURSTÖÐUNNI Pascal Couchepin, forseti Sviss, fagnar niðurstöðu kosninganna.

Meira en tuttugu prósent íbúanna í Sviss eru af útlenskum uppruna. Þetta er eitt hæsta hlutfall sem þekktist í Evrópuríkjum. Íbúar

í Sviss eru alls 7,5 milljónir.

Á síðustu árum hefur nýjum ríkisborgurum fjölgað mjög hratt. Árið 2006 fengu 47 þúsund innflytjendur ríkisborgararétt, en árið 1990 fengu rúmlega sex þúsund ríkisborgararétt.

Hæstiréttur landsins kvað upp þann úrskurð fyrir fimm árum að atkvæðagreiðslur um ríkisborgararétt skyldu aflagðar. Dómstóllinn gerði þetta eftir að íbúar í bænum Emmen höfðu hafnað því í atkvæðagreiðslu að veita 48 austur-evrópskum og tyrkneskum umsækjendum ríkisborgararétt, en í sömu atkvæðagreiðslu var sjö Ítölum veittur ríkisborgararéttur.

Þingmenn gengu út í Kúvæt:

## Slæðulausar á þingi valda usla

**KÚVEIT, AP** Níu strangtrúaðir þingmenn í Kúvæt gengu út af þingsetningarathöfn stutta stund í gær til að lýsa andúð sinni á því að tvær þingkonur voru slæðulausar þegar þær sóru embættiseið sinn.

Í kosningunum 17. maí komust 24 strangtrúaðir múslimar á þing, og er búist við frekari spennu milli þeirra og ríkisstjórnar landsins. Eftir var til kosninganna vegna þess að stjórnin og þingið áttu í erfitt með að starfa saman.

Margar konur í Kúvæt klæðast kuflum og höfuðslæðum, en þeim er ekki skylt að klæðast þannig eins og í Sáði-Arabíu.

Mannlaus bílaleigubíll:

## Franskra ferðamanna leitað

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarsveitir og þyrila Landhelgisgæslunnar leituðu tveggja franskra ferðamanna í um tvær klukkustundir í gær. Ferðamennirnir fundust heilir á húfi í Landmannalaugum. Þeir voru vel búnir og varð það þeim til happs.

Björgunarsveitir voru kallaðar út um miðjan dag í gær. Þá hafði ekkert spurst til fólksins síðan á laugardagskvöld. Bílaleigubíll fólksins hafði sést mannlús við Lambaskarð á laugardagskvöld. Vakti það grunsemdir um að ekki væri allt með felldu og því var blásið til leitar.

# Saka Krikaskóla um að stela skólafestefnu

Höfundar skólafestefnu Krikaskóla í Mosfellsbæ sæta ásökunum um að stela texta og gera hann að sínum eigin. Andri Snær Magnason rithöfundur er einn þessara höfunda. „Mosfellsbær kemur alveg af fjöllum,“ segir bæjarstjóri.

**MENNTAMÁL** „Ef það kemur í ljós að þeir sem seldu okkur skólafestefnu hafi brotið höfundarréttarlög verðum við auðvitað að bregðast við því,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Fimm konur saka hópinn Bræðing um að hafa stolið texta úr verkefninu „Litlar raddir hljóma sterkt“ sem þær unnu í M.ed.-námi við Kennaraháskóla Íslands í fyrra. Textann hafi hópurinn eignað sér og nýtt við samningu skólafestefnu Krikaskóla.

Bræðingur vann samkeppni á vegum Mosfellsbæjar um skólafestefnu nýs leikskóla, Krikaskóla, sem taka á til starfa haustið 2009. Að hópnum standa Andri Snær Magnason rithöfundur, Helgi Grímsson og Sigrún Sigurðardóttir. Sigrún var samhöfundur kvennanna fimm að „Litlar raddir hljóma sterkt“.

Texti úr öðru verkefni, sem ein kvennanna vann á lokaári í B.ed.-námi sínu árið 2004, var einnig nýttur í skólafestefnunna, að því er fram kemur í bréfi lögmans kvennanna til Mosfellsbæjar og Bræðings.

Konurnar krefjast þess að þeim verði bætt þessi nýting á texta þeirra og að henni verði hætt. Þær eru þó reiðubúnar að ganga til samninga við bæinn um áframhaldandi nýtingu.

Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra eru lögmenn bæjarins að skoða beiðni kvennanna. „Mosfellsbær kemur alveg af fjöllum í þessu,“ segir Haraldur.

steindor@frettabladid.is



BÖRN AÐ LEIK Krikaskóli tekur til starfa haustið 2009. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

## DÆMI ÚR SKÓLAFESTEFNU KRIKASKÓLA

### Litlar raddir hljóma sterkt

Nýlegar niðurstöður rannsóknar Ingvars Sigurgeirssonar og Ingi-bjargar Kaldalóns sýna að auknið vægi list- og verkgreina þar sem hefðbundið bóknám er brotið upp og börn fá að vera í verklegu námi, hefur jákvæð áhrif á hegðunar- og agavandamál.

### Krikaskóli

Nýlegar niðurstöður rannsóknar Ingvars Sigurgeirssonar og Ingi-bjargar Kaldalóns sýna að auknið vægi list- og verkgreina þar sem hefðbundið bóknám er brotið upp og börn fá að vera í verklegu námi, hefur jákvæð áhrif á hegðunarfunda.

### Litlar raddir hljóma sterkt

Þessir kennsluhættir eru áriðandi í þeirri samfélagsgerð sem einkennir í auknum mæli vestræn samfélög í dag. Bakgrunnur þeirra einstaklinga sem mynda samfélagið er það fjölbreyttur að nauðsynlegt er að endurskoða kennsluhætti og færa þá nær lýðræðislegum hugmyndum.

### Krikaskóli

Þessir kennsluhættir eru áriðandi í þeirri samfélagsgerð sem einkennir í auknum mæli vestræn samfélög í dag. Bakgrunnur þeirra einstaklinga sem mynda samfélagið er það fjölbreyttur að nauðsynlegt er að endurskoða náms- og kennsluhætti.

## Skordýr í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar, skordýrafræðings þriðjudagskvöldið 3. júní kl. 19.30. Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádýrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur, Elliðaárdal.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.oris

Flestir vilja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem borgarstjóra Sjálfstæðisflokksins:

## Hanna Birna næsti borgarstjóri

**STJÓRNAMÁL** Hátt í sextíu prósentum landsmanna finnst að Sjálfstæðisflokkurinn eigi að velja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem næsta borgarstjóra í Reykjavík.

Hanna Birnanytur yfirgnæfandi fylgis miðað við aðra borgarfulltrúa flokksins þar sem rúm 57 prósent vilja að hún setjist í stól borgarstjóra fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Gísli Marteinn Baldurs-son fær næst mest fylgi í skoðanakönnuninni; ellefu prósent. Það er einungis fimmtungur af stuðningnum við Hönnu Birnu.

Þá finnst liðlega átta prósentum svarenda að Sjálfstæðisflokkurinn eigi að velja Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar, sem borgarstjóra.

Tæp sex prósent vilja Júlíus Vífil Ingvarsson sem borgarstjóra og innan við fimm prósent vilja Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóra, aftur í það embætti. Er Hanna Birna því með ríflega tífalt meiri stuðning í borgarstjórastólinn en oddviti flokksins í borginni.

Könnunin var gerð af Capacent fyrir Stöð 2, 22. til 26. maí. Í úrtakinu voru tæplega 1.100 manns á aldrinum 16 til 75 ára á landinu öllu og var 53,3



NÝTUR MIKILS STUÐNINGS Hanna Birna er meðal annars núverandi formaður skipulagsráðs og varaformaður borgarráðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

prósenta svarhlutfall. Spurt var hvern svarendum fundist að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að velja sem næsta borgarstjóra Reykjavíkur.

Hanna Birna fékk einnig mestan stuðning í könnun Fréttablaðsins sem birt var 25. maí síðastliðinn. Þá sögðust 40,2 prósent borgarbúa vilja að hún tæki við sem næsti borgarstjóri Sjálfstæðisflokksins.

**Tal**

# VILTU LÆKKA SÍMREIKNINGINN?

FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ 3.990 KR. Á MÁNUÐI



**HEIMASÍMI**



**NET**



**GSM**

Ef þú kaupir allan pakkann á [www.tal.is](http://www.tal.is) færðu fyrsta mánuðinn frían.  
Frítt í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands  
og ótakmarkað niðurhal.\*

[www.tal.is](http://www.tal.is) | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | [tal@tal.is](mailto:tal@tal.is)



1 Á landamærum hvaða tveggja landa fannst áður óþekktur ættbálkur nýverið?

2 Hvað heitir kvikmyndaleikarinn sem opnaði ljósmyndasýningu í Reykjavík um helgina?

3 Hver þjálfar landslið karla í handknattleik?

SVÖR Á SÍÐU 30

Tveggja vikna ráðstefna um framkvæmd loftslagssamningsins frá Balí hefst í dag:

## Beðið eftir Bandaríkjunum

**DÝSKALAND, AP** Í dag hefst í Dýskalandi tveggja vikna ráðstefna um hlýnun jarðar, þar sem meiningin er að ríki heims fari ofan í saumana á því hvað þarf að gera til að framkvæma samkomulag sem undirritað var í Balí á Indónesíu í desember síðastliðnum.

Það samkomulag þótti marka tímamót vegna þess að í fyrsta sinn virðist sem Bandaríkin, Kína og Indland ætli að vera með í sameiginlegu átaki ríkja heims til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Nú fyrst er vinnan að hefjast fyrir alvöru,“ segir Yvo de Boer, framkvæmdastjóri loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum. Ráðstefnuna sækja meira en tvö þúsund fulltrúar frá 162 ríkjum og tugum sérfræðingasamtaka.

Ráðstefnugestir búast þó margir hverjir ekki við miklum tíðindum af þessari ráðstefnu. Það sé varla fyrr en á næsta ári, þegar ný stjórn verði tekin við í Bandaríkjunum, sem hjólin geti farið að snúast.



**YVO DE BOER** Yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum segir vinnuna nú hefjast fyrir alvöru. NORDICPHOTOS/AFP

„Það er ólíklegt að við náum miklum árangri í ár vegna þess að við þurfum skýr skilaboð frá Bandaríkjunum, og það gerist ekki fyrr en eftir kosningar,“ sagði Ian Fry, fulltrúi frá smárfkinu Tuvalu í Kyrrahafi.

- gb

Umferðarslys á Suðurnesjum:

## Bílvelta vegna ölvunaraksturs

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn eru grunaðir um ölvun við akstur eftir að þeir veltu bíl á laugar dagskvöld. Lögreglan á Suðurnesjum fékk tilkynningu um bílveltu á veginum við Vatnsleysuströnd á ellefta tímanum á laugar daginn. Þegar þangað var komið kom í ljós að mennirnir voru báðir ölvaðir. Voru þeir því fluttir í fangageymslu þar sem þeir gistu.

Þá varð tveggja bíla árekstur við Hafnargötu í Keflavík á laugar dag. Ökumaður annars bílsins stökk út úr bíl sínum og hljópst á brott. Lögregla fann hann á heimili sínu nokkru síðar.

- þeb

**Hentugt við grillið**  
- einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Á tilboði í júní 2008  
Einnota diskar, glös,  
bollar og hnifapör  
**20% afsláttur**

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

**Rv**

© WIKIPEDIA 06/08/02

## Dyraverðir óttast um líf sitt og limi

Öryggis- og dyraverðir á veitinga- og skemmtistöðum verða fyrir hótunum um ofbeldi um hverja helgi, hvort sem það er í orði eða verki. Þeir eru uggandi um sinn hag vegna aukins ofbeldis og vilja úrbætur í samstarfi við yfirvöld.

**ÖRYGGISMÁL** Dyra- og öryggisverðir eru uggandi yfir auknu ofbeldi í veitinga- og þjónustugeiranum og óttast um öryggi sitt í starfi. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju á Akureyri, segir að dyra- og öryggisverðir hafi áhyggjur af vaxandi ofbeldi og meiri vopnatakun í samfélaginu.

„Þeir eru hræddir um líf sitt og limi. Það er engin launung á því að harkan er meiri. Aukin fíkniefnaeysla þýðir að harkan hefur aukist í samskiptum og þeir eru bara að velta fyrir sér hvað hægt sé að gera til að vernda þá í starfi og hvernig eigi að taka á þessum málum í samvinnu við lögreglu og yfirvöld,“ segir Björn.

Verkalýðsfélagið Eining-Iðja stóð nýlega fyrir fundi með öryggis- og dyraverðum á Norðurlandi þar sem farið var yfir ofbeldisþróunina í veitinga- og þjónustugeiranum og öryggismál dyra- og öryggisvarða og rætt hvaða leiðir gætu verið til úrbóta.

Valdimar Gunnarsson dyraverður er einn af forsprökku fundarins og hann fjallaði um ástandið. „Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá staðreynd að ofbeldi og vopnaburður fara vaxandi í þjóðfélaginu,“ segir Valdimar í frétt á vef Einingar-Iðju og bendir á að tilgangurinn með fundinum hafi verið sá að opna umræðu um öryggismál meðal öryggis- og dyravarða.

„Þeir sem starfa við öryggis- og dyraverðslu verða fyrir ofbeldis-hótunum, hvort sem er í orði eða verki, um hverja helgi. Staðan er orðin þannig að við verðum að



**UGGANDI** Öryggis- og dyraverðir eru uggandi um öryggi sitt, sérstaklega á veitinga- og skemmtistöðum um helgar, vegna þess að harka og ofbeldi fara stöðugt vaxandi. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Peir eru hræddir um líf sitt og limi. Það er engin launung á því að harkan er meiri.

**BJÖRN SNÆBJÖRNSSON**  
FORMAÐUR EININGAR-IÐJU Á AKUREYRI

leita allra ráða til að tryggja öryggi okkar,“ segir hann og spyr hvað sé til ráða. Þar komi fræðslan sterk inn, „en er ekki þörf á að endurskoða og samræma hana sem og reglugerðaverkið?“ spyr hann og bendir á að öryggis- og dyraverðir starfi eftir mismun-

andi reglugerðum og lögum.

Á fundinum var einnig rætt um nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjanes þar sem veitingastaðurinn Strikið og dyraverður á staðnum voru dæmd til að greiða tæpar 44 milljónir króna í bætur til manns sem slasaðist á staðnum.

Málefni öryggis- og dyravarða eru til umræðu hjá Starfsgreinasambandinu. „Þetta er mála-flokkur sem við erum að skoða og við höfum fengið ábendingar um,“ segir Björn Snæbjörnsson. Dyraverðir og öryggisverðir hafa fundað undanförunu og munu halda því áfram næstu vikur. [ghs@frettabladid.is](mailto:ghs@frettabladid.is)

## Kennsluréttindanam fyrir iðnmeistara

Hagnýtt nám fyrir þá sem hafa áhuga á að kenna faggrein í framhaldsskólum eða í efstu bekkjum grunnskólans.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

[www.khi.is](http://www.khi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Umsóknarfrestur er til **5. júní** / Skráning og upplýsingar á [www.khi.is](http://www.khi.is)

Héraðsdómur telur bótaskyldu hafa myndast vegna niðurrífs gamalla hesthúsa:

## Máttu nýta byggingarefnið

**DÓMSMÁL** Verktakar á vegum Fljótshéraðs hefðu átt að gefa eigendum hesthúsa í Votahvammí kost á því að hirða byggingarefni úr húsunum eftir að þau voru rifin, í stað þess að farga þeim. Bærinn er af þeim sökum skaðabótaskyldur.

Þetta kemur fram í dómi Héraðsdóms Austurlands, sem féll 20. maí síðastliðinn. Átta hesthús voru reist á svæðinu eftir að sveitarfélagið veitti bráðabirgðaleyfi til bygginga árið 1970. Húsin voru rifin í kjölfar útburðarbeiðni sem Hæstiréttur staðfesti í apríl 2006.

Eigendur hesthúsanna stefndu sveitarfélaginu. Þeim hafði verið gert að færa húsin, en féllust ekki á það. Verktakar rifu þau í maí 2007.

Eigendurnir töldu brotið gegn eignarrétti þeirra, en á það féllst héraðsdómur ekki. Hann taldi hins vegar að gengið hefði verið of



**TRUNTUBAKKAR** Átta hesthús voru reist á lóð sem úthlutað var til bráðabirgða árið 1970. Þau hús sem ekki voru færð fyrir miðjan maí 2007 voru rifin. MYND/AUSTURGLUGGINN

harkalega fram þegar húsin voru rifin. Gefa hefði átt eigendum kost á að hirða efni sem til féll, svo sem ófúíð timbur, í stað þess að farga.

Eigendunum voru því dæmdar samtals 1,8 milljónir króna í skaðabætur, auk samtals 1,1 milljónar króna í málskostnað.

Bjarni Einarsson, einn hesthúsa-eigendanna, segist sáttur við að dómur hafi fallið þeim í vil, en ósáttur við að ekki hafi verið dæmdar bætur samkvæmt mati á verðmæti hússins. Hann segir ólíklegt að eigendur áfrýi málinu til Hæstaréttar.

- bj



# Ali



## Gott íslenskt hráefni á grillið

100% ÍSLENSKT  
Þú veist hvar það er framleitt





**KOPTAR MÓTMÆLA** Koptar á Egyptalandi efndu í gær til mótmæla gegn aðgerðarleysi stjórnvalda, sem þeim þykir ekki hafa brugðist nógu hart við stöðugum árásum múslima á sig. Koptar eru kristnir og þessi maður heldur á mynd af Abu Fana, einum dýrlingi þeirra.

NORDICPHOTOS/AP

Strangari öryggisgæsla, kaffiveitingar, dagblöðin og nettenging meðal nýmæla:

## Boðar nýja og betri tíma á Hlemmi

**REYKJAVÍK** Samgöngumiðstöðin Hlemmur hefur fengið nýja ímynd sem er afrakstur átaks sem Strætó bs. ýtti úr vör nýverið.

Hlemmur hefur lengi verið í niðurníðslu og virkað sem athvarf fyrir ógæfufólk, þannig að viðskiptavinir Strætós bs. hafa jafnvel veigrað sér við að fara inn í bygginguna. Magnús Þór Guðmundsson rekur gæslufyrirtækið Boldangur ehf. sem fengið var til þess að taka öryggismál á Hlemmi í gegn.

Magnús segir ástandmiðstöðvarinnar hafa tekið stakkaskiptum undanfarna mánuði. „Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós

bs., á í raun heiðurinn að þessu verkefni. Síðan ég tók þetta að mér hef ég eytt nánast hverri vökustund á Hlemmi og kynnt mér málin þar afar gaumgæfilega. Ég gat þannig séð út hvaða hópar það voru sem sköpuðu vandræði og komið í veg fyrir að þeir legðu Hlemm undir sig. Nú er svo komið að hér sést varla ölvaður maður lengur.“

Að sögn Magnúsar stendur til að bæta umhverfið á Hlemmi enn frekar. „Hér verður hægt að fá sér kaffi og kíkja í blöðin og að auki verður boðið upp á nettengingu, þannig að fólk þarf ekki að leiðast meðan það bíður eftir strætó.“ - vþ



**MÍÐPUNKTUR ALMENNINGS-SAM-GANGNA** Hlemmur er aðalskiptistöð Strætós bs.



**ÖRYGGISVÖRÐURINN** Magnús Þór Guðmundsson hefur eytt nánast hverri vökustund á Hlemmi að undanförunu til að kynna sér málin rækilega.



**ÞYKKUR REYKJARMÖKKUR** Erfiðlega gekk að halda eldinum í skefjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldur í Los Angeles:

## Mikið tjón í kvikmyndaveri

**BANDARÍKIN, AP** Gríðarmikill bruni varð á baklóð kvikmyndaversins Universal í Los Angeles í gær.

Heilu sviðsmyndirnar gjör-eyðilögðust, þar á meðal klukkuturninn úr kvikmynda-röðinni Aftur til framtíðar og eftirlíking af New York sem notuð hefur verið í mörgum kvikmyndum.

Einnig eyðilagðist gríðarmikil King Kong-sýning, sem hefur verið vinsæl hjá ferðamönnum, og mikið myndbandasafn með yfir fjórutíu þúsund myndum.

Þykkur reykjarmökkur barst frá kvikmyndaverinu og um tíma voru þyrlur notaðar til að varpa vatni á eldinn. Meira en 100 slökkviliðsmenn voru sendir til að ráða niðurlögum eldsins, en hann logaði glatt lengi dags þótt á endanum tækist að stöðva útbreiðslu hans.

- gb

## Umferð í stökk við nýja tónlistarhúsið

Hluti Geirsgötu fer í stökk við tónlistar- og ráðstefnuhús sem nú er í byggingu. Markmiðið er að draga úr bílaumferð við bygginguna. Vilji er í starfshópi borgarinnar til að tengja stökkinn við annan áætlaðan stökk undir Mýrargötu.


**SAMGÖNGUR** Hluti Geirsgötu við nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið fer í stökk og er áætlað að framkvæmdum ljúki árið 2010. „Markmiðið er að gera þetta umhverfi meira aðlaðandi en það hefði verið með hraða og mikla bíla-umferð á brú, með tilheyrandi hávaðamengun og svifryki,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs.

Gísli var einnig formaður starfshóps sem vann að skipulagi umferðarmannvirkja við húsið og segir hann hópinn hafa komist að þessari niðurstöðu.

Áætlað er að stökkurinn opnast Sæbrautarmegin, fyrir framan sjávarútvegsskráðuneytið og aftur á Geirsgötunni við Tollstjórahúsið. Í stökkunum verði tvær akreinar í hvora átt. „Þetta er allt í hönnun núna en er mjög líklegt að verði niðurstaðan,“ segir Gísli.

Hins vegar hefur lengi verið talað um að hafa stökk undir Mýrargötunni sem er aðeins vestar og hefur það verið tengt Mýrargötuskipulaginu. Gísli segir talað um að sá stökkur komi upp í Ánanaustum en að það sé vilji hópsins að þessir tveir stökkar tengist saman svo gangamunnar þyrftu ekki að vera til móts við höfnina.

„Gangamunnar eru aldrei skemmtilegir,“ segir Gísli en



**HUGMYND AÐ STÖKK VIÐ TÓNLISTARHÚSIÐ** Akandi umferð verður beint í stökk við tónlistarhúsið svo það verði ekki skorið frá miðborginni með stórrum umferðargötu.

MYND/PORTUS

áréttar að gert hafi verið ráð fyrir gangamunna vegna bíla-stæðahúss sem verður neðan-jarðar við tónlistarhúsið.

Nú sé fyrst og fremst verið að horfa á aðgengi fyrir framan tónlistarhúsið. „Þarna munum við vonandi tengja tónlistarhúsið betur við miðborgina og gera meira úr þeirri verslun sem þarna á að vera svo ég held að þetta sé að öllu leyti góð niðurstaða.“

Gísli segir þann stökk sem nú sé rætt um tiltölulega stuttan og

vegna bílakjallarans sé um tiltölulega ódýra framkvæmd að ræða. Endanlegur kostnaður liggja þó ekki fyrir.

Allir flokkar í borgarstjórn áttu aðkomu að starfshópnum og segir Gísli niðurstöður hópsins hafa verið kynntar í umhverfis- og samgönguráði og í skipulagsráði. Hópurinn var skipaður af borgarstjóra sem mun sjálfur leggja tillöguna fram í borgar-ráði til samþykktar. „Það er sátt um þessa niðurstöðu,“ segir Gísli að lokum.

olav@frettabladid.is

## Viggo Mortensen vinsæll: Renna út sem heitar lummur

**MENNING** Mikill áhugi var meðal almennings á sýningu ljósmyndarans og leikarans Viggo Mortensen í gær. Mortensen opnaði sýningu sína í Ljósmyndasafni



**VIGGO MORTENSEN**

Reykjavíkur á laugardag og komu 1.600 manns leið sína á sýninguna þann daginn.

Þegar sýningar-salurinn var opnaður í gær höfðu 102 af 110 myndum Mortensens

selst. Þrjár myndir seldust svo í gær. „Að auki höfum við fengið fjölda fyrirspurnar varðandi eftirprentanir, þannig að það er mikið áhugi fyrir þessum myndum,“ segir Svava Lóa Stefánsdóttir, starfsmaður safnsins. Hún bætir við að fleiri myndir eftir Mortensen bætist við á vef safnsins innan skamms og verði einnig til sölu. - vþ

Grunur um morð í Noregi:

## Lík fannst á kaffihúsi

**NOREGUR** Lík óþekktis manns fannst á kaffihúsi í bænum Follidal í Noregi í gærmorgun. Samkvæmt dagblaðinu Aftenposten telur lögreglan að um morð sé að ræða þar sem greina mátti ummerki um átök. Lík mannsins fannst þegar starfsfólk kom til vinnu og því er talið að maðurinn hafi brotist inn um nóttina.

Ekki hafði tekist að bera kennsl á líkið í gær en maðurinn var ekki á meðal fastagesta. Starfsfólkið naut áfallahjálpar eftir líkfundinn. Því finnst erfitt að snúa aftur til vinnu eftir þennan atburð. - vþ



# Langar þig í háskólanám en ert ekki með stúdentspróf?

Eftir eitt ár á Háskólabrú Keilis getur þú hafið næstum hvaða háskólanám sem er. Umsóknarfrestur rennur út 13. júní.



**Keilir**  
Atlantic Center  
of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - Sími: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

# Panasonic JVC TOSHIBA

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRÐUM



**Panasonic TX32LM70F**  
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ** ▶ **99.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



**Panasonic TH42PV70F**  
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 p.uppl., V-Real 2 Engine, Advanced 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive, 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ** ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 219.990



**Panasonic TX37LZD70F**  
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ** ▶ **229.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



**Toshiba 37C3000PG**  
37" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., ActiveVision myndkerfi, Active Backlight kerfi, 9000:1 Dyn. Contrast, 8 ms svartími, 10 Bit Processing, HD Ready, DCDI Farouðja Prog. Scan, 3D Color System, 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component ofl.

**VERÐ** ▶ **129.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**Toshiba 42C3001PG**  
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 8ms svart., Farouðja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

**VERÐ** ▶ **149.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**Toshiba 42C3530DG**  
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Farouðja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

**VERÐ** ▶ **169.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**JVC LT37DA8**  
37" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjólgar línum og punktum, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 6ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 12w RMS MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartt., VGA tengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990



**JVC LT42DS9**  
42" DynaPix Full HD LCD BREIÐTJALD Super-Slim (bykk: 7,4 sm) með 1920x1080 punkta upplausn, HD Ready, 7.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T móttakara, 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymarttölstengi, textavarp ofl.

**VERÐ** ▶ **279.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**JVC LT47DV88G**  
47" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með DynaPix HD og D.I.S.T., 1920x1080 p. uppl., 100Hz Clear Motion Drive II, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 8ms svart., True 10-bit IPS Panel, innb. DVB-T mótt. 20w RMS MaxxAudio, 2 Scart (RGB), 3 HDMI (CEC), VGA, XGA tengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** ▶ **349.990**

FULLT VERÐ kr. 429.990



**JVC**

JVC ER OPINBER  
STYRKARADILI  
EM 2008



1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)



UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍK/KURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsjón, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirningabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



**MÓTMÆLTU STÆKKUN HEATHROW**  
Um helgina kom hópur fólks saman við Heathrow-flugvöll í London til að mótmæla enn frekari stækkun vallarins. Hugmyndir eru um að leggja nýja flugbraut og bæta við sjöttu flugstöðvarbyggingunni. NORDICPHOTOS/AP

Matvælastofnun sendir innflytjendum og matvælaframleiðendum orðsendingu:

## Kínversk litarefni í mat bönnuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Algjört bann hefur verið sett við dreifingu á tilteknu litarefni, sem framleitt er í Kína, svo og notkun þess í matvælaframleiðslu hér á landi.

Herdís M. Guðjónsdóttir, sérfræðingur í inn- og útflutningsmálum á Matvælastofnun segir vitað til þess að litarefnið sé í einhverjum tilvikum notað í unnum matvælum hér, en nú sé komið á algjört bann við innflutningi á því. Ekki verði þó gripið til innköllunar á þeim matvælum sem innihaldi efnið og séu þegar komin á markað.

„Þess ber þó að geta að alls ekki öll matvælaframleiðendur nota þetta litarefni, heldur einungis hluti



**UNNAR KJÖTVÖRUR** Bönnuðu litarefnið eru notuð í unnar kjötvörur.

þeirra,“ segir Herdís. „Önnur fyrirtæki nota litarefni sem eru viðurkennd í matvælaframleiðslu.“

Efnið sem um ræðir er framleitt með sveppagerjun á hrísgrjónasterkjú og er kröftugt rautt litarefni. Það er framleitt í Kína, eins og áður segir, en dreifingaradilar í Evrópu eru meðal annars frá Hollandi, Þýskalandi og Austurríki.

Í orðsendingu sem Matvælastofnun hefur sent innflytjendum og matvælavinnslum í landinu segir að einungis megi nota litarefni sem eru viðurkennd í matvælaframleiðslu og eru merkt með E-númerum.

Lögregluþjónn stökk í sjóinn:

## Kom í veg fyrir sjálfsmorð konu

**DANMÖRK** Lögreglumaður kom í veg fyrir að kona drekkti sér á aðfaranótt sunnudags með því að kasta sér á eftir henni í sjóinn og koma henni á þurr land.

Atburðurinn átti sér stað við höfnina í Árósum samkvæmt frétt í dagblaðinu Politiken.

Lögreglumaðurinn vaktaði skemmtistað við höfnina þegar hann sá konuna kasta sér í sjóinn. Hann klæddi sig umsvifaust úr einkennisbúningnum og steypiti sér til sunds á eftir henni og bjargaði þar með lífi hennar. Bæði konunni og lögregluþjóninum heilsast vel þrátt fyrir volkið í köldum sjónum.



**GRÆN Í RAUÐU** Merkel kanslari í Bonn ásamt Sigmar Gabriel, umhverfisráðherra Þýskalands, og Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verndun „lungna jarðar“:

## Merkel heitir milljarðastyrk í verndun skóga

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lýsti því yfir á alþjóðlegri ráðstefnu um vernd lífríkis jarðar sem staðið hefur yfir í Bonn frá því í síðustu viku, að þýsk stjórnvöld hefðu ákveðið að verja hálfum milljarði evra, andvirði 57,5 milljarða króna, á næstu fjórum árum til að styrkja aðgerðir til verndar skógum heimsins, og öðru eins árlega eftir það.

Merkel sagði að bráðanaudsyn bæri til að hindra eyðingu skóga og dýralífs. Hún skoraði á önnur ríki heims að leggja þessum aðgerðum lið; það væri „góð fjárfesting í sameiginlegri framtíð okkar“.

# Mikil gleði í stórrí veislu

Hafnfirðingar fjölmenntu í miðbæinn í gær til að fagna hundrað ára afmæli bæjarins.

**HAFNARFJÖRÐUR** Haldið var upp á hundrað ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðarbæjar með pompi og prakt nú um helgina. Hátíðin hófst á fimmtudag en náði hámarki í gær þegar meðal annars voru haldnir glæsilegir úti- tónleikar á Ásvöllum þar sem Kammersveit Hafnarfjarðar og Símfóníuhljómsveit Norðurlands leiddu saman hesta sína. Auk þess var afmælisgestum boðið upp á 100 metra langa súkkulaðiköku í Strandgötu.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segist hæst-ánægður með afmælið. „Við ákváðum að við vildum halda upp á afmælið af myndarskap og stolti, enda verður bærinn aðeins einu sinni hundrað ára. Mér þykir sérlega ánægjulegt hversu duglegir Hafnfirðingar hafa verið að taka þátt í hátíðarhöldunum; það sýnir að þeim þykir vænt um bæinn sinn.“

Sem gefur að skilja er vegleg afmælishátíð sem þessi heldur dýr. Lúðvík segir hana þó hvefarr krónu virði. „Kostnaðarramminn í kring um viðburði fyrir allt afmælisárið er 130 milljónir og hefur hann staðist. Fram undan eru svo fleiri viðburðir í tengslum við afmælið, þannig að það eru stanslaus hátíðarhöld hér í bæ.“

vigdis@frettabladid.is



**ENDALOUS KAKA** Afmælisakka Hafnarfjarðarbæjar var sannarlega löng og girnileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HVERNIG BRAGDAST?** Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, gefur Dorrit Moussaieff kökubita.

**LIST Á GÖTUM** Úti Bærinn var fagurlega skreyttur, gestum til mikillar ánægju.



**ÓLÍKIR TÍMAR** MÆTAST Gamlar ljósmyndir prýddu hafnfirsku húsgafla í tilefni afmælisins.



## EINS OG NÝR (KOSTAR BARA MIKLU MINNA)

### VW Touareg V6 TDI

Sjálfskiptur / Leðurinnrétting / Loftpúðafjöðrun  
Lykillauast aðgengi / Xenon ljós / Ekinn 36.000 km  
Dráttarbeisli / Aurhlífar / Fjarlægðarskynjarar  
Krómlistapakki / Skráningardagur 29.09.2005

Tilboð: 5.850.000,-

Volkswagen Touareg er stór og kraftmikill en hljóðlátur svo af ber. Skemmtilega jafnvígur á malbiki og utan vega og aukabúnaðurinn er ríkulegur. Komdu og skoðuðu þennan og fleiri frábæra lúxusbíla í Bílaþingi Heklu, Laugavegi 174.

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga



Laugavegi 174 | sími 590 5040  
www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is



**BÍLAÞING HEKLU**



„Íslensk blóm  
eru harðgerðari,  
kröftugri og ferskari.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.  
**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

**íslenskar**  
garðplöntur



Mikil og margbrotin gerjun á stjórn málasviðinu:

## Pólitísk skjálftavirkni

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Jörð hefur skolfið á Suðurlandi síðustu dægri með þeim hætti sem eftir er tekið og fært verður í sögubækur. Þegar slík tíðindi verða stendur öll þjóðin saman sem einn maður og hugur allra er hjá þeim sem orðið hafa fyrir áfalli. En það skelfur víðar en á Suðurlandi, þótt í óeiginlegri merkingu sé, og nýjar skoðanakannanir á fylgi stjórn málaflokkanna á landsvísi og í borgarstjórn Reykjavíkur benda til viðvarandi skjálftavirkni í íslenskum stjórn málum. Má raunar fullyrða, að ekki hafi í annan tíma átt sér stað jafn mikil og margbrotin gerjun á hinum pólitíska vígvelli og einmitt nú. Þjóðarpúls Gallup sýnir þannig forvitnilega þróun í fylgi ríkisstjórnarflokkanna. Samfylkingin bætir umtalsvert við sig og er komin nokkuð yfir kjörfylgi. Á sama tíma tapar Sjálfstæðisflokkurinn nokkru fylgi. Ríkisstjórnin nýtur enn stuðnings meirihluta landsmanna, eða 56 prósent, sem er þó talsvert lægra en þegar hún var mynduð, þegar hvorki meira né minna en áttatíu prósent þjóðarinnar lýsti stuðningi við hana og þótti þá tíðindum sæta.

Staða stjórnarandstöðuflokkanna er ekki síður hnýsileg. Enn sem fyrr sýnast Vinstri grænir sækja fylgi óánægðra úr ýmsum flokkum milli kosninga og styrkjast umtalsvert. Að mörgu leyti er það ekki óeðlilegt hjá öflugum stjórnarandstöðuflokki við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, þar sem ríkisstjórnin er í margvíslegri vörn með réttu eða röngu vegna aðsteðjandi efnahagsvanda. Að sama skapi hlýtur að teljast umtalsvert pólitískt afrek hjá forystumönnum Framsóknarflokks og Frjálslyndra að tapa fylgi í könnunum milli mánaða við þessar aðstæður og bendir það ekki til þess að þeir hafi fundið flokkum sínum nýtt og brýnna erindi að breyttum breytanda. Bæti stjórnarandstöðuflokkar ekki við sig fylgi við aðstæður sem þessar er vandséð hvenær slík þróun getur átt sér stað yfir höfuð.

Vitaskuld er aðeins stutt liðið á kjörtímabilið og því langt til kosninga, en samt hlýtur að fara um þá sem fengið hafa skýr skilaboð í umræddum skoðanakönnunum. Hvernig ætla sjálfstæðismenn að bregðast við verstu fylgistöllum í sögunni þegar kemur að borgarstjórn? Sýnist sókn formanns Framsóknarflokksins á fornar slóðir ætla að bera tilætlaðan árangur? Hver verða viðbrögð annarra flokka við því að Samfylkingin er við það að mælast með hreinan meirihluta í borginni og eflist mjög að burðum í landsmálanum sömuleiðis? Verður það máski til þess að fleiri viðri sjónarmið sín um Evrópusambandsaðild, sem Samfylkingin hefur setið ein að um nokkra hríð? Munu Evrópusinnar í öðrum flokkum jafnvel hugsa sér til hreyfings í auknum mæli?

Ekki leikur á tveim tungum að Evrópumálin og spurningin um aðild að myntbandalagi Evrópu munu vega þyngra í umræðunni á næstu vikum og mánuðum, eftir því sem þrengja tekur í heimilisbókhaldi landsmanna og fyrirtækjanna okkar. Um leið mun aukast spurn eftir félagslegri velferð og auknu réttlæti, þegar sífellt fleiri finna hvar skórinn krepur. Þeim stjórn málaöflum sem tekst að sinna þessu kalli við breyttar aðstæður mun áreiðanlega vegna vel. Hinir, sem ekki skynja samtíma sinn, eiga á hættu að þrjúta örendi í pólitísku tilliti og falla að lokum í gleymiskunnar dá.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Kerfið virkaði

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra fór lofsamlegum orðum um Tetra-fjar-skriptakerfi björgunar- og viðbragðsaðila í Suðurlandsskjálftunum fyrr í vikunni. Á fundi með blaðamönnum sagðist hann glaður geta sagt að engin vandræði hefðu komið upp með fjarskripti björgunaraðila, utan þess að sjúkrahúsin hefðu verið utan sambands enda ekki tengd hinu góða Tetra-kerfi. Nú væri ríkisstjórnin hins vegar búin að ákveða að veita fé til þess að tengja mætti sjúkrastofnanir með Tetra svo starfsmenn og stjórnendur þar mættu í framtíðinni vera með á nótnum.



#### Öll vötn til Orkuveitunnar

Björn hefur þó ekki alltaf verið jafn hrifinn af Tetra-kerfinu eins og lesa má í færslu sem hann skrífur á heimasíðu sína 15. febrúar 2004. Þá var Tetra hluti af pólitískri umræðu um Orkuveitu Reykjavíkur sem sjálfstæðismenn, með Björn sjálfan í broddi fylkingar, sökuðu R-lista-flokkana um að vanstyra þvert á hagsmuni Reykjavíkinga.

#### Tetra-væddir

Dómsmálaráðherrann og heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, hljóta því að hafa andanótt léttar þegar í ljós kom síðastliðinn fimmtudag að Tetra, sem þeir fjórum árum áður gagnrýndu, virkaði. Enda núna komnir í aðra stöðu, þeirra flokkur kominn til valda í borginni og Orkuveitunni og Guðlaugur Þór orðinn ráðherra heilbrigðisstofnanna sem nú stendur til að „Tetra-væða“.



olav@frettabladid.is

## Greining og hættumat

Kjartan Ólafsson hefur farið fram á það við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að hann biðjist fyrir hönd ríkisins afsökunar á því að sími Kjartans og annarra var hleraður á sínum tíma. Björn hefur svarað því efnislega svo að dómur sögunnar sé fallinn. Kjartan og allt hitt fólk hafi átt hleranirnar skilið.

Rétt eins og nafnbótin dómsmálaráðherra veiti vald til að fella þann dóm.

#### Das Leben der Anderes

Í blaði var haft eftir Birni í umræðum á alþingi um þessar símhleranir að hann sjálfur vissi meira um þessi mál en aðrir þátttakendur í umræðunni því hann hefði kynnt sér þau svo vel. Málshefjandi umræðunnar var Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. Þegar hann var eins árs var síminn hleraður heima hjá foreldrum hans, Úlfi og Helgu Hjörvar 1968, en lengra ná gögn um þessar njósnir ekki. Meðan mamma hans eða pabbi hafa verið að segja nákomnum ættingjum frá stráknum sínum þá hefur setið á Lögreglustöðinni óvandabundinn fjanmaður og hlustað og skrifað skýrsla handa þeim sem allt þurfti að vita, búinn að hreiðra um sig í lífi fjölskyldunnar eins og ókunn óværa. Svo hefur hann farið að hlusta á Arnar Jónsson tala við pabba sinn eða Finnboga Rút tala við tengdason sinn...

Við þekkjum þessa afkáralegu sítúasjón úr þýsku myndinni Das Leben der Anderes þar sem segir frá hlerunum í Austur-Þýskalandi en Björn Bjarnason hefur einmitt sakað Kjartan Ólafsson um tengsl við það ríki í málsvörn sinni. Samt er það svo að það eru aðgerðir sjálfstæðismanna sem líkjast aðferðum austur-þýsku kommúnistanna. Hlutskipti Kjartans er andófsmansins.

Í svari sínu segir Björn Bjarnason efnislega við Helga Hjörvar: sökum yfirburða þekkingar



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Hlerunarmálið

minnar á þessum málefnum veit ég að foreldrar þínir voru hættulegir þjóðaröruggi. Þau voru glæpamenn. Þau voru sambærileg við hryðjuverkamenn nútímans. Þau fyrirgerðu rétti sínum til einkalífs. Þú og þitt fólk eigið ekki tillit til sömu mannréttinda og ég og mitt fólk. Dómur sögunnar er fallinn: við höfðum rétt fyrir okkur, þið rangt.

#### Var Arnar Jónsson terroristi?

Við búum sem sé við dómsmálaráðherra sem ber ekki skynbragð á lýðrættindi borgaranna og telur glæpsamlegt að hafa aðrar stjórn mála skoðanir en hann sjálfur. Og fólk með rangar skoðanir lítur hann á sem annars flokks borgara. Erfitt er að una því að ráðherra með slíkar ranghugmyndir sitji í skjóli Samfylkingarinnar.

Í svari sínu verður Birni tíðrætt um hina svokölluðu „hættu á hryðjuverkum“ sem reynst hefur eftirlitssinnuðum ráðamönnum eins og honum sannkölluð himnasending. Þar með leggur hann að jöfnu sjálfsmorðssprengjumenn nútímans og til dæmis Arnar Jónsson og Þórhildi Þorleifsdóttur. Erfitt er að styðja ríkisstjórn sem felur manni með slíka sýn á meðborgara sína að hafa yfirumsjón með eftirliti og öryggi.

Kannski mun sagan dæma störf til dæmis Lúðvíks Jósepssonar. Kannski var hann of bjartsýnn í skuttogaræðinu, og kannski hélt hann að Íslendingar myndu ganga vel um auðlindina þegar hann hafði forystu um útfærslu

landhelginnar í tíð fyrri vinstri stjórnarinnar. En hann var ekki óþjóðhollur maður. Sími Lúðvíks var hleraður árið 1961, eftir að hann hafði gegnt ráðherradómi og knúð fram útfærslu landhelginnar. Þetta var á þeim tíma þegar sjálfstæðismenn voru að semja við Breta og Þjóðverja um lyktir landhelgismálsins og binda hendur Íslendinga í því máli.

Í því ráðabruggi var Lúðvík helsti andstæðingur stjórnarinnar og fráleitt annað en að tengja hleranirnar því. Sem sé: pólitískar njósnir um andstæðing og áform hans.

Finnbogi Rútur er almennt talinn hafa verið lykilmáður í alls kyns brúarsmíði í pólitíkinni. Sími hans var hleraður og þar með hefur Bjarni Ben. eflaust fengið ýmsar ómetanlegar upplýsingar. Áftur: ríkisvaldinu beitt í þágu eins flokks.

#### Greining og hættumat hvers?

Í ræðu sinni á alþingi lagði Björn Bjarnason megináherslu á samhengið í njósnastarfsemi lögreglunnar, hún starfi eins í dag og hún gerði þá: „Lögregla skipuleggur aðgerðir í samræmi við greiningu og hættumat“, segir hann af marskálkslegum myndugleik. Þessi ummæli hljóta að vekja ugg. Er hættumatíð og greiningin eins og þegar síminn var hleraður hjá Úlfi Hjörvar? Ætli síminn sé ekki enn hleraður hjá Ragnari Arnalds? Verða Björn og Haraldur Johannesen ekki að fá að vita „í samræmi við greiningu og hættumat“ hvað Steingrímur J. og Katrín Jakobsdóttir eru að bralla? Má ekki ganga út frá því sem vísu að sími Stefáns Pálssonar sé hleraður? Árni Finsson, Guðmundur Páll Ólafsson og aðrir forystumenn náttúruverndarfólks – eru þeir ekki þjóðhættulegir að mati Björns? Er Ingibjörgu Sólrúnu treystandi?

Sennilega er tímabært að fram fari „greining og hættumat“ á störfum dómsmálaráðherrans.

## Flugvöllurinn fari og veri

#### UMRÆÐAN

Flugvallarmál

Um daginn skrapp ég til þeirrar skemmtilegu kanadíska borgar Toronto, þar rann upp fyrir mér lausn á seigdrepani flugvallarþráteflinu í Reykjavík. Við verðum að finna leið út úr þessu þrasi. Stór hópur fólks sættir sig ekki við að flugið færst til Keflavíkur. Jafnstór hópur vill ekki sjá umul af flugvelli í Vatnsmýri. Það verður engin sátt um annan hvorn kostinn í nánustu framtíð. Hólmshéiðin og Löngskerin eru ekki að gera sig. Það tapa allir á stórstyrjöld um þetta mál. Það þarf lausn.

Nýr flugvöllur Toronto er í Keflavíkurfjarlægð frá borginni. En á rífi nálægt miðborginni er lítill flugvöllur frá gamalli tíð með áherslu á lítill. Þetta er stutt flugbraut og önnur skáhallt á hana og búið. Tekur sáralítið pláss. Engin risavaxin „samgöngumidstöð“. Engin auð flæmi allt í kring. Tekur ekki nema brotabrot af svæðinu sem fer undir Reykjavíkurflygð. Ég þykist vita að eitt og annað sé ekki sambærilegt með þessum tveimur völlum og



HJÖRLEIFUR SVEINBJÖRNSSON

notkuninni á þeim en munurinn á landnýtingunni er ótrúlegur.

Ég er fylgjandi því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni – fyrir því liggur líka niðurstaða úr allsherjaratkvæðagreiðslu meðal borgarbúa – og ég held að hann geri það á endanum. Þangað til legg ég Toronto-hugljómunina í púkkið: Völlurinn taki ekkert pláss umfram nauðsyn. Þá þarf líka að gera betur en í tillögu sem til er um minnkaðan flugvöll. Kannski er hægt að efna til samkeppni þar sem sá eða sá vinnur sem kemst af með minnsta plássíð og sýnir fram á minnsta raskið? Líka upplagt að nýta vannýtta Perluna undir flugstöð eins og einhver hefur bent á. Þá verður líka hægt að klára að skipuleggja Vatnsmýrina. Flugvöllurinn atarna verði fyrir sjúkraflyg og áætluarflug innanlands. Einkapötur, hobbirellur og allt annað flug fari til Keflavíkur eða upp á Sandskeið.

Svo þegar hraðtenging við Keflavík verður orðin að veruleika í framtíðinni minnkur þörfin fyrir þann litla í Vatnsmýrinni. Þá kemur að því að hægt verði að leggja hann niður, án þess að það þurfi að troða þeirri ákvörðun ofan í kokið á neinum.

Höfundur er lausamaður.



# Til hamingju strákar



Kaupping hefur með stolti stutt við bakið á íslenska landsliðinu í handbolta og mun halda því áfram.

*Áfram Ísland*

PÉTUR SIGURGEIRSSON BISKUP  
ER 89 ÁRA.

„Brýnasta verkefnið sem fyrir liggur er að jafna rétt manna til lífsins og koma á meiri jöfnuði á kjörum þeirra.“

Hr. Pétur Sigurgeirsson var biskup Íslands frá árinu 1981 til 1989.

## tímamót



PETTA GERÐIST 2. JÚNÍ 1956

## Elvis sýndi djarfan dans

Pennan dag árið 1956 kynnti Elvis Presley smáskífu sína Hound Dog í sjónvarpsþætti Miltons Berle í Bandaríkjunum. Elvis hneykslaði marga áhorfendur þegar hann dansaði með kynþokkafullum mjadmahnykkjum en ungu stúlkurnar heilluðust.

Þessi framkoma olli miklu fjölmiðlafári og aðrir spjallþáttastjórnendur, þar á meðal Ed Sullivan, formæltu henni. Sullivan sór þess dýran eið að Elvis kæmi aldrei í þáttinn til sín. Um haustið fór það þó svo



að Elvis var gestur hans í þrjú skipti en í upptökunum var þess gætt að mynda einungis efri hluta líkama söngvarans.

Elvis byrjaði að hljóðrita lög árið 1953 þegar hann var átján ára. Hann vann þá í raftækjabúð í Memphis og í hádegishléi sínu tók hann upp tvö lög í tilefni af afmæli móður sinnar. Afgreiðslumaður í

stúdíóinu varð svo hrifinn að hann fór með upptökurnar til Sam Phillips sem gerði plötusamning við Elvis sama ár.

### MERKISATBURÐIR

- 1541 Ögmundur Pálsson, síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti, er handtekinn og fluttur nauðugur úr landi en deyir á leiðinni.
- 1875 Alexander Graham Bell hringir í fyrsta sinn úr síma.
- 1896 Guglielmo Marconi fær einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni, útvarpinu.
- 1934 Jarðskjálfti norðanlands veldur miklum skemmdum á Dalvík og nágrenni.
- 1957 Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna er opnað í Reykjavík.
- 2004 Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sýnjar fjölmiðlafrumvarpinu staðfestingar.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Emil Ragnarsson**

Seiðakvísl 29, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 30. maí síðastliðinn. Hann verður jarðsunninn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 5. júní kl. 13.00.

Birna Bergsdóttir

Kristín Emilsdóttir

Sólveig Berg Emilsdóttir

Ragnar Emilsson

Bergur Már Emilsson

Eva María Emilsdóttir

Helgi G. Björnsson

Guðmundur Árnason

Hildur Hrólfssdóttir

Helena Dögg Hilmarsdóttir

Karl West Karlsson

og barnabörn

Gunnlaug Hanna Ragnarsdóttir

Brynja Ragnarsdóttir

Ragna Kristín Ragnarsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Árnason**

áður til heimilis að Brekkugerði 34 Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. maí, 2008. Útförin fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 2. júní kl. 15.00.

Árni Árnason

Aðalsteinn Árnason

Helga Lára Guðmundsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Þórný H. Eiríksdóttir

Björn Guðmundsson

Lúdvíg Lárusson



INGA RAGNARSDÓTTIR VIÐ HRINGRÁS Verkið skírskotar til margra þátta, meðal annars upphaf lífsins og endi og alls þar á milli.

MYND/SKESSUHOVN.

INGA RAGNARSDÓTTIR MYNDLISTARKONA: ÚTILISTAVERK VÍGT Á AKRANESI

## Táknrænt fyrir lífið og starfið innan sjúkrahússins

Fyrsta útilistaverk Ingu Ragnarsdóttur myndlistarkonu hér á landi var vígt í gær við sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Akranesi og var vígslan hluti af sjómanna dagshátíðahöldum Skagamanna. Verkið nefnist Hringrás og var valið eftir samkeppni á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna.

„Ég hugsaði auðvitað um það sem gerist á sjúkrahúsinu þegar ég hóf undirbúning verksins. Upphaf lífsins og endi og allt þar á milli. Þessi hringrás varð þemað og vatnið í verkinu táknar hana,“ segir Inga þegar hún er spurð út í tilurð listaverksins. Hún minnir á að vatn hafi lækningamátt eins og heilsulindir séu dæmi um og lífsins vatn sé nefnt í hinni helgu bók. „Svo þykir lækjarniður róandi og góður fyrir sálina og það var líka hugmyndin á bak við það að nota vatnið,“ segir listakonan.

Inga heitir fullu nafni Inga Sigríður og er dóttir Ragnars Kjartanssonar myndhöggvara og Katrínar Guðmundsdóttur. Hún er uppalin í Reykjavík en hefur búið að mestu í Þýskalandi síðustu áratugi. Inga segist vera myndhöggvari af gamla skólanum þar sem

áhersla sé lögð á handverkið. Hún á verk á ýmsum opinberum söfnum meðal annars Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Bæverska ríkislistasafninu. Einnig verk á opinberum vettvangi í München, Düsseldorf og í bænum Kempen, þar sem hún er búsett. Hún er mjög ánægð að nú skuli hennar fyrsta útverk vera komið upp hér á landi.

Hringrás er í tveimur hlutum. Annars vegar er fjögurra metra há, klofin súla með fjórum stöllum, þar sem fjórir fossar steypast niður og Inga segir þrepin tákn fyrir þrepin í lífinu. Hins vegar er snigill sem hringar sig um vatnsflauminn þar sem hann rennur að nýju niður í jarðlögin og inn í hina eilífu hringrás vatnsins. „Í kinnverski heimspeki er snigill tákn fyrir eilífðina,“ segir Inga. „Súlan er klofin, það er vatnið sem hefur unnið á henni því tím-inn vinnur á efninu. Ég hugsa mér að vatnið sé búið að kljúfa klettana eins og í giljum landsins okkar. Hallinn á verkinu táknar líka hallann á jarðskorpunni. Þannig skírskotar það til hinna öflugra krafta sem eru í jörðinni. Um leið finnst

mér spennandi að láta vatnið vera línu á móti þessum halla því að það fellur alltaf lóðrétt ef það fýkur ekki til og súlurnar eru vatninu viss hlíf við vindinum.“ Inga segir hér um að ræða einn af tæknilegustu gosbrunnum á landinu því rennslinu í brunnum sé stýrt af vindmæli. „Hinn ótrúlega hæfileikaríku tæknimenn sjúkrahússins eiga heiðurninn af skipulagningu og vinnu við uppsetningu verksins,“ segir hún.

Verkið er steypit í brons, rúmírfjórir metrar á hæð og er tonn að þyngd, að sögn listakonunnar. Tjarnirnar eru lagðar sjávargrjóti, með steinsteypum ramma í kring. „Grjótið er úr fjörunni á Akranesi og steypan er líka framleidd í bænum. Vatnið seytlar á milli steina, þannig er reynt að líkja eftir náttúrunni eins og hægt er innan þessa ramma,“ lýsir hún.

Þess má geta að Listskreytingarsjóður ríkisins og Orkuveita Reykjavíkur lögðu stærsta framlagið til verksins en auk þeirra komu að fjármögnun þess Landsbankinn, Glitnir, BM Vallá hf., Sementsverksmiðjan hf. og Akranesbær. gun@frettabladid.is

## Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhóla 1

• 110 Reykjavík

• Sími: 566 7878

• Netfang: rein@rein.is



Fallegir legsteinar  
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
www.englasteinar.is

## Fimmtán ára afmæli fagnað í Rimaskóla

Glæsileg afmælishátíð var haldin í Rimaskóla föstudaginn 30. maí í tilefni af fimmtán ára afmæli skólans. Skólahljómsveit Grafarvogs undir stjórn Einars Jónssonar og þjóðlagasveit Tónlistarskóla Grafarvogs undir stjórn Wilmu Young spiluðu á hátíðarsvæðinu. Síðan tók við tveggja tíma skemmtidagskrá nemenda í ípróttahúsi skólans þar sem meirihluti krakk-

anna sýndi hæfni sína í tónlist og söng. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður Menntaráðs Reykjavíkur, var heiðursgestur afmælishátíðarinnar og skemmti hann sér konunglega að eigin sögn. Júlíus hélt ávarp og færði skólanum myndarlegan blómvönd. Helgi Árnason, skólustjóri frá upphafi skólans, flutti ávarp og rifjaði upp fyrstu verk sín í starfi skólustjóra sem voru


meðal annars að velja skólanum ein-kunnarorð og láta hanna merki skólans, verk sem ennþá standa í fullu gildi. Íslandsmeistarar Rimaskóla í skák buðu gestum upp á tafl og í hátíðarsal Rimaskóla var einstaklega glæsileg sýning á verkefnum nemenda í myndlist, textíl og smíði og bæði nemendur, foreldrar, kennarar, aðrir starfsmenn skólans og gestir skemmtu sér hið besta.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



**Runnar** eru yfirleitt ótrúlega fljótir að spretta þegar þeir taka við sér á vorin. Þó að júní sé rétt að byrja er alveg kominn tími á að snyrta þá sem mest hafa vaxið.



**Gluggana** er alveg tilvalið að þvo að innan sem utan á þessum árstíma þegar vel hlýtt er orðið í veðri. Síðan er bara að njóta þess að horfa út um þá tanderhreina.

**Merkingar** eru mikilvægar og nauðsynlegt að útidyrhurðir og póstlúgur séu vel merktar íbúum heimilisins. Annars er töluverð hættu á að pósturinn skili sér ekki allur í réttar hendur.



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ


## Verið stælt í sumar

Nú bjóðum við **sumarkort** sem gildir til 1. september 2008 á aðeins **kr. 12.900**. Innifalinn er einn tími hjá einkaþjálfara sem finnur út það æfingarkerfi sem hentar þér.

**HREYFI GREINING**  
Sjúkráþjálfun og líkamsrækt  
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

## Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré  
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný húsnæði og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvogur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is

Hringas ehf.



Séra Lena Rós Matthíasdóttir með gamla gítar föður síns í fanginu, en gítarinn verður oftast fyrir valinu þegar kemur að slökun eftir annasaman dag í kirkjunni.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Gítar með sál og tannaför

*Skammt frá guðshúsi Grafarvogs gegnir sálar-mikill gítar fallegu hlutverki í lífi prests.*

„Heima held ég mest upp á gítarinn hans pabba míns, sem er eldri en ég að árum. Alltaf þegar pabbi var í landi tók hann gítarinn í hönd og við fjölskyldan sungum saman,“ segir Lena Rós Matthíasdóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, þar sem hún situr með gítarinn góða og raular þekktan slagara úr lagasafni Bubba.

„Stór hluti starfs presta er að hlusta á raunir annarra. Fólk pantar ekki viðtal hjá presti nema því líði illa af einhverjum orsökum. Því er það mikilvægasta af öllu í starfi prests að geta sett sig við hliðina á manneskju og geta verið með henni í samlíðan. Það reynir á og því er svo gott að geta gert eitthvað sem krefst lítillar einbeitingar þegar heim kemur, hvort sem það er að púsla, þrjóna, hoppa á trampólíni eða taka í gítarinn,“ segir Lena Rós og þrjár sig sæla að trampólíni stendur í skjólsælum bakgarði.

„Eftir mjög erfiða daga fer ég og hoppa úr mér álag dagsins, reyni að herma eftir krökkunum að leika sér og geri þá oftast eitthvað misheppnað sem uppsker hlátur barna. Það hreinsar hugann.“

Lena Rós er sjálfmenntuð á gítar. „Ég er svona slarkfær á vinnukonugripunum og nota hann stundum í athöfnum og barnastarfi. Gítarinn hljómar dásamlega, hefur mikla sál, geymir margar minningar og á honum eru tannaför eftir mig síðan í bernsku þegar ég lærði gripin og eitthvað mistókst hjá mér. Hann spannar allt litrófið, hefur verið hrókur alls fagnaðar í partíum og miðdepill heilagleikans í kirkjunni,“ segir Lena Rós sem oftast endar uppi í hjónarúmi með gítarinn og börnin fjögur að loknum vinnudegi.

„Þar erum við öll í kraðaki; ég að spila og þau að syngja lög, sem er áframhald af því sem ég ólst upp við og ég vil viðhalda, því svo dýrmætar og ljúfar minningar felast í því að spila og syngja með mömmu og pabba.“

thordis@frettabladid.is

**weber**

# – flott á veröndina

**weber** – mikið úrval af aukahlutum

Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · Egg · www.weber.is

Genesis S310

GENESIS S310

Ryksugur eru hið mesta þarfabing og nauðsynlegt er að ryksuga reglulega. Gott ráð er að opna glugga vel þegar ryksugað er til að hleypa hreinu lofti inn á meðan óhreinindin eru hreinsuð upp.



**GLÓFAXI HF**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Þessi blómlega Toscana kaffi- og tekúr fæst í Þorsteini Bergmann á Skólavörðustíg og kostar 880 krónur.

Í Fríðu eru útsaumaðar taumunþurrkur á 150 krónur sem skapa rómantíska stemningu við matarborðið.



Tréfata og villtur gróður minna svo sannarlega á rómantíska sveitasæluna. Í Europris má fá viðarfötu á 1.290 krónur og silkiblóm sem aldrei deyr á 899 krónur.

**OUTLET SKÓZ**

FISKISLÓD 75 101 REYKJAVÍK  
opnar stöð - þrjú dagar

VERÐ 4.300.-KR  
VERÐ 3.500.-KR  
VERÐ 4.500.-KR  
VERÐ 2.500.-KR

LEIÐIN LIGGUR Á GRANDANN  
ÞÁ SEM FINNA MÓ LÁNGSINS BESTA ÚPPAL AF SKÓUM

Bastkórfur undir hvaðeina. Þær eru kjörnar í lautarferðina en sóma sér einnig vel inni á baði með handklæðum. Kórfurnar fást í Nóru á Dalvegi 16 í Kópavogi.

## Sumarleg sveitarómantik

Sveitinni fylgir rómantískur ljómi þar sem fólk sér í hillingum fagra og róandi náttúru, suðandi býflugur og syngjandi fugla.

Í sveitadraumnum er nægur tími, ilmur af gróðri og hunang drýpur af hverju strái. Eflaust brosa nú bændur út í annað þegar þeir lesa upphafnar lýsingar á sveitarómantik en það má alltaf láta sig dreyma.



Hægt er að ná fram rómantískri sveitastemningu á einfaldan hátt með því að skreyta heimilið með fallegum munum. Ekki þarf að kosta miklu til og stundum má grafa upp skemmtilega gamla hluti í geymslunni eða hjá ættingjum. [hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)

Girnileg mjólkurkanna sem er kjörin undir broddmjólkina eða hunangið. Kannan er hluti af Alpine Strawberry-stellinu sem fæst í Þorsteini Bergmann og kostar hún 3.420 krónur.



Í versluninni Nóru í Kópavogi er sveitarómantik í algleymingi. Þar minnr hver einasti hlutur á blóm í haga og búsaeld í túnum.

Heimasíðan okkar er [www.normx.is](http://www.normx.is)  
Íslensk framleiðsla

**Norm - X**  
heitir pottar

Norm - X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fjótandi veitingabakka og m.fl. Við seljum einnig kaminur verð kr. 43.900

Auðbrekka 6 • 200 Kópavogur • s: 565-8899



## GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið

### Skrifstofan – Tölvur

Tölvur eru nauðsynleg tæki í hverju fyrirtæki og varla fyrirfinnst tölvulaust heimili á Íslandi í dag. Tölvur eru einfaldlega alls staðar og gera allt fyrir alla.

Þó að tölvur séu stórkostleg tæki að flestra mati hefur tölvuframleiðsla geigvænlega neikvæð umhverfisáhrif. Bæði vegna þeirra náttúruauðlinda sem framleiðsla hráefnis í tölvurnar hefur í för með sér, flutnings efnis heimsálfá á milli og síðan framleiðsluferlið við gerð tölvunnar sjálfar en hún orsakar aðra röð af neikvæðum umhverfisáhrifum.

Sem dæmi má nefna að við framleiðslu 32 megabæta tölvukubbs þarf 72 kíló af kemískum

efnum, 700 grömm af hreinum gastegundum, 32 kíló af vatni og 1,2 kíló af jarðefnaeldsneyti. Eitrefni úr tölvum geta síðan eftir líftíma þeirra lekið niður í jarðveg og grunnvatn, og ef fólk kemst í snertingu við þau, valda þau skaða á taugakerfi þeirra, innkirtlakkerfi, líffærum og geta haft neikvæð áhrif á proska heilans.

Ef við lítum aðeins á orkunotkun í kringum tölvur þegar þær eru komnar í hendur neytenda lítur dæmið þannig út. Um 9 prósent af orku fyrirtækja fara í að halda tölvunum gangandi. Í Bandaríkjunum eru um 180 milljón tölvur í notkun í dag. Ef við yfirferum þær tölvur á Ísland lætur nærri að tæplega ein tölva sé á hvert mannsbarn. Hugsanlega er talan þó enn hærrí hér á landi.

Meira um tölvur á:  
<http://www.natturan.is/husid/1357/>



### Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund

### Parfaping í eldhúsið

GÓÐ ÁHÖLD VIÐ ELDAMENNSKUNA ERU GULLI BETRI.

Þegar mikið þarf að flysja af ávöxtum og grænmeti þá er flýttir að því að hafa sérstakan skrælara við höndina. Hann tekur ysta hýðið af á örskotsstundu. Á annarri hlið áhaldsins er oddur til að skafa út augu kartafna og með haldinu er auðvelt að fjarlægja melónukjarna. Gripurinn er úr stáli og þýskur að uppruna. Hér fæst hann í Duka í Kringlunni og kostar 490 krónur.



Skrælari með merkinu Monopol.

- gun



Frá Handavinnusýningu á Hallormsstað.

### Leiðrétting

NAFN KENNARA FÉLL NIÐUR.

Í grein um handverkssýningu á Hallormsstað, sem birtist síðastliðinn mánudag, urðu þau mistök að nafn handverkskenningar Guðrúnar Sigurðardóttur féll niður en Guðrún sér um útsaumskennslu á staðnum.

**Vinnustaðir - íþróttahús**  
Eigum fyrirbyggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir fót eða persónulega muni.

**Verðdæmi: 5 skápar í röð**  
**kr. 63.316**

**MECALUX**

**STRAUMUR HRADBERG**

Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330  
Fax 544 5355 • [straumur@straumur.is](mailto:straumur@straumur.is)

## Útsöllumarkaður Z-brautir og gluggatjöld

Höfum opnað okkar vinsæla útsöllumarkað í Faxafeni 14

Mikið úrval af efnum, púðum, handklæðum, dúkum og rúmfötum


Opið virka daga frá 12-18

Z-brautir og gluggatjöld

Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 525-8200

### ÖRYGGISELLUR

#### VÖRN FYRIR BÖRN



Öryggishellur eru framleiddar af GV á Akureyri samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum. Þær henta vel á leikvelli, við sundlaugar, heita potta og önnur útsvæði.

### UMFERDARVÖRUR



Hnallar fyrir rör og plastkeðju.



Fantar fyrir aðvörðunartugt og umferdamarki.



Plattar fyrir stúkur hraðahindrun - kapalvörn



Gömmistaurar fyrir bílastaði



Kellur

Gömmivörur eru íslensk framleiðsla, búnar til úr gúmmi sem fellur til við endurvinnslu hjólarða.

**ALORKA**

Tangarhólta 15 - 110 Reykjavík • Sími 577 3000  
Hálsbrunnar 1 - 603 Akureyri • Sími 464 7900  
[www.alorka.is](http://www.alorka.is) • [alorka@alorka.is](mailto:alorka@alorka.is)

## ÞAK- SPRAUTUN

Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma? Því ekki að láta það í hendur fagmanns? Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárninu sem gefur einstaka áferð

Uppl. í síma  
**8975787**

## Meirapróf



**ÖKU  
SKOJINN  
I MJÖDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið byrjar 4. júní

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

## BÍLAR & FARARTÆKI

### BÍLASALA ÍSLANDS



Jeep Grand Cherokee Laredo 3.7 árg 2006 ekinn 18.000.- Fallegt eintak leður, lúga samlitur, og flr 1 árs ábyrð Sjá myndir [www.bilasalaislands.is](http://www.bilasalaislands.is) raðnúmer 178427 Verð 3.380.000.- skoðum skipti

**Bílasala Íslands**  
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.  
Sími: 510 4900  
896 1337 / 896 9693  
[www.bilasalaislands.is](http://www.bilasalaislands.is)

### BÍLASALA REYKJAVÍKUR



Til Sölu nýr Suzuki Grand Vitara diesel Luxery með öllum búnaði verð kr 3.590.000. Skoðum skipti á ódýrari. Uppl. á Bílasölu Reykjavíkur 587 8888 & 860 1998.

**Bílasala Reykjavíkur**  
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.  
Sími: 587 8888  
[www.br.is](http://www.br.is)

Bíla- & vélasala Borgarnesi  
S: 437-1200 [www.geisli.com](http://www.geisli.com)



KATO HD 820 árg 2007. 870 vst. Verð 11.5 milljónir + vsk. Bíla- og vélasala Borgarnesi 437-1200 [www.geisli.com](http://www.geisli.com)

**Bílasalan Geisli ehf**  
Fitjum 2, Borgarnes  
Sími: 437 1200  
[www.geisli.com](http://www.geisli.com)

### Mótor & Sport



**Gerð verðsamanburð!**  
Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjárfyrirgöngu, eru komnar aftur. Nú á kr. 23.500. Íslenskur leiðarvísir fylgir.

**Mótor og sport ehf**  
Síðumúla 34, 108 Reykjavík  
Sími: 567 1040  
Eigum einnig nokkur notuð hjól á góðu verði.  
[www.motorogsport.is](http://www.motorogsport.is)



### JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 2,7 DIESEL

2003 árgerð. Ekinn aðeins 89þ.km. CRD 2.7L-163 hestöfl. ABS hemlar. Aksturstölv - Álfelgur - Fjarstyrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hraðastíllir - Höfuðpúðar aftan - Innspyting - Kastarar - Lítað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifin speglar - Túrbína - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Pakbogar - Þjónustubók - Mercedes Benz diesel vélin. Eyðsla 12 L / 100 km. Útispeglar aðfellaðir með rafmagn. Verð aðeins 2.190þ.

**Sparibill ehf**  
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)



HONDA CIVIC VTI V-TEC árg 7/2000, 5 gíra, 1.6L VTI 160 Hestöfl, Billinn er með öflugum hljómkerti, Sjón er sögu ríkari, Til sýnis í sal Arnarbíla, Verð 1.200þ Nánari uppl. á [www.arnarbilar.is](http://www.arnarbilar.is) m: 140357 S: 5672700

**Arnarbilar ehf**  
Gylfafföt 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
[www.arnarbilar.is](http://www.arnarbilar.is)



### TOYOTA Reykjanesbæ



Toyota Prius Hybrid nýskr. 6/2004 ekinn 89 þ. km, sjálfstýrtur eyðslugrannur bíll. Verð 1.990.000 - Tilboð 1.690.000 - Uppl. í síma 420 6600 Toyota Reykjanesbæ.

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær  
Sími: 420 6600

Auglýsingasími

# 512 50 50

## Bílar til sölu



### Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala

Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á [Netbilar.is](http://Netbilar.is) Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300



### Tilboð í rekstrarleigu

Óskað er eftir tilboði með vsk (mánaðargreiðslur) í rekstrarleigu á Audi Q7 árg.07 með 3L diesel vél. Rekstrarleigutímabilið er til 05.06.10. Upplýsingar veittar í síma 893 4295. Tilboð skulu send í afgreiðslu fréttablaðsins merkt „box 7070“.



### Tilboð í rekstrarleigu

Óskað er eftir tilboði með vsk (mánaðargreiðslur) í rekstrarleigu á Volkswagen Touareg árg.05. með diesel vél. Rekstrarleigutímabilið er til 05.01.09. Upplýsingar verða veittar í síma 893 4295. Tilboð skulu send í afgreiðslu fréttablaðsins merkt „box 7070“.



Toyota Corolla 1600 árg. 2006 sjálfsk. ek. 46þ. aksturstölv, loftkæling, allt rafdrif, aukadekk á felgum og fl. ásett verð 2,200 þús. S. 664 8363

Peugeot 306, árg. '98, ek. 135 þús. Nýsk. V. 150 þús. Uppl. í s. 894 3998.

Óska eftir að kaupa export outidinal traktor, truck, asfalt tank og bensintank árg. '88. Má þarfnast viðgerðar. S. 823 5971.

### 0-250 þús.

Óska eftir bíl fyrir staðgreiðslu allt að 150 þúsund þarf að vera í góðu standi, skoðaður og sparneyttinn Gæti bætt við 150 þús í VN fyrir mjög góðan bíl í [it@fjar.net](mailto:it@fjar.net)

### 500-999 þús.



VW Passat '00, sk. '09, ek.118 þús, álfelgur, geislasp, ný timareim, litur vel út. V. 590þús. Uppl. í s.6959369/johah@hi.is.

## Fornbílar



Buick '55 Special. Þarf að dúlla aðeins í en í þokkalegu lagi. Verð 990 þ. Uppl. í s. 844 5222.

## Pallbílar



Rumbel Bee 4X4 árg. '04, 3700 eintök framl. og þessi no. 1667 uppl. í 892-1524

## Vörubílar



Til sölu M. Benz 814 '93 m/palli og sturtu. M. Benz 850 '99 m/palli og sturtu. Einnig Iveco vörubíll árg. '96 m/krana og sturtum. Getum einnig útvegað gámabíla og vinnuvélar frá Þýskalandi. S. 866 6684.

## Húsbílar



### Til sölu gott úrval Pallhýsa.

Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl. í síma 421 7922 eða Ágúst 864 0982, Jóhannes 896 2317 [www.pallhysi.is](http://www.pallhysi.is) JS Campers ehf.

## Mótorhjól



Harley Davidson Sportster 1200 Roadster, árg 05, e: 5 þús km, tilboð 1.290 þús. uppl. 821 3400

## MÓTORVAL

Á í húsi þessi hól til Suzuki KingQuad 750: 979.000 Suzuki KingQuad 450: 849.000 Suzuki Eiger 400: 619.000 Suzuki QuadSport: 799.000 Suzuki RM-Z250: 709.000 Suzuki RM-Z450 götuskr. 790.000.- Öll hjól eru ný uppl. [motorval.is](http://motorval.is) / 699 2929 / 822 0797

## Fjór hjól



Til sölu Ducati skipti möguleg á fjór hjóli og yfirtaka láns uppl. í 892-1524

## Vélsleðar

Höfum góða geymslu fyrir vélsleða o.þ.h. á höfuðborgarsvæðinu til loka Oktober. Uppl. 661 3131.

## Hjólhýsi



Hobby Landhaus 2008 - UMF - UML Hobbyhúsið ehf - Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - S. 517 7040 & [www.hobbyhusid.is](http://www.hobbyhusid.is)

Notað „gamalt“ hjólhýsi óskast keypt! Vil kaupa af þér notað „gamalt“ hjólhýsi. Verður að vera snyrtilegt að innan og í nothæfu-ástandi. Nánari upplýsingar, Kata síma 7701075

## Vinnuvélar

**Til Sölu**  
Komatsu PW200. 20 tonna hjólagrafa. Tvískipt bóma. Sléttar og tenntar skóflur og hraðtengi. Ekin 500 tíma. árgerð 2007. Upplýsingar í síma 660 8500.

**Til Sölu Komatsu PW200**  
20 tonna hjólagrafa. Tvískipt bóma. Sléttar og tenntar skóflur og hraðtengi. Ekin 500 tíma. árgerð 2007. Upplýsingar í síma 660 8500.

## Lyftarar



## Bátar



### Tilboð óskast

Gerðu góð kaup núna á skemmtibát fyrir næsta sumar. Marex 330 árg. '01 2x260 Volvo Penta, fullbúinn bátur með öllu sem þarf, vel búinn tækjum. Góðir lánamöguleikar í boði. S. 892 6113

## Bílaþjónusta

**Kringlu-bón**  
Ekið inn stóri/líti-turn. Öll bílaþrif. Opíð 09-18 mán-fös. Lau 10-18. S. 534 2455.

## Varahlutir


Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Bílaþartar ehf

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mofellsbæ [www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is)

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þríf. Föst verðtíð. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Flutningsþrif og regluleg þrif í fyrirtækjum. Ástu-Svæði. S. 848 7367.

**Vy-þrif ehf.**  
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 [vythrif@internet.is](mailto:vythrif@internet.is)

Tek að mér vandleg heimilisþrif í heimahúsum. Er venjuleg. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

## Garðyrkja



Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Gardlist 554 1989 [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is).

## Tökum GARDINN í gegn!

- Trjáklippingar
- Þökulagnir
- Trjáfellingar
- Beðahreinsanir
- Garðaúðanir
- Garðsláttur
- Hellulagnir
- Sólpallasmiði

**Sláttumenn**  
Sími 846 0864

Nú er rétti tíminn til að gera garðinn klárann fyrir sumarið. Tökum að okkur allt sem þarf að gera fyrir garðinn þinn. Traust og falleg þjónusta. Sláttumenn garðþjónusta. S. 846 0864.

# Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.  
Glæsileg og vönduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.  
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)



# fasteignir

2. JUNÍ 2008



Símar 551 7270, 551 7282 og 893 3985

Til sölu eitt hagstæðasta  
farpegaskip landsins



Skipið tekur 90 farþega auk áhafnar. Skipið hent-  
ar mjög vel í hvers kyns ferðamannaþjónustu, í  
hvalaskoðun, sjóstangaveiði og m.fl. Fjármögn-  
unarmöguleikar til staðar.

**Nánari upplýsingar og myndir á [hibyliogskip.is](http://hibyliogskip.is),  
á skrifstofu og í sínum 892 6113 & 893 3985**

Puríður Halldórsdóttir hdl., lögg. fasteigna- og skipasali  
[www.hibyliogskip.is](http://www.hibyliogskip.is) - [hibyliogskip@hibyliogskip.is](mailto:hibyliogskip@hibyliogskip.is)

**- TRAUST Í VIÐSKIPTUM -**



Norðurtún 5 er einbýlishús á einni hæð.

## Pottur og gosbrunnur

Fasteignasalan Ás hefur til sölu tæplega tvö  
hundruð fermetra einbýlishús á einni hæð.  
Fullbúinn bílskúr fylgir eigninni. Eignarlóðin  
er 1.100 fermetrar og á henni er stór og mikill  
garður með pöllum, heitum potti, gosbrunni og  
fjölbreyttum gróðri.

**F**orstofan er flísalögð með skápum. Gestabað-  
herbergið er nýuppgerð, flísalagt í hól og gólf  
og með nýjum blöndunartækjum. Gluggi er á  
baðherberginu. Forstofuherbergi er með plastpark-  
eti. Þvottahús er flísalagt, með innréttingu og útgengi  
út á verönd.

Holið er flísalagt. Stofan, borðstofan og holið eru  
samliggjandi. Flísar eru á gólfi og á milli skápa í eld-

húsi. Borðkrókur er í eldhúsi og innréttingin hvít.  
Barnaherbergið er rúmgott og flísalagt, var áður tvö  
herbergi. Hjónaherbergið er einnig flísalagt. Inn af  
því er fataherbergi með innréttingu og glugga.

Baðherbergið er nýuppgerð, flísalagt í hól og gólf  
með gólfhita, nuddbaðkari og sturtu. Gluggi er á bað-  
herberginu.

Sólstofan er nýleg með flísum og gólfhita. Út af  
henni er gengið í gegnum tvöfalda hurð út á stóran  
pall með heitum potti. Umhverfis húsið eru pallar í  
garðinum, ásamt verönd með stórum rennifleka sem  
opnar veröndina út í garðinn.

Húsið hefur fengið gott viðhald og mikla endur-  
nýjun. Þak, hitalangir og gler hefur verið endurnýj-  
að. Sólstofa og baðherbergi hafa verið tekin í gegn.  
Innfelld lýsing er í þakkanti.

### Á [ils.is](http://ils.is) getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á láns tíma

### Önnur þjónusta á [ils.is](http://ils.is):

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélur
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

## Kynntu þér lánakjörin á [ils.is](http://ils.is)

### Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef  
þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt  
í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa  
okkar eða haft samband á netinu.

### Lánsúmsókn

Pegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir  
þú um lánið á [www.ils.is](http://www.ils.is). Lánið er afgreitt á  
fjórnum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

[www.ils.is](http://www.ils.is)

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími: 569 6900, 800 6969



## EINBYLISHÚS Á MJÖG HÆGSTÆÐUM KJÖRUM



3 svefnherbergi  
2 baðherbergi  
Stór sam. sundlaug  
Öll húsgögn fylgja

Einbýlishús í Torrevieja á frábæru verði á stórrí lóð, stórt sólterras.

"Mikið fyrir peninginn"



Verð: 159,000 evrur

Costa blanca.is



Einbýlishús nálægt CAMPOAMOR  
2 stór svefnherbergi  
2 baðherbergi  
Stór stofa  
Stór sólverönd  
Húsgögn fylgja

Stundur í suður  
200 m2 lóð

Verð: 169,000 evrur



Nánari upplýsingar: Bjarni +34 663326472 / bjarni@costablanca.is • Ívar +34 606743181 / breyting@gmail.com

**STÓRHÚS**  
FASTEIGNASALA  
Þróddsstöðum

Sigurberg Guðjónsson hdl.  
lögg.fasteignasali  
Þróddastaðir,  
Skógarhlíð 22,  
105 Reykjavík.



Hrafnhildur Bridde  
löggiiltur fast.sali  
GSM 821 4400

EGILSGATA, 101 RVK.

FALLEG OG VEL SKIPULÖGÐ 100 FM ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ (EFSTU),  
AUK 28,4 FM BÍLSKÚRS Á BAKLÓÐ



Tvö svefnherb. og tvær góðar stofur. Lítið vinnuherb. Baðherb. m/ sturtuklefa og innréttingu. Eldhús m/snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Sér geymsla í kjallara. Bílskúr m/grifju. Sér bílastæði á baklóð.

VERÐ 38,9 MILLJ. ÁHV. GOTT LÍFEYRISSJ.LÁN

# Búseti auglýsir

– lausar íbúðir til úthlutunar 11. júní

Garðhús 6  
112 Reykjavík

Íbúð: 102

3 herb. 92 fm  
Lán með tekjumarki  
Afhending að ósk eiganda:  
Strax



Hámarksverð: 2.823.079 kr  
Lágmarksverð: 2.547.634 kr  
Búsetugjald: 59.624 kr

Kristnibraut 65  
113 Reykjavík

Íbúð: 202

3 herb. 83,9 fm  
Almennt lán  
Afhending að ósk eiganda:  
Strax



Hámarksverð: 2.312.096 kr  
Lágmarksverð: 1.708.472 kr  
Búsetugjald: 93.771 kr

Almenn lán veita rétt til vaxtabóta.  
Lán með tekjumarki veita rétt til húsaleigubóta.

Til að geta sótt um íbúð með tekjumarksláni verður viðkomandi að vera undir eigna- og tekjumörkum.  
Eignamörk: 3.069.000.- Tekjumörk einstaklinga: 2.843.000.- Tekjumörk hjóna/sambúðarfólks: 3.980.000.-  
Vegna barns: 476.000.-

umsóknarfrestur er til og með 10. júní

**Búseti hsf.**

Vantar nokkra 11-16 ára unglinga til þess að grúska í YouTube tónlistarmyndböndum. Ágætlega borgað. Nánari upplýsingar: www.woodyallen.com/auglysing/

**Sportbarinn Ölver**

Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220, Magnús og Halli.

**Sportbarinn Ölver**

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

Óska eftir að ráða meiraorfsbílstjóra sem er vanur útkeyrslu í Rvk. S. 894 5476.

**Atvinna óskast**

**Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.  
**Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.**

23 ára piltur með ársreynslu af rafvirkjun leitast að sumarvinnu í þeim geira. GSM 6612424

**TILKYNNINGAR****Einkamál****SÍMAPJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjalldömur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

**Símapjónusta Spjalldömur**

S. 908 6666 Opið allan sólarhringinn.



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

„Ég sá það fyrst á visir.is“

**visir.is**

...ég sá það á visir.is

**ÞJÓNUSTA**

**Kerfisþróun**  
**BÓKHALDSPJÓNUSTA**

Tökum að okkur færslu bókhalds að hluta eða öllu leyti fyrir smærri sem stærri aðila.

Kerfisþróun • Vinnur fyrir þig • s.512-4400

**Vantar þig fjármálaráðgjöf?**

Við tökum að okkur fjármálaráðgjöf og önnur samninga við lánadrottina. Vönduð og persónuleg þjónusta.

**GH Ráðgjöf - Sími 510-3500**

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl  
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

**ATVINNA****VANTAR ÞIG**

**SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000**

**FASTEIGNIR****Fiskakvísl 28**

110 Reykjavík  
Falleg eign á tveimur hæðum

Stærð: 127,1 fm  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 1983  
Brunabótamat: 18.150.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**

Lind



**Opið Hús**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL 18:00 - 18:30**

**Verð: 32.900.000**

Frábær eign á tveimur hæðum í Ártúnsholtinu. Eignin stendur innst í botnlanga. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni, möguleiki á því fjórða. Sér bílastæði. Geymsla innan íbúðar. Mjög snyrtileg sameign. Hver íbúð hefur sér þvottvél og þurrkara. Ártúnsskóli er hverfisskólinn, hlaut íslensku menntaverðlaunin 2006. Tveir leikskólar eru í hverfinu. Hverfið liggur einstaklega vel við helstu umferðaræðum og því fljótlegt að sækja í alla þjónustu. Eign á frábærum stað.

Ingunn Björnsdóttir  
Sölufulltrúi  
**698 8080**  
ingunnb@remax.is



Hannes Steindórs.  
Sölufulltrúi  
**699 5008**  
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.

thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Tryggðu þér

# Síðustu sætin!

Fjöldi brottfara  
að seljast upp!

Ótrúleg tilboð – gríptu tækifærið!

Kynntu þér tilboðin og bókaðu strax á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



## Fuerteventura

**Frá 29.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 3., 10. og 17. júní.

3. júní - 21 sæti  
10. júní - örfá sæti  
17. júní - laus sæti  
24. júní - **UPPSELT**  
1. júlí - 19 sæti  
8. júlí - örfá sæti  
15. júlí - örfá sæti  
22. júlí - 30 sæti  
29. júlí - örfá sæti  
5. ágúst - 22 sæti  
12. ágúst - laus sæti

## Rhodos

**Frá 39.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 14. júní.

7. júní - 5 sæti  
14. júní - laus sæti  
21. júní - örfá sæti  
5. júlí - örfá sæti  
19. júlí - örfá sæti  
26. júlí - örfá sæti  
2. ágúst - **UPPSELT**  
9. ágúst - örfá sæti  
16. ágúst - örfá sæti  
23. ágúst - örfá sæti  
30. ágúst - **UPPSELT**

## Mallorca

**Frá 39.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 11. júní í viku.

4. júní - **UPPSELT**  
11. júní - 20 sæti  
18. júní - örfá sæti  
25. júní - 24 sæti  
2. júlí - 17 sæti  
9. júlí - örfá sæti  
16. júlí - **UPPSELT**  
23. júlí - 19 sæti  
30. júlí - 13 sæti  
6. ágúst - örfá sæti  
13. ágúst - laus sæti

## Króatía

**Frá 39.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Sértilboð á Diamant í viku, 8. eða 29. júní og 6. júlí.

1. júní - **UPPSELT**  
8. júní - 9 sæti  
15. júní - **UPPSELT**  
22. júní - 17 sæti  
29. júní - 20 sæti  
6. júlí - örfá sæti  
13. júlí - örfá sæti  
20. júlí - 27 sæti  
27. júlí - 19 sæti  
3. ágúst - 11 sæti  
10. ágúst - örfá sæti

## Costa del Sol

**Frá 59.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í viku á Castle Beach 3. júlí.

5. júní - **UPPSELT**  
12. júní - **UPPSELT**  
19. júní - **UPPSELT**  
26. júní - **UPPSELT**  
3. júlí - örfá sæti  
10. júlí - örfá sæti  
17. júlí - örfá sæti  
24. júlí - örfá sæti  
31. júlí - 17 sæti  
7. ágúst - örfá sæti  
14. ágúst - örfá sæti

## Tenerife

**Frá 49.990 kr.**

– 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Sértilboð á Tenerife Sur og Cristian Sur í 2 vikur, 10. eða 24. júní.

10. júní - 11 sæti  
24. júní - 17 sæti  
8. júlí - 20 sæti  
22. júlí - 13 sæti  
5. ágúst - 19 sæti  
12. ágúst - örfá sæti

## Benidorm

**Frá 44.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. 2-4 saman í íbúð á Vina del Mar í viku. Sértilboð 11. júní.

4. júní - 14 sæti  
11. júní - 23 sæti  
18. júní - 17 sæti  
25. júní - laus sæti  
2. júlí - **UPPSELT**  
9. júlí - 9 sæti  
16. júlí - 5 sæti  
23. júlí - 8 sæti  
30. júlí - **UPPSELT**  
6. ágúst - örfá sæti  
13. ágúst - laus sæti

## Montreal – Kanada

**Frá 19.990 kr.**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 6. og 13. júní.

6. júní - 20 sæti  
13. júní - 26 sæti  
20. júní - örfá sæti  
27. júní - 18 sæti  
4. júlí - 14 sæti  
11. júlí - örfá sæti  
18. júlí - 14 sæti  
25. júlí - örfá sæti  
1. ágúst - örfá sæti  
8. ágúst - örfá sæti  
15. ágúst - laus sæti

## Barcelona

**Frá 19.990 kr.**

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum, sértilboð 20. og 27. júní.

6. júní - **UPPSELT**  
13. júní - **UPPSELT**  
20. júní - 19 sæti  
27. júní - 22 sæti  
4. júlí - örfá sæti  
11. júlí - örfá sæti  
18. júlí - 15 sæti  
25. júlí - örfá sæti  
1. ágúst - 16 sæti  
8. ágúst - örfá sæti  
15. ágúst - örfá sæti

## París

**Frá 29.990 kr.**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 17. ágúst.

29. júní - örfá sæti  
6. júlí - 19 sæti  
13. júlí - 15 sæti  
20. júlí - örfá sæti  
27. júlí - 20 sæti  
3. ágúst - 14 sæti  
10. ágúst - 23 sæti  
17. ágúst - laus sæti

Þú ert með fyrirvara um pöntun. Heimferðir áskilja sér rétt til liebleitings á líku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





# Ný rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar

Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar verður stofnuð við Kennaraháskóla Íslands í dag. Hlutverk rannsóknarstofunnar er að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar, miðla þekkingu, læra af vettvangi, veita ráðgjöf, efla innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun. Einnig standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis.

Á annan tug fræðimanna við Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri starfa nú að rannsóknum tengdu fræðasviðinu en stofnunni er ætlað að vera samstarfsvettvangur þessara aðila og erlendra fræðimanna, stúdenta í meistara- og doktorsnámi, skólafyrvalda,

skólanna, starfsfólks skólanna, foreldra og hagsmunafélaga nemenda með sérþarfir.

Skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna landsins sem er bundin í alþjóðasamþykktir. Hún snýst um bættu menntun kennara, skipulag skóla, náms og kennslu sem hefur að leiðarljósi vandaða menntun allra, lýðræði og félagslegt réttlæti í skólum. Þessi menntastefna er ein af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og yfirlýst menntastefna Evrópusambandsins og fjölmargra annarra ríkja og alþjóðastofnana.

Prófessor Julie Allan frá Háskólanum í Stirling í Skotlandi verður heiðursgestur stofnfundarins sem haldinn verður kl. 16 í

dag í Skriðu, fyrirlestrarsal Kennaraháskólans. Hún er meðal kunnustu vísindamanna á þessu fræðasviði í hinum vestræna heimi. Julie Allan heldur einnig fyrirlestur við Háskólann á Akureyri 5. júní kl. 16.30 í húsakynnum kennaradeildar og fjallar um efni bókar sinnar Rethinking Inclusive Education: The Philosophers of Difference in Practice. Allir sem hafa áhuga á málefnum eru velkomnir á fyrirlesturinn. Nánari upplýsingar um rannsóknarstofuna er að finna á vef Kennaraháskóla Íslands: <http://wp.khi.is/skolianadgreiningar>

**DÓRA S. BJARNASON** Dóra er prófessor við Kennaraháskóla Íslands og ábyrgðarmaður rannsóknarstofunnar.



## AFMÆLI



**HÖRÐUR SIGURÐSSON** rekstrarhagfræðingur er sjötugur í dag.



**GUÐRÚN AGNARS-DÓTTIR** lækni er sextú og sjö ára í dag.



**GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON** rithöfundur er sextú og sjö ára í dag.



**EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON** sagnfræðingur er fimmtugur í dag.



**ÞÓR ELDON JÓNSSON** tónlistarmaður er fjörutíu og sex ára í dag.



## Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)



## FARSÆL LEIÐ TIL ÞRÓUNAR Í STARFI OG MEIRI LÍFSGÆÐA

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ [www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands býður spennandi námskost: **30 eininga diplómanám á meistarastigi. Tilvalið nám með starfi.**

<ul style="list-style-type: none"> <li>Afbrotufræði</li> <li>Alþjóðasamskipti</li> <li>Atvinnulífsfræði</li> <li>Afbrotufræði</li> <li>Áhættuhegðun og forvarnir</li> <li>Barnavernd</li> <li>Fjölmening</li> <li>Fjölmeningarfélagsráðgjöf</li> <li>Fjölmíðlafræði</li> <li>Fræðslustarf og stjórnun</li> <li>Fötlunarfræði</li> <li>Hagnýt jafnréttisfræði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heilsa, líkami og menning</li> <li>Opinber stjórnsýsla</li> <li>Rannsóknaraðferðir félagsvísinda</li> <li>Stjórnun og stefnumótun</li> <li>Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun</li> <li>Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum</li> <li>Þróunarfræði</li> <li>Öldrunarfélagsráðgjöf</li> <li>Öldrunarþjónusta</li> </ul>
---	--

Inngönguskilyrði er BA-próf eða sambærilegt próf.

Diplómanám er metið inn í viðkomandi meistaranám fái nemendur inngöngu í það.

Umsóknareyðublöð og allar upplýsingar eru á heimasíðu deildar: [www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)

Umsóknum skal skilað til Kolbrúnar Eggertsdóttur, deildarstjóra framhaldsnáms, skrifstofu félagsvísindadeildar, Gimli við Suðurgötu, sími 525 4263, tölvupóstfang [kolbegg@hi.is](mailto:kolbegg@hi.is)

Umsóknarfrestur er til 5. júní

[www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)

# Eiðanemar

Nú er komið að því sem allir hafa talað um.  
Ball á Borginni föstudaginn 13.júní!  
Nemendur allra árganga og makar þeirra velkomnir.  
Það verður bara gaman.

Nánari upplýsingar er að finna á  
[eidaball2008.blog.is](http://eidaball2008.blog.is)



## BBC FOOD Í OPINNI DAGSKRÁ

BBC Food er ómótstæðileg sjónvarpsstöð sem sýnir frábæra matreiðsluþætti frá morgni til kvölds þar sem allir frægustu sjónvarpskokkarnir fara á kostum.

VIKUNA 2. – 8. JÚNÍ VERÐUR BBC FOOD Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 FJÖLVARP



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hnakkar og bök

VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR ER LÍTIL



Þegar unglingsárin skella á í allri sinni dýrð stendur ungvíðið gjarnan í þeirri trú að fátt sé skemmtilegra að gera í lífinu en að fara á rokkónleika í stórrí tónleikahöll. Dýrðarsögur eldri kynslóðanna af því þegar þær sáu Led Zeppelin, Pulp eða Rammstein troða upp á stórtónleikum magna upp löngun til þess að fá að upplifa slíka skemmtun á eigin skinni. Þegar kemur að frumrauninni sem tónleikagestur vill þó gamanið gjarnan kárna heldur fljótt þar sem unga fólkíð uppgötvar, sér til nokkurrar hrellingar, að það er lítið gaman fyrir lágvaxna að velkjast um í sveittu mannhafinu

þar sem ekkert annað er í sjónlínu fyrir dvergana en bök og hnakkar þeirra sem framir standa. Reyndar er ekki öll von úti; fæstir hafa náð endanlegri stærð sinni við fermingarárdur og því þarf fyrsta stórtónleikareynslan ekki að vera forskriftin að síðari reynslu. Sumir unglíngarnir verða síðar að slánum sem gnæfa yfir hvaða mannhaf sem er og þurfa aldrei að hafa áhyggjur af því hvort þeir muni sjá á sviðið eða ekki. Flestir unglíngarnir stækka eitthvað, en enda þó innan skekkjumarka og eiga þannig ágætis möguleika á að sjá stundum eitthvað aðeins á rokkónleikum, í það minnsta ef að þeim tekst að staðsetja sig vel í salnum. En svo er alltaf einhver hluti unglínganna

sem aldrei stækkar heldur stendur í stað og nær aldrei að skriða upp fyrir 160 sentimetra hæð. Hlutskipti þessara einstaklinga er sannarlega grátlegt; fyrir þeim liggur að sjá aldrei nokkurn tímann, svo lengi sem þeir lifa, glitta í tangur né tetur af rokkhetjum sínum. Í staðinn fá þessir vesalíngar að virða fyrir sér um alla eilífð hafsjó af bókum íklæddum hljómsveitarbolum (lítið fólk er því oft meðvit- aðra en aðrir um hvar hljómsveitir leika á tónleikaferðalögum) eða nöktum, sveitum og mis-loðnum bókum. Eins áhugaverð og þessi bakfræði getur nú verið vildi eflaust flest smáfólkið skipta út þekkingu sinni á greininni fyrir sjónlínu á sviðið.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Makbeð krufinn á verkstæði

Línur eru að skýrast í verkefna-skrám leikhúsanna á komandi haust þótt enn hafi leikhúsin ekki birt fullfrágengnar verkefna-skrár áður en þau leggjast í dvala. Hópur leikara Þjóðleikhússins starfar þessa dagana í vinnusmiðju þar sem unnið er með texta Shakespeare að Makbeð, sem hefur nokkrum sinnum verið sviðsettur hér á landi, þó aldrei á sviðum Þjóðleikhússins.

Hópurinn mun sýna afraksturinn af vinnusmiðjunni í haust en að þessu sinni er farin fremur nýstárleg leið að verkinu. Vinnusmiðjuna leiðir Stefán Hallur Stefánsson leikari en unnið er á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Leikritið um Makbeð er meðal þekktustu harmleikja Shakespeares og því ræðst þessi ungi og áráðni hópur ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Hópurinn kryfur hugmyndina, jafnt í sagnfræðilegu sem menningarlegu tilliti, um Makbeð – þennan valdagráðuga og ofurbreyska mann, og mun síðan miðla rannsóknum sínum með aðferðum leikhússins. Vinna hópsins byggist þannig á tilraunum með leikhúsförmið og möguleika leiklistarinnar. Markmiðið er að endurspegla innihald verksins á nokkrum stigum með tilraunum sem varða samband áhorfenda, leikara og sýningar. Völdum áhorfendum verður boðið að taka þátt í sköpunarferlinu með því að koma einu sinni eða oftar á kynningu á verkefni á vinnslustigi og taka þátt í umræðum um þróun þess. Stéft er að nokkrum sýningum



LEIKLIST Kynningarmynd hópsins fyrir verkefnið um Makbeð og þann heim sem hann endurspeglar. MYND: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

fyrir almenna áhorfendur á verkinu í lok september.

Meðal þátttakenda í verkefniinu auk Stefáns Halls Stefánssonar eru Tobias Munthe, Baldur Trausti Hreinsson, Karl Þorbergsson, Edda Björg Eyjólfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson.

Makbeð var fyrst leikinn hér á vegum Leikfélags Reykjavíkur í tíð Vigdísar Finnbogadóttur og fór Pétur Einarsson þá með titilhlutverkið. Inga Bjarnason leikstýrði verkinu í Gamla bíói á níunda áratugnum og fór Erlingur

Gíslason þá með hlutverkið. Frú Emillía setti verkið á svið í leiksalnum á Seljavegi þar sem síðar var innréttað leikhús á vegum Flugfélagsins Lofts. Þar var Þór Tulinius í hlutverki Makbeðs. Þá má ekki gleyma sviðsetningu Íslensku óperunnar á verkinu fyrir fáum árum með Ólaf Kjartan Sigurðsson en Verdi fylgir texta Shakespeare vel í söngtextu verksins.

Leikfélag Reykjavíkur hefur hug á að setja Makbeð á svið í Borgarleikhúsi 2009.

pbb@frettabladid.is

# Serbnesk íkon til sýnis

Íkonaverk eftir föður Jovica, serbneskan listamann sem einnig er prestur í serbnesku rétttrúnaðarkirkjunni, verða til sýnis í þremur íslenskum kirkjum nú í júnímánuði. Fyrsta sýningin er nú reyndar þegar hafin; hún opnaði á laugardaginn var í safnaðarheimili Háteigs-kirkju og verður þar fram til 8. júní. Daginn



KIRKJULIST Eitt af íkonunum eftir föður Jovica.

eftir, þann 9. júní, opnar sýningin svo í Skálholtskirkju og flytur sig að lokum um miðjan mánuðinn í Glerárkirkju á Akureyri.

Áhugafólk um kirkju- og íkonalist ætti klárlega ekki að láta þessar sýningar fram hjá sér fara, enda ekki á hverjum degi sem sýning á verkum sem þessum sækir landið heim. - vp

Sumarbúðirnar Ævintýraland

Nú er óðum að fyllast!

Upplýsingar á  
[www.sumarbudir.is](http://www.sumarbudir.is)  
og skráning í.  
Síma 551 9160

Sumarbúðirnar sem krakkarnir velja!

# Djass og blús í Kópavogi

Fyrsta djass- og blúshátíðin í Kópavogi verður sett næstkomandi föstudag og mun standa yfir um helgina. Ráðgert er að gera hátíðina að árlegum viðburði í blómlegu menningarlífi bæjarins. Mikil verður um dýrðir á opunardegi hátíðarinnar; kunnir tónlistarmenn munu heimsækja eldri borgara, meðal annars í Sunnuhlíð, og leika léttan djass og um kvöldið verður efnt til mikillar blúsveislu í tónleikahúsinu Salnum. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og á þeim koma fram Bluesband KK með gítarhetjuna Björgvin Gíslason innanborðs, Magnús Eiríksson og Halldór Bragason. Salurinn hýsir aðra tónleika hátíðarinnar á laugardagskvöld kl. 21; þá mun djassband undir stjórn Björns Thoroddsen, listræns stjórnanda hátíðarinnar, fá til liðs við sig þrjá af snjöllustu söngvurum landsins, þau Andreu Gylfadóttur, Björgvin Halldórsson og Stefán Hilmarsson, til að syngja nokkrar skemmtilegar söngperlur í djassútgáfum. Hátíðinni lýkur svo á sunnudaginn kl. 15 með tónleikum fyrir yngstu kynslóðina á kaffihúsinu Amokka í Hlíðarsmára. Þar kemur fram Trío Björns Thoroddsen ásamt Andreu Gylfadóttur, en í sameiningu munu þau kynna börnin fyrir sveiflunni.

- vp



BJÖRN THORODDSEN GÍTARLEIKARI Listrænn stjórnandi djass- og blúshátíðar í Kópavogi.

Fagfjórðingastjórn KB ABS 7, kt. 640507-9770, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Skuldabréfin eru að nafnvirði 585.000.000 kr. og voru gefin út þann 7. júní 2007. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður KBABS7 BISEC. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 3. júní 2008. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin endurgreiðast 16. júní 2008. Samkvæmt greiðsluskilmálum er endurgreiðsla skuldabréfanna að lágmarki 95% af höfuðstól hvers skuldabréfs að viðbættum 152% hækkun á gildi KMS BRIC hlutabréfasjóðsins, greitt í evrum. Hver eining skuldabréfanna er 5.000.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna 117 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á sjóðasiðu Kaupþings banka hf., [www.kaupthing.is/sjodir](http://www.kaupthing.is/sjodir), í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta er lögfræðisvið Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 2. júní 2008



GÍTARLEIKARAR Skemmtilegt leikrit í Borgarleikhúsinu.

## Sýningu bætt við

Leikritið Gítarleikararnir eftir Line Knutzon var frumsýnt í vor í Borgarleikhúsinu við ágætan orðstír. Sýningum á því er við það að ljúka, en bætt hefur verið við sérlegri aukasýningu á verkinu vegna mikillar eftirspurnar. Þau Jóhann Sigurðarson, Hanna María Karlsdóttir, Aðalbjörg Árnadóttir og Halldór Gylfason eru í hlutverkum aðdáenda hins nýlátna trúbadors John Hansen, en leikritið segir frá tilraunum þeirra til að raða saman minningardagskrá um þessa hetju sína. Aukasýningin fer fram á miðvikudagskvöld og því vissara að tryggja sér miða sem fyrst. - vp

# Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins

197 skattfrjálsir vinningar  
að verðmæti 24.240.000 kr.



### Glæsilegir vinningar

- 1 Skoda Octavia Scout, 4x4. Verðmæti 3.740.000 kr.
- 1 Greiðsla upp í bifreið eða íbúð. Verðmæti 1.000.000 kr.
- 195 Úttektir hjá ferðaskrifstofu eða verslun. Hver að verðmæti 100.000 kr.

Dregið 17. júní 2008

Vertu með og styrktu gott málefni!

Upplýsingar um vinningsnúmer í sínum 540 1918 (símsvari) og 540 1900 og á heimasíðunni [www.krabb.is/happ](http://www.krabb.is/happ)  
Fjöldi útgefna miða: 145.000

Krabbameinsfélagið  
[www.krabb.is](http://www.krabb.is)

## &gt; NÆSTI TRUMP?

50 Cent mun leita að næsta hip-hop viðskiptajöfrinum í nýjum veruleikabætti sem mun svipa til Apprentice-þátanna sem Trump stýrði harðri hendi. 16 þáttakendur keppa um hylli 50 Cent, en nú er í verðlaun námsstyrkur til hvaða háskólánáms sem sigurvegarinn óskar.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

# Dýrasta grillið dúkkar upp

Fréttablaðið greindi frá því á föstudaginn að Coleman-grill sem er til sölu hjá Ellingsen væri dýrasta grill landsins. Gripurinn kostar tæplega þrjú hundruð þúsund krónur og þegar Fréttablaðið bar að garði hafði enginn fest kaup á ferlíkinu. Kristján Ágúst, verslunarstjóri hjá Ellingsen, sagði hins vegar í samtali við Fréttablaðið að töluverður fjöldi fólks hefði lagt leið sína út á Fiskislóð til að berja gripinn augum. Enginn hefði hins vegar látið drauminn ræstast.

En nú hefur nýr kandítat tekið við af Coleman-risanum. Því Weber-Summit S650 gas-



KJARTAN OG KÓNGURINN Weber-Summit S650 kostar tæplega 320 þúsund krónur og telst því dýrasta grill landsins um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

grillið sem Járn & Gler flytur inn fer heldur létt með að hrifsa til sín þá kórónu en það

er verðlagt á tæpar 320 þúsund krónur. „Þetta er rollsinn, ekki nokkur spurning,“ segir

kokhraustur Kjartan Ágústsson hjá fyrirtækinu og vísar því á bug að einhver kreppa ríki í sölu á þessum sannkallaða lúxusvarningi. „Nei, nei, við erum búnir að selja átta á þessu ári og þar af fór eitt núna bara í morgun,“ útskýrir Kjartan.

Ekki er þó neinn pitsuofn í Weber-grillinu en Kjartan segir að það komi ekki að sök. Það sé nánast ryðfrítt frá toppi til táar, grillteinarar séu þykkir og góðir og standist því íslenska veðráttu. Fréttablaðið óskar hins vegar eftir fleiri ábendingum sem kæmu til greina í titilinn dýrasta gasgrill landsins.

-fgg

## Sýnir með Holly

Listamaðurinn Hrafnkell Sigurðsson tekur þátt í samsýningunni Fellow Travellers í Liverpool hinn 18. september ásamt breskum listamönnum á borð við Holly Johnson, söngvara Frankie Goes to Hollywood sem sló í gegn á níunda áratugnum. Stefnt er að því að halda þessa sýningu á Íslandi í febrúar á næsta ári.

Fimmtán samkynhneigðir listamenn eiga verk á sýningunni og er hún hluti af listahátíðinni Liverpool Biennial, sem er haldin í til efni þess að Liverpool er menningarborg Evrópu í ár. „Mér finnst alveg skemmtilegt að sýna í þessu samhengi, það verður gaman að



HRAFNKELL SIGURÐSSON Hrafnkell tekur þátt í samsýningunni Fellow Travellers í Liverpool í september.

prófa það,“ segir Hrafnkell. „Listamennirnir eru gay en síðan getur myndlistin verið allavega. Það er spurning hvort það sé eðlilegt að velja fólk á sýningar eftir kynhneigð en það er allt í lagi að sjá hvað kemur út úr því.“ Hrafnkell segir að það verði forvitnilegt að sýna með Holly Johnson. „Ég veit ekki hvernig myndlist hann gerir, það á eftir að koma í ljós, en hann var flottur söngvari á sínum tíma.“ Á meðal þekktustu laganna sem hann flutti voru Relax og The Power of Love.



FRANKIE GOES TO HOLLYWOOD Holly Johnson og félagar sungu vinsæl lög á borð við Relax og The Power of Love.

## Lesbíuleikur Lohan

Kvikmyndastjörnur í Hollywood þrífast á umfjöllun og telja ferli sínum það helst til framdráttar að vera á forsíðu einhvers glanstímarits. Enda eru hæfileikarnir kannski af skornum skammti í mörgum tilfellum. Lindsay Lohan er nýjasta dæmið um þá hegðun.

Ferill Lindsay hefur legið lóðrétt niður eftir að slúðrpressan í Bandaríkjunum var mötuð daglega af skandöllum tengdum stöðugri áfengisneyslu. Lohan hefur eftir að hún útskrifaðist úr meðferð átt erfið með að vekja á sér athygli og því kemur kannski nýjasta útspilið ekkert ýkja mikið á óvart. Hún er samsagt lesbía og á í ástarsambandi við Samöthu Ronson plötusnúð.

### Að koma út úr skápnum

Í kvikmyndinni Bowfinger frá árinu 1999 með þeim Eddie Murphy og Steve Martin kom persóna Heather Graham úr skápnum og hafði þá komið sér í mjúkinn hjá kvenkynsframleiðanda í Hollywood. Graham var í hlutverki ungrar stúlku sem dreymdi um frægð og frama í Hollywood og sá sér þennan leik á borði; að gerast lesbía.



EKKI HÁÐ PEIM Jodie Foster hefur ekki verið dreginn í dilka þrátt fyrir kynhneigð sína.

Tveimur árum áður en þessi ágæta gamanmynd kom út hafði Anne Heche komið heimsbyggðinni á óvart þegar hún tilkynnti að nýjasta ástin í lífi hennar væri spjallþáttadrottningin Ellen DeGeneres. Ellen hafði sjálf valdið miklu fjaðrafoki í bandarískum fjölmiðlum þegar hún kyssti konu í lokaþætti gamanþáttar síns. Og þeir voru ófáir síðapostularnir sem fordæmdu athæfið og töldu hana hvetja ungt fólk til ósiðsamlegrar hegðunar.

Svo heppilega vildi til að þessi skápaferð Heche kom á sama tíma og hún lék í kvikmyndinni Six Days, Seven Nights á móti Harrison Ford. Myndin fékk töluvert meiri umfjöllun en ella því hún reyndist sjálf hvorki fugl né fiskur. Anne sneri „aftur“ inn í skápinn árið 2000 og gekk að eiga kvikmyndatökumann. Þau eru nú reyndar að skilja. Ástálfið hjá Ellen hefur hins vegar blómstrað síðan Heche yfirgaf hana og er nú í sambúð með hinni ítölskættuðu Portiu de Rossi.

### Samkynhneigð háir ekki konum

Orðrómar um samkynhneigð setja hins vegar ekki alltaf strik í reikninginn hjá Hollywoodstjörnum. Sér í lagi hjá konum því hommar virðast eingöngu fá homma-hlutverk. Lesbíur virðast eiga auðveldara með að aðgreina sig frá kynhneigð sinni í kvikmyndahlutverkum. Kynhneigðin hefur í

LESBÍA EÐA EKKI Anne Heche ákvað að vera lesbía en hætti síðan við og sneri sér aftur að karlmönnum. Hún er nú að skilja.



ÁSTFANGNAR Ellen DeGeneres og Portia de Rossi eru almennt taldar vera í einhverju traustasta sambandi Hollywood.

það minnsta ekki háð Óskarsverðlaunaleikkonunni Jodie Foster. Þótt ekki sé langt síðan hún gekkst við því að vera samkynhneigð er ljóst að það kom engum á óvart. Hún sleit hins vegar samvistum við Cydney Bernard, unnustu sína til tuttugu ára.

Þegar þessi upptalning er höfð í huga þarf Lohan kannski ekki að örvænta þrátt fyrir að vera komin út úr skápnum. Nafn hennar er í það minnsta allra vörum aftur.

Verstu mistökinn væru hins vegar að hverfa frá þessu öllu saman og láta eins og ekkert sé. Þá yrði litíð á þetta hliðarspor sem athyglissýki af verstu gerð.

-fgg



### LINDSAY LESBÍA?

Fjölmiðlungar hafa gert að því skóna að skápaferð Lindsay Lohan sé bara fjölmiðlabrella. Tíminn einn leiðir það í ljós.

TAKTU ÞÁTT!



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ  
7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ

# Flugfreyjur óskast!

### FLUGFREYJUR/-ÞJÓNAR

Í fyrsta sinn á Íslandi býður Keilir yfirgripsmikið flugfreyju og flugþjónanám.

Námið mun fara fram við bestu aðstæður á Keflavíkuvelli í nábýli við alþjóðlegan flugvöll, með einstakri, verklegri aðstöðu fyrir nemendur.

Námið er í nánu samstarfi við Icelandair, Iceland Express, Flugfélag Íslands og JetX.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ.

Keilir  
Atlantic Center  
of Excellence

# YFIRBURÐIR BYLGJUNNAR ERU ALGJÖRIR



## BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 26. apríl til 25. maí 2008.  
Hlutdeild - hlustun í mínútum.

**LÉTT**  
**BYLGJAN** 967

**GULL**  
**BYLGJAN** 909

**BYLGJAN**  
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Minnist Dátans, pabba síns

Hljómsveitin Dátar er fræg fyrir smellið Gvendur á eyrinni, en ekki síður fyrir örlög hljómsveitar meðlima. Af þeim sex sem störfuðu í bandinu er aðeins einn á lífi í dag, bassaleikarinn Jón Pétur Jónsson, sem býr í útlöndum. Þrír Dátar stytta sér aldur, einn lést í bílslysi og einn lést úr krabba-meini.



**MINNIST PABBA SÍNS MEÐ NETSIÐU**  
Perla Svandís er dóttir Hilmars Karlssonar, fyrsta gítarleikara Dátar.

Perla Svandís Hilmarsdóttir er dóttir gítarleikarans Hilmars Karlssonar og hefur hún nú sett upp netsíðu tileinkaða hljómsveitinni á datar.blog.is.

„Mér hefur fundist sem umfjöllunin um Dátar hafi verið frekar neikvæð og ég vildi bara gera eitthvað gott fyrir hljómsveitina og minningu pabba míns,“ segir Perla. „Ég var reyndar bara níu ára þegar hann lést svo ég á ekki margar minningar sjálf.“

Áður óbirtar myndir af hljómsveitinni í leik og starfi má sjá á síðunni. „Þetta er hægt og rólega að koma hjá mér. Ég bæti við eins og ég hef tíma til. Það eru til miklu fleiri ljósmyndir og ég set þær inn smátt og smátt. Hljómsveitin gaf bara út átta lög en ég veit um konu sem á heimaupptökur með hljómsveitinni. Það er aldrei að vita nema það efni verði líka aðgengilegt á síðunni. Ég vildi gjarnan fá



**EIN AF ÁÐUR ÓBIRTUM MYNDUM AF DÁTUM** Hilmar, Jón Pétur og Rúnar Gunnarsson taka lagið í Aðalstræti sírka 1966.

fleiri komment frá þeim lesendum sem muna eftir bandinu,“ segir Perla að lokum.

# Rífandi stuð hjá Super Mama

Það er ekki oft sem afrískar hljómsveitir spila í Reykjavík, en miðað við aðsóknina á tónleika Super Mama Djombo á Listahátíð þá mætti það gerast oftar. Uppselt var á tónleikana á föstudagskvöldið og salurinn á Nasa orðinn þakfullur þegar hljómsveitin steig á svið nokkrar mínútur yfir tíu.

Super Mama Djombo var skipuð tólf meðlimum á föstudagskvöldið, fjórum söngvurum (tveimur körlum og tveimur konum), tveimur gítarleikurum, tveimur saxófónleikurum, bassaleikara, trommuleikara, ásláttarhljóðfærleikara, og hljómborðsleikara. Tónlist sveitarinnar er léttleikandi og dansvænt gumbe, en það orð er notað yfir það sérstaka sambland af þjóðlegri gíneskri tónlist og kreól sem sveitin spilar. Inn á milli koma svo rólegri lög þar sem áhrifa gættir frá annarri tónlist, til dæmis blús, kúbanskri og portúgalskri tónlist.

Það var mikil stemning strax frá byrjun á tónleikumum á Nasa og greinilegt að tónleikagestir voru komin til að skemmta sér. Margir dönsuðu, klöppuðu og sveifluðu sér í takt við tónlistina og sá hópur fór stækkandi eftir því sem leið á kvöldið. Hljómsveitin spilaði mikið af efni af nýju plötunni, Ar Puro, en líka gamla gumbe-smelli frá fyrri tíma. Á meðal eftirminni-legra laga sem sveitin tók má nefna Alma, N'Tchintche og lagið No Festa, en í því söng Egill Ólafsson með sveitinni. Hann tók með henni annað lag, negrasálminn Swing Low, Sweet Chariot sem fluttur var í hálfgerðri reggiútgáfu. Hljómsveitin spilaði látaust í tæpa tvo tíma og endaði á magnaðri útgáfu af laginu Tchatcha Li Tchatcha af nýju plötunni. Þegar



þarna var komið var stemningin orðin gríðarleg og allt á suðupunkti. Sveitin fékk afhenta blómvendi og þakkaði fyrir sig og hvatti gesti til að koma aftur kvöldið á eftir, en fagnaðarlætin voru slík að hún kom aftur á svið og spilaði í hálf tíma í viðbót. Í þeim hluta voru meðlimir allir kynntir og líka helstu aðstandendur sem voru í salnum, til dæmis hljómsveitarstjórinn og lagasmiðurinn Adriano Atchutchi, viðskiptaráðherra Gíneu og „Ar Puro sjálfur“ Hreinn Loftsson sem hefur unnið mikið fyrir sveitina. Ar Puro þýðir að sjálfsgöðu „hrein loft“.

Á heildina litið voru þetta mjög skemmtilegir tónleikar. Margir hljóðfærleikaranna sýndu snilld-artahta, til dæmis trommuleikarinn Zé Manuel og bassaleikarinn Valdir Delgado. Gítarleikararnir tveir gerðu líka mjög góða hluti. Af söngvurunum var ég hrifnast-

## LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

### Super Mama Djombo á Nasa

Vestur-afríska stórsveitin Super Mama Djombo gerði allt vitlaust á Nasa á föstudagskvöldið á stórskemmtilegum tónleikum.

★★★★

ur af söngkonunni Dulce Neves. Hún er búin að vera í sveitinni síðan á áttunda áratugnum og hefur einstaklega bjarta og sérstaka rödd. Best var sveitin í hraðari gumbe-lögum. Þar náði stemningin líka hámarki. Það er greinilegt að sveitin hefur fengið góða tilsögn í íslensku popparamáli. Framburðurinn á „Takk fyrir“, „Klappa“ og „Eru ekki allir í stuði“ var óaðfínanlegur.

Trausti Júlíusson

# Dúett með Leonu

Whitney Houston ku áforma að syngja dúett með bresku X-factor-söngkonunni Leonu Lewis. Houston áformar nú endurkomu í tónlistarheiminn, eftir að hafa verið fjarverandi árum saman á meðan hún tókst á við eiturlyfjavanda sinn, og sendir meðal annars frá sér plötu síðar á árinu. Til þess að kynda enn undir áhuga aðdáenda vill Clive Davis, lærifaðir hennar og leiðbeinandi, að Houston syngi með Lewis.

Frá því að Leona vann X-factor í Bretlandi fyrir tveimur



árum hefur frægðarstjarna hennar farið rísandi, og það á miklum hraða. Smáskífa hennar, Bleeding Love, hefur geyst upp vinsældalista bæði vestanhafs og austan, sem hefur orðið til þess að henni hefur verið líkt við söngdívur á borð við Houston sjálfa og Mariuh Carey.

**SYNGUR MEÐ NÆSTU WHITNEY** Whitney Houston hyggst syngja dúett með Leonu Lewis, sem einmitt hefur verið kölluð næsta Whitney Houston.



**MARGRÉT ÁRNADÓTTIR** Ermaslár Margrétar hafa selst eins og heitar lummur.

## Ermaslái vinsæla

Um síðustu helgi birtist viðtal við Margréti Árnadóttur, hönnuð prjónalínunnar M-Design. Ermaslár hennar hafa notið mikilla vinsælda síðastliðna mánuði og selst afar vel. Vitlaus mynd var birt af Margréti með greininni, þar sem hún klæddist annarri lík, en hér má sjá hana í ermaslánni vinsælu.

**NÝTT Í BÍÓ!**

STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

**SEX AND THE CITY** LÚXUS

**FORBIDDEN KINGDOM**

FORBIDDEN KINGDOM ER EINHVER SKEMMTILEGASTA OG ÖVANTASTA ÆVINTÝRAMYND SUMARSÍNS!

„Ljúfr endurfundur“ - P.P., DV

„Trú forverum sínum og er kærkomin viðbót í þessa mögnuðu seríu. Meira er ekki hægt að biðja um.“ - V.J.V., Topps.is / FBL

„Hasar, brellur og gott grín?“ - S.V., MBL

„Biðin var þess virði“ - J.L.S., film.is

„Þráðgættur skynbíti sem hefur ársblátt fallkomlega“ - S.V., MBL

„Stendur fyllilega undir væntingum“ - S.H., DV

ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGURI!

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGGINN	SÍMI 551 9000	TILBOÐSVERÐ
SEX AND THE CITY	kl. 5-8-10:50	FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30-8-10:30	12
SEX AND THE CITY LÚXUS	kl. 8-10:50	KICKIN IT OLD SKOOL	kl. 5:40-8-10:20	7
INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL	kl. 5:20-8-10:40	HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GE	kl. 5:45-8-10:15	12
INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D	kl. 5:20	MADE OF HONOUR	kl. 8-10:10	14
PROM NIGHT	kl. 6-8-10	BRÚÐGUMINN	kl. 6 ENSKUR TEXTI	7
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45-8-10:15			
SUPERHERO MOVIE	kl. 4			
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 3:50			
HORTON	kl. 3:50 ISLENSKT TAL			

HÁSKÓLA BÍÓ	SÍMI 530 1919	BORGAR BÍÓ	SÍMI 462 3500
SEX AND THE CITY	kl. 7-10	SEX AND THE CITY	kl. 5:15-8-10:45
INDIANA JONES 4	kl. 6-8:30-11	INDIANA JONES 4	kl. 5:40-8-10:20
PROM NIGHT	kl. 6-8-10		
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45-8-10:15		

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN Á [midi.is](http://midi.is)

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

**Nýtt í bíó**

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

★★★★ - P.P., DV

★★★★ - V.J.V., Topps.is / FBL

★★★★ 1/2 SV MBL

★★★★ - J.L.S., film.is

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SEX AND THE CITY	kl. 3, 6 og 9	14
INDIANA JONES 4	kl. 4:30, 7 og 10	12
HAROLD & KUMAR 2	kl. 8	12
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 6	12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 4	7

**SAMBIO**

JET LI ACKIE CHAN

FORBIDDEN KINGDOM

SEX AND THE CITY

INDIANA JONES 4

ALFABAKKA

FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30-8-10:30	12
INDIANA JONES 4	kl. 5:30-8D-10:40D	12
INDIANA JONES 4	kl. 8-10:40	VIP
LOVE IN TIME OF CHOLERA	kl. 8	7
NEVER BACK DOWN	kl. 10:40	14
NIM'S ISLAND	kl. 5:30	L
IRON MAN	kl. 5:30-8-10:30	12
VALLEY OF ELAH sD, sinn	kl. 8	16
THE HUNTING PARTY sD, sinn	kl. 10:40	12
U2 3D sD, sinn	kl. 6:30	L

KEFLAVÍK

INDIANA JONES 4	kl. 8-10:30	12
HAROLD AND KUMAR 2	kl. 8	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 10:10	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 8-10:10	16
NIM'S ISLAND	kl. 8	12
NEVER BACK DOWN	kl. 10:10	12

KRINGLUNNI

SEX AND THE CITY	kl. 5-8-10:50	14
INDIANA JONES 4	kl. 6:30D-9D-11:30D	12
NEVER BACK DOWN	kl. 11:30	14
IRON MAN	kl. 6:30-9	12

[SAMBIO.IS](http://SAMBIO.IS)



Með bílinn handa þér

# RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SKIPTA

- ↳ 3 ára verksmiðjuábyrgð.
- ↳ Ný hönnun og enn meiri gæði.
- ↳ Freelander bíll ársins 2008.
- ↳ Vegleg afmæliskjör í boði Land Rover og B&L.  
1% afsláttur fyrir hvern áratug í sögu Land Rover eða samtals **6% afsláttur** af verði allra Land Rover bíla í takmarkaðan tíma.



**Discovery**

Afmælisverð kr.

**7.040.000**

Áður kr. 7.490.000

Stöðugar og vaxandi vinsældir Land Rover eru engin tilviljun. Þeir sem kunna að meta trausta og vandaða jeppa vita að í Land Rover fá þeir bestu gæði sem völ er á, hvort sem litið er til tækninýjunga, frágangs eða efnisnotkunar. Land Rover hefur ávallt haldið tryggð við uppruna sinn. Merkið er enn þann dag í dag tákn ævintýra, áskorana og áræðni. Í 60 ár hefur Land Rover komið fólki á staði sem það færi ekki á annars. Terrain Response kerfið, sem nú er komið í alla línuna, bæði Land Rover og Range Rover, tryggir fullkomna aksturseiginleika hvort sem ekið er utan eða innan alfaraleiðar. **Gríptu tækifærið til að skipta í betri bíl og nýttu þér tímabundið 60 ára afmælisverð á Land Rover.**

60  
YRS



GO BEYOND

## > Veigar Páll lagði upp þrjú mörk í toppslaganum

Veigar Páll Gunnarsson átti stórleik með Stabæk þegar liðið vann 3-0 sigur á Garðari Jóhannssyni og félagnum í Fredrikstad í toppslag norsku úrvalsdeildarinnar í gær. Veigar Páll lagði upp öll mörk sinna manna, tvö fyrir Brasilíumanninn Alanzinho og eitt fyrir Daniel Nannskog. Með sigrinum náði Stabæk sjö stiga forskoti á toppnum og Veigar Páll er nú búinn að gefa fjórum fleiri stoðsendingar en næsti maður, eða 7 í 9 leikjum.



**sport**  
sport@fretta-

## SCOTT RAMSAY: HEFUR EKKI VERIÐ Í BETRA FORMI FRÁ ÞVI HANN VAR Í SKOTLANDI FYRIR TÓLF ÁRUM

### Skipti pizzu og frönskum út fyrir skyrið

Scott Ramsay hefur leikið vel með Grindavík í sumar. Hann var frábær í leiknum gegn Blikum þar sem hann lagði upp tvö mörk og skoraði eitt auk þess sem hann skoraði stórbrotið mark í 3-1 tapinu gegn KR. Hann hefur því komið að fjórum af sjö mörkum liðsins í sumar.

„Mér líður mjög vel um þessar mundir. Ég hef líklega ekki verið í betra formi frá því ég var að spila í Skotlandi árið 1996,“ sagði Ramsay með sínum þykka skoska hreim og hló við. En hvernig stendur á þessu formi?

„Ég hef reynt að breyta matarræðinu mínu en ekki miklu öðru. Ég slegpti pizzu og frönskum sem ég borðaði mjög mikið af áður, nú borða ég bara skyr,“ sagði Ramsay glaðbeittur. „Ég æfði mjög stíft í vetur, aðallega með Grindavíkurlíðinu. Það er bara hefðbundið. Svo hljóp ég mikið og passa bara matarræðið.“

Hann kvaðst þó ekki hafa gengið jafn langt og

hann gerði fyrir nokkrum árum til að léttast. Þá klæddi hann sig í svartan ruslapoka innanundir hlaupagallann til að svitna meira. „Ég hef ekki gert það í nokkur ár,“ sagði Ramsay, sem fannst augljóslega gaman að rifja þá aðferð upp. „Þetta var þegar ég flakkaði mikið meira á milli Íslands og Skotlands og var kannski í hálfmánuði á hvorum stað. Eftir dvöl í Skotlandi sneri ég aftur til Íslands allt of þéttur,“ sagði Ramsay.

„Það er hjáskátlegt að ég æfi bara meira eftir því sem ég verð eldri. Ég er að æfa mun meira í dag en áður. Kjánalegt, en ég er ekkert að yngjast og ég þarf að halda mér í formi,“ sagði hinn 33 ára gamli Ramsay.

Kappinn vildi ekki taka of miklu hrósi og benti á að enginn maður gerði heilt lið. „Ég leik bara eftir því hvernig liðið spilar. Við erum með gott lið eins og við sýndum gegn Breiðabliki. Við þurfum bara að halda áfram og hafa inn eins mörg stig og við getum,“ sagði Ramsay. Næsti leikur liðsins er á mánudag gegn FH. „Við gerum okkar besta og afgangurinn kemur í ljós,“ sagði Scott Ramsay.



## ÚRSLITIN Í GÆR

### Umspilsleikur fyrir EM:

Ísland – Rúmenía 23-37 (8-21)  
**Mörk Íslands:** Dagný Skúladóttir 5 (6), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5/3 (5/4), Sólveig Lára Kjærnested 4 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (8), Sunna María Einarsdóttir 2 (3), Stella Sigurðardóttir 2 (3), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Rakel Dögg Bragadóttir 1 (9/2), Hrafnhildur Skúladóttir (2), Rut Jónsdóttir (3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir (3)

**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 21/2 (58/6 36,2%), Íris Björk Símonardóttir 0 (1/1 0%)

**Hraðaupphlaup:** 6 (Dagný 3, Sólveig 2, Anna)

**Fiskuð víti:** 6 (Anna 3, Sunna 2, Stella)

**Utan vallar:** 14 mínútur

**Mörk Rúmeníu:** Alice Andean-Elisei 5/1 (8/1), Adriana Olleanu Nechita 5/3 (8/4), Adina Laura Meirosu 4 (5), Oana Andreea Manea 4 (5) Georgeta Narcisa Lecusanu 4 (6), Cristina Nieagu 3 (4), Camelia Balint 3 (4/1), Ionela Stanca 3 (5), Carmen Andrea Lungu 3 (6), Aurelia Bradeanu 2/1 (4/1), Steluta Luca 1 (4)

**Varin skot:** Luminita Dinu 11/2 (21/4 52,4%), Talida Tolana 5 (18/1 27,8%)

**Hraðaupphlaup:** 12 (Meirosu 2, Stanca 2, Balint 2, Manea 2, Bradeanu, Luca, Nieagu, Andean)

**Fiskuð víti:** 7 (Stanca 5, Bradeanu, Olleanu)

**Utan vallar:** 6 mínútur

# EM-draumurinn er úr sögunni

Arfaslakur fyrri hálfleikur gerði út um möguleika Íslands gegn ógnarsterku liði Rúmenía sem er með 13 mörk í veganesti fyrir seinni leikinn. Það kostar svita og tár að byggja upp lið sagði landsliðsþjálfarinn.

**HANDBOLTI** Ísland steinlá fyrir Rúmeníu, 23-37, í fyrri leik liðanna í umspili um laust sæti á Evrópumeistaramótinu í Makedóníu sem fram fer í desember.

Rúmenía gerði út um leikinn á fimm mínútna leikkafla seint í fyrri hálfleik þegar liðið skoraði sex mörk gegn engu og náði tíu marka forystu, 16-6. Þegar flautað var til leikhléls munaði 13 mörkum á liðunum, 21-8, og einvígið svo gott sem búið.

Íslenska liðið var grátlega lélegt í fyrri hálfleik. Stelpurnar virtust ekki hafa neina trú á verkefninu og það sem verra var, liðið virtist ekki leggja sig fram. Var Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari sérstaklega óánægður með að stelpurnar hlypu ekki til baka í vörn-

ina. „Að hlaupa ekki til baka er nokkuð sem á ekki að vera til í handknattleik. Hvort sem það er félagslið eða landslið. Það á ekki að vera til. Ég ræddi um það við þær í hálfleik og hef gert það oftar en einu sinni. Þú getur verið lélegur og arfalélegur en þú átt alltaf að geta hlaupið. Það er ekkert flóknara en það,“ sagði Júlíus í leikslök.

Ísland lék mun betur eftir hlé. Leikmenn börðust eins og ljón og Berglind Hansdóttir fór að verja eins berserker. Liðið náði þó aldrei að minnka muninn enda andstæðingurinn með allra sterkasta móti.

„Við vissum að þær væru sterkari á pappírnum og við vitum það núna að þær eru líka sterkari inni á leikvælinum,“ sagði Júlíus.

„Ég er samt sem áður ekki sáttur við að þetta hafi verið svona stórt. Við spilðum betur í seinni hálfleik. Ekki af því að þær hafi verið að setja einhverja varamenn inn. Þær spiluðu á sínu sterkasta liði eins langt og það nær því breiddin í liðinu er gífurleg. Þær eru allar mjög góðar. Það er ekki eins og þær hafi gefið eftir. Við komum upp í seinni hálfleiknum og spilðum mun betur eftir arfaslakan fyrri hálfleik.“

Júlíus var með stór orð fyrir leikinn og kvaðst sækja til sigurs. Varð það ekki óraunhæft?

„Það má kannski segja það. Getumunurinn er til staðar en maður fer í alla leiki til að sigra og það verður að vera þannig. Það er bjánalegt að setja upp leik hér heima á móti þjóð, alveg sama hvaða þjóð það er, og segja að við



ERFITT Sunna María Einarsdóttir skorar hér annað tveggja marka sinna gegn Rúmeníu í Laugardalshöllinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ætulum að tapa með sem minnstum mun. Maður á sem íþróttamaður ekki að hugsa þannig. Maður á að fara í hvern leik til að vinna.“

Seinni leikur liðanna fer fram í Rúmeníu á laugardaginn næsta og segist Júlíus fara með sama hugarfari í þann leik.

„Ef þessi var erfiður verður hinn ennþá erfiðari en við eigum að fara í þann leik til að sigra líka. Við getum rætt um það hvort það sé raunhæft eða ekki og það er varla raunhæft en við eigum samt

að fara með því hugarfari. Í íslenska liðinu er mikið af unum stelpum sem eru að stíga sín fyrstu skref og hafa ekki spilað gegn svona sterkum andstæðingi áður. Við verðum að leyfa þeim að njóta þess og læra af þessu upp á framtíðina. Við erum að byggja upp. Það kostar svita og tár en við uppskerum þegar upp er staðið. Ég er fullviss um það,“ sagði landsliðsþjálfarinn brattur þrátt fyrir slæmt tap.

- gmi

Sundkonurnar Sigrún Brá Sverrisdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir ætla á ÓL:

## Ekki búnað að gefa upp vonina

**SUND** Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni og Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH eru á leiðinni til Frakklands og Spánar þar sem þær munu á næstum dögum taka þátt í þremur mótum og reyna að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikum í haust.

Stelpurnar keppa á mótum í Mónakó, Barcelona og Cannes og reyna þar að bæstast í hóp þeirra Arnar Arnarsonar, Ragnheiðar Ragnarsdóttur, Jakobs Jóhanns Sveinssonar og Erlu Daggar Haraldsdóttur sem öll hafa tryggt sér þátttökurétt á leikum.

Sigrún Brá var aðeins 28 sekúndubrotum frá lágmarkinu og 12 sekúndubrotum frá Íslandsmetinu í 200 metra skriðsundi á SH-sundmótinu um helgina.

„Mér var ánægð með sundið um helgina og finnst þetta boða gott fyrir framhaldið. Ég var ekkert búin að hvíla fyrir mótið þannig að ég trú því að þetta muni allt koma hjá mér. Ég er að fara út á miðvikudaginn að keppa á þremur mótum þar sem ég get reynt við lágmarkið. Við verðum bara að sjá til hvernig það gengur



HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR Er að reyna við lágmarkið í 100 metra bringusundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



SIGRÚN BRÁ SVERRISDÓTTIR Er að reyna við lágmarkið í 200 metra skriðsundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

hjá mér,“ sagði Sigrún Brá í samtali við Fréttablaðið. Hrafnhildur Lúthersdóttir ætlar hins vegar að reyna að ná tíma Erlu Daggar Haraldsdóttur sem hefur náð bestum tíma í 100 metra bringusundi. Hrafnhildur synti undir b-lágmarkum í 100 metra bringusundi og setti stúlknamet.

„Ég var mjög ánægð með þetta sund og ég er komin einu skrefi nær markmiðinu mínu. Ég ætla að gera allt sem ég get til að komast til Peking en ef það tekst ekki þá reyni ég bara eftir fjögur ár,“ sagði Hrafnhildur í samtali við Fréttablaðið í gær en hana vantar enn 33 sekúndubrot til þess að slá út tíma Erlu Daggar.

- 66j

**GÍTARINN**  
HLJÓDFÆRAVERSLUN

*Stagg*

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,  
Auka Strengjasett,  
eMedia geisladiskur.

**Kr. 14.900**

Fáanlegir Litir:  
Viðarlitaður,  
Sunburst,  
Svartur,  
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is





# INDIANA JONES

THE ORIGINAL ADVENTURES

Vinnings- og aðildis hjá BT Smáfréttind. Kópavogur, Með því að tala þitt ortu kominn SMS klúbb. 149 kr. skýtið.



**9.**

HVER VINNUR!

**SENDU SMS BTC LTB  
Á NÚMERID 1900**

OG SVARAÐU EINNI SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!  
AUKAVINNINGAR: TÖLVULEIKIR OG DVD MYNDIR OG FLEIRA  
LENDIR 6. JÚNÍ!

Sigfús Sigurðsson lék vel:

## Þjóðin gaf okkur kraft

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson mætti til blaðamanns íklæddur íslenska fánanum og ljómaði eins og lítið barn á afmælisdeginum sínum.

„Það var bara sigur eða dauði. Við Vignir fundum okkur vel í vörninni, Hreiðar var frábær á bak við okkur. Við sýndum í þessum leik að þegar við spilum eins og lið og erum á fullu allan leikinn á ekkert lið möguleika í okkur,“ sagði Sigfús, sem vildi þakka öllum í kringum liðið, sem og íslenska þjóðinni.

„Í svona leik þá erum við fulltrúar þjóðarinnar og ég vil



**SIGURKOSS** Sigfús Sigurðsson gefur Ólafu Stefánssyni sigurkoss eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

þakka þjóðinni fyrir að gefa okkur þennan kraft í dag sem við fundum fyrir. Takk fyrir það kærlega og ég segi bara: Peking, hér komum við,“ sagði Sigfús kátur.

- hbg

Hreiðar Levý Guðmundsson, hetja íslenska liðsins:

## Fór næstum að gráta

**HANDBOLTI** Hreiðar Guðmundsson átti hreint út sagt magnaðan leik í gær og hélt liðinu nánast á floti á erfiðum köflum.

„Ég er mjög sáttur við mína frammistöðu. Ég hugsaði bara þegar tólf mínútur voru eftir að ef ég myndi taka nokkra bolta núna þá værum við með þennan leik og á leiðinni til Peking. Mikilvægasti hlutinn hjá markverði er að halda haus undir lokin og taka boltana sem skipta mestu máli,“ sagði Hreiðar en hann gat vart komið orðum að því hvernig það væri að vera á leið til Kína.

„Tilfinningin er eiginlega bara rugl. Ég veit ekki hvað ég á að



**EITT AF 20** Hreiðar Levý ver einn bolta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

segja. Ég var á blaðamannafundi áðan og átti bara erfitt með mig. Fór nánast að gráta. Þetta er alveg geggjað,“ sagði Hreiðar.

- hbg

# Endanlega mokað yfir Svíagrýluna

Strákarnir okkar eru á leið á Ólympíuleikana í Peking eftir stórkostlegan sigur á Svíum, 29-25, í Wrocław í gær. Frábær varnarleikur og mögnuð markvarsla skópu sanngjarnan og sannfærandi sigur.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið sýndi frábæran karakter í Hala Stulecia-höllinni í gær er það lagði Svía og tryggði sér um leið farseðilinn á Ólympíuleikana. Strákarnir okkar mættu gríðarlega einbeittir til leiks og svo sannarlega með viljann að vopni. Ísland var betri aðilinn allan tímann og hefði vel getað unnið stærri sigur og klárað leikinn fyrir en raun varð.

Guðmundur byrjaði leikinn í gær með 5-1 vörn þar sem Guðjón Valur skyggði á Kim Andersson og Hreiðar byrjaði í markinu eftir stórleik gegn Pólverjum. Vörnin hjá íslenska liðinu svinvirkaði því það var mikill vandræðagangur á sænska sóknarleikum. Sóknin hjá íslenska liðinu gekk vel en Tomas Svensson var íslenska liðinu erfiður ljár í þúfu einu sinni sem oftast. Markvarsla hans varð þess valdandi að leikmenn fóru að skjóta framhjá eða yfir í stað þess að skjóta í hann.

Engu að síður var leikurinn í járnun en Svíar oftast en ekki skrefinu á undan. Hreiðar datt síðan í grínn og líkt og fyrr gaf það liðinu kraft. Eftir að hafa verið undir nánast allan hálfleikinn sýndi íslenska liðið nýja hlið á sér í stöðunni 10-10 þegar það var manni fleiri. Þann kafla vann liðið 2-0 og kom sér í ágæta stöðu. Svensson hélt uppteknum hætti og



**HETJAN** Hreiðar Levý Guðmundsson átti stórleik gegn Svíum og varði alls tuttugu skot. Hér fagnar maður leiksins í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

sá til þess að Svíar komust aftur í leikinn og jöfnuðu fyrir hlið, 13-13. Ef ekki hefði verið fyrir stórleik hans hefði íslenska liðið leitt í leikhlið með nokkrum mörkum.

Íslenska liðið byrjaði síðari hálfleik af miklum krafti og náði fljótleiga þriggja marka forskoti, 18-15. Þegar Svíar náguðust aftur sýndu strákarnir mikinn karakter

með því að stíga aftur á bensínið. Næst komust Svíar í stöðunni 21-20 en þá náðu strákarnir aftur upp forskoti og litu aldrei til baka á taugatrekkjandi lokamínútum. Þá fór Hreiðar Guðmundsson algjörlega á kostum og varði eins og berserkur. Hann sá einfaldlega til þess að Svíar náðu aldrei aftur í skottið á íslenska liðinu, sem steig

stríðsdans á fjöllum Hala Stulecia-hallarinnar í leikslok.

Frammistaða liðsins í þessum leik var í einu orði sagt stórkostleg. Varnarleikurinn líklega einn sá besti sem liðið hefur sýnt í áráðir. Svíar voru teknir úr sambandi strax í byrjun og áttu engin svör. Sóknarleikurinn var fjölbreyttur og agaður. Ekkert panikk á mönnum heldur grimmd og þolinmæði.

Þess utan var stemningin, ákveðnin, grimmdin og hungrið í liðinu með ólíkindum og þegar allir leggjast á eitt og hafa trú á verkefninu er uppskeran ríkuleg líkt og í gær. Eins og oft hefur verið sagt getur þetta lið unnið öll lið en tapað fyrir flestum líka.

Guðmundur Guðmundsson á skilið mikið klapp á bakið. Hann hefur unnið frábæra með þetta lið og gert á því breytingar sem virka. Hann tók að sér starfið þegar aðrir annað hvort gátu ekki, vildu ekki eða þorðu ekki í slaginn. Guðmundur er því aftur á leið á Ólympíuleikana og ég er sannfærður um að honum á eftir að takast betur upp með liðið nú en síðast.



**UNDANKEPPNI ÓL**  
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON** skrifar frá Póllandi  
henry@frettabladid.is



**LÉTTUR** Ólafur Stefánsson tók af skarið á mikilvægum tímamarkum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson gantaðist og lék á alls oddi eftir leikinn:

## Vil fá Pálma Rafn í landsliðið

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson var hrókur alls fagnaðar eftir leikinn og sló á nokkuð léttan strengi þegar blaðamaður náði loksins í skottið á honum.

„Ég vil fá Pálma Rafn í landsliðið. Hann er hreyfanlegur og að taka menn til sín. Les leikinn vel og við þurfum á slíku að halda. Ég vil því fá Pálma Rafn í landsliðið fyrst Hlynur Bæringsson ætlar ekki að koma,“ sagði Ólafur en frægt er þegar hann hringdi í Hlyn á

sínum tíma og viðraði við hann þá hugmynd að koma í handbolta og eiga um leið möguleika á að komast á Ólympíuleikana með landsliðinu.

„Fyrir fjórum árum var ég sár með niúnda sætið á Ólympíuleikunum því ég taldi okkur geta gert betur. Ég ætlaði jafnvel að hætta og sagðist ekki ætla að vera með í Túnis. Ég var líka ekkert með í Túnis; það var einhver gaur þarna sem líktist mér en það var ekki ég.

Fyrirgefðu Viggó, en ég mætti til Sviss og síðan hef ég haldið mér í góðu formi og verið mikið að hugsa um Peking í eitt ár. Hef verið minna að hugsa um litlu firmamótin eins og Meistaradeildina og svona. Ég er kominn þangað núna og ég kem ekki til Guðmundar aftur fyrr en á fimmtudaginn. Ég kannski verð í Magdeburg með liðinu en ég verð samt ekki þar,“ sagði Ólafur og hljóp í gleðina með félögum sínum.

- hbg

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari réð sér vart fyrir kæti eftir sigurleikinn á móti Svíum í gær:

## Er rosalega stoltur og leyni því ekki neitt

**HANDBOLTI** „Þetta er alveg ólýsanleg tilfinning. Það eru allir búnir að leggja mikið á sig og við trúðum á þetta allan tímann. Við vissum ekki hvort það kæmi gegn Pólverjum eða Svíum en við ætluðum svo sannarlega á Ólympíuleikana. Við ætluðum að láta drauminn rætast og við gerðum það,“ sagði Guðmundur og gleðin skein úr andliti hans.

„Þessi leikur var ótrúlega vel útfærður. Ótrúlegur varnarleikur sem braut þá niður og gerði þá óörugga. Markvarslan var síðan stórkostleg. Sóknarleikurinn var svo allan tímann fjölbreyttur, agaður og mikið í gangi. Við viss-



**ÁN/EGÐUR ÞJÁLFARI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari fagnar sigrinum rétt áður en hann fer í sjónvarpsviðtal. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

um að við áttum mikið inni og það sýndi sig. Að vera þátttakandi í

svona leik er hreinlega ólýsanleg en ég get ekki neitað því að síðari

hálfleikur var mjög langur. Þessi leikur er eitt það stórkostlegasta á mínum ferli.“

Guðmundur tók að sér starf landsliðsþjálfara við erfiðar aðstæður og hefur unnið sitt verk frábæra. Hann gat ekki neitað því að árangurinn skipti hann miklu máli persónulega.

„Ég er rosalega stoltur og leyni því ekki neitt. Ég vissi sem var að verkefnið var erfitt og gat farið á báða vegu. Mér rann blóðið til skyldunnar og ég sé ekki eftir því í dag. Þetta var ógrandi verkefni sem tókst með þrotlausri vinnu frábærs hóps,“ sagði Guðmundur.

- hbg

## TÖLFRÆÐIN

Forkeppni Ólympíuleikanna:

Ísland-Svíþjóð 29-25 (13-13)  
**Mörk Íslands (skot):** Ólafur Stefánsson 6 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (8), Arnór Atlason 4 (9), Róbert Gunnarsson 3 (4), Alexander Petersson 3 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (9/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (2), Sigfús Sigurðsson 2 (5), Vignir Svavarsson 1 (2).

**Varnir skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 20/2 (46/4, 43%), Birkir Ivar Guðmundsson 1/1 (3/3, 33%).

**Hraðaupphlaup:** 10 (Alexander 3, Ólafur 2, Arnór 2, Sigfús 2, Vignir).

**Fiskuó viti:** 2 (Ólafur, Róbert).

**Után vallar:** 12 mínútur

**Mörk Svíþjóðar (skot):** Jan Lennartsson 7/2 (14/3), Robert Arrhenius 5 (8), Martin Boquist 5 (10), Jonas Kallman 4 (7), Jonas Larholm 2/2 (4/3), Mattias Gustafsson 1 (1), Henrik Lundström 1 (4).

**Varnir skot:** Tomas Svensson 10 (27/1, 37%), Peter Gentzel 7 (23/0, 30%).

**Hraðaupphlaup:** 3. **Után vallar:** 8 mínútur

Pólland-Argentína 26-28 (11-13)

**STABAN:**

Pólland	3	2	1	0	84-76	5
Ísland	3	2	0	1	93-86	4
Svíþjóð	3	1	1	1	80-72	3
Argentína	3	0	0	3	74-97	0

Hinir riðlarnir:

**RIÐILL 2 Í PARÍS**

Túnis-Spánn 28-29 (14-16)

Noregur-Frakkland 23-28 (15-13)

**STABAN:**

Frakkland	3	3	0	0	90-72	6
Spánn	3	2	0	1	86-87	4
Noregur	3	0	1	2	84-91	1
Túnis	3	0	1	2	83-93	1

**RIÐILL 3 Í ZADAR, KRÓATÍU**

Japan-Rússland 31-44 (13-19)

Alsír-Króatía 26-37 (13-14)

**STABAN:**

Króatía	3	3	0	0	100-72	6
Rússland	3	2	0	1	107-69	4
Japan	3	1	0	2	91-108	2
Alsír	3	0	0	3	65-114	0

**Liðin á ÓL í Peking 2008:**

Heimalið:	Kína
Heimsmeistarar:	Þýskaland
Evrópuemeistarar:	Danmörk
Undankeppni Asíu:	Suður-Kórea
Afríkumeistarar:	Egyptaland
Ameríkumeistarar:	Brasilía

RIÐILL 1:	Pólland og Ísland
RIÐILL 2:	Frakkland og Spánn
RIÐILL 3:	Króatía og Rússland

Ísland er komið á Ólympíuleikana í sjötta sinn en strákarnir voru einnig með í München 1972, í Los Angeles 1984, í Seúl 1988, í Barcelona 1992 og í Aþenu 2004.

Svíar segja mark hafa horfið:

## Svíar hafa kært

**HANDBOLTI** Svíar hafa ákveðið að kæra úrslit leiksins á móti Íslandi í gær og heimta að leikurinn fari fram að nýju.

Svíar segja að löglegt mark Roberts Arrhenius í fyrri hálfleik hafi ekki verið tekið með og Svíar hafi því átt að vera 14-13 yfir í hálfleik. Svíar segjast hafa gert athugasemdir í hálfleik en hún hafi verið hunsuð en nú ætla þeir með málið alla leið.

- 60j



Fjölnir



Breiðablik

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1340 Garðar Örn Hinriks.(8)

0-1 Prince Rajcomar (13.)  
0-2 Árni Kristinn Gunnarsson (60.)  
1-2 Ómar Hákonarson (71.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark) 7-13 (3-6)

Varnir skot Þórður 4 - Casper 2

Horn 6-4

Aukaspjrmur fengnar 19-15

Rangstöður 2-2

<b>FJÖLNIR</b> 4-3-3	<b>BREIÐAB.</b> 4-3-3
Þórður Ingason 5	Casper Jakobsen 5
Magnús Ingi Einarsson 4	*Árni Kristinn 7
Kristján Hauksson 4	Guðmund Þórisson 6
Óli Stefán Flóventsson 5	Srdjan Gasic 6
Gunnar V. Gunnarsson 4	Kristinn Jónsson 7
Ágúst Gylfason 5	Nenad Petrovic 6
Ásgeir Aron Ásgeirsson 3	Olgeir Sigurgeirsson 5
(66. Eyþór Atli 5)	Arnar Grétarsson 7
Gunnar Már Guðmundsson 6	Steinþór Freyr Þorsteinsson 5
Ólafur Páll Snorrason 4	(90. Nenad Zivanovic -)
Pétur Georg Markan 4	Prince Rajcomar 7
(88. Davíð Þór Rún 2)	(78. Magnús Páll -)
Tómas Leifsson 3	Jóhann Berg Guðmundsson 6
(66. Ómar Hákonarson 7)	(63. Haukur Baldvins 5)

\*Maður leiksins



Akranesvöllur, áhorf.: 1082 Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Ian Jeffs (6.)  
 1-1 Björn Bergmann Sigurðars. (25.)  
 1-2 Peter Gravesen (29.)  
 1-3 Guðni Rúnar Helgason (65.)  
 2-3 Vjekoslav Svadumovic (67.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	9-11 (3-4)
Varin skot	Esben 1 - Fjalar 1
Horn	4-7
Aukaspjrnur fengnar	14-18
Rangstöður	1-1

<b>ÍA</b> 4-4-2	<b>FYLKIR</b> 4-5-1
Esben Madsen 6	Fjalar Þorgeirsson 6
Heimir Einarsson 6	Andrés Már Jóhannes 7
Árni Þor Guðmund 6	Kristján Valdimarsson 7
Dario Cingel 7	<b>*Valur Fannars 8</b>
Guðjón Heiðar Sveins 5	Þórir Hannesson 6
Þórður Guðjónsson 5	Peter Gravesen 6
(83. Andri Júlíusson -)	Guðni Rúnar Helgas. 7
Helgi Pétur Magnús 6	Ian Jeffs 6
Bjarni Guðjónsson 6	Ólafur Skúlason 6
Jón Vilhelm Ákason 5	(46. Allan Dyring 6)
Björn Bergmann 6	Halldór Hilmisson 5
Vjekoslav Svadumovic 6	Jóhann Þórhallsson 6

\*Maður leiksins

Fylkir vann sinn þriðja leik í röð í gær en Skagamenn töpuðu sínum fyrsta leik á heimavelli í sumar:

# Fylkir hafði betur í rokinu á Skipaskaga



ENN EITT MARKIÐ ÚR HORNI Boltinn sést hér kominn í net Skagamanna eftir horn frá Peter Gravesen.

Öðru marki Fylkis því Peter Gravesen skoraði beint úr hornspyrnu á 29. mínútu. Síðari hálfleikur byrjaði frekar rólega en hvorugu liði tókst að sækja að einhverju ráði. Það kom flestum á óvart að það voru Fylkismenn sem voru fyrri til að skora í


síðari hálfleik. Stuttu síðar minnk-aði þó ÍA muninn. Skagamenn gerðust aðgangsharðir við mark Fylkis eftir þetta en án þess þó að ná að jafna leikinn. „Við getum ekki ætlast til þess að vinna ef við gefum andstæðingnum tvö mörk,“ sagði Bjarni

Guðjónsson, fyrri liði ÍA, eftir leik. Hann segir að vindurinn hafi ekki skipt miklu máli í leiknum. „Þeir voru með vindinn í bakið í fyrri hálfleik og við í þeim síðari og það er því engin afsökun. En þetta var ekki sanngjarn sigur hjá þeim því mér fannst við þola það betur að spila á móti vindinum. Við fengum líka fleiri færi, en þeir skoruðu fleiri mörk og það er það sem telur.“ Bjarni hefur engar áhyggjur af gengi ÍA. „Nei, alls engar. Við eigum heilmikið inni.“ Valur Fannar Gíslason, leikmaður Fylkis, var vitanlega kampakátur með sigurinn. „Þessi leikur snerist um allt annað en fótbolta en við höfðum þetta. Við börðumst og vorum skipulagðir við erfiðar aðstæður,“ sagði Valur. „Ég held að okkur hafi langað meira í sigurinn og það er auðvitað algjör snilld að hafa unnið þrjá leiki í röð.“

- esá

# Þróttarar voru hungraðri í sigur

Þróttur vann sinn fyrsta leik í Landsbankadeildinni í sumar þegar liðið sigraði topplið Keflavíkur sem var að sama skapi að tapa sínum fyrstu stigum í sumar. Baráttuglaðir Þróttarar voru vel að sigrinum komnir.



Valbjarnarvöllur, áhorf.: 550 Órvar Sær Gíslason (8)

1-0 Michael Jackson (17.)  
 1-1 Guðjón Árni Antoníusson (31.)  
 2-1 Adolf Sveinsson (76.)  
 3-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (85.)  
 3-2 Hólmur Örn Rúnarsson (87.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	9-10 (7-7)
Varin skot	Bjarki Freyr 4 - Ómar 4
Horn	5-6
Aukaspjrnur fengnar	10-14
Rangstöður	3-3

<b>ÞRÓTTUR</b> 4-5-1	<b>KEFLAVÍK</b> 4-4-2
Bjarki Freyr Guðm. 5	Ómar Jóhannsson 5
Eysteinn Lárusson 5	Guðjón Árni Anton. 6
(72. Jón Ragnar -)	Guðm. Viðar Mete 5
Þórður Hreiðarsson 7	Kenneth Gusafsson 5
Michael Jackson 7	Nicolaj Jørgensen 4
Kristján Ómar Björn 7	(71. Hörður Sveins -)
Rafn Andri Haralds. 7	Hólmur Örn Rúnarss. 6
Dennis Danry 7	Hans Yoo Mathiesen 5
Hallur Hallsson 6	(88. Jón Gunnar -)
Haukur Páll Sigurðss. 7	Hallgrímur Jónasson 6
(77. Magnús Már -)	Simun Samuelsen 4
Adolf Sveinsson 7	Patric Ted Redo 6
Ismael Silva 4	Guðm. Steinarsson 5
(56. *Hjörtur Hj. 8)	(80. Þórarinn Kristj. -)

\*Maður leiksins

**FÓTBOLTI** Nýliðar Þróttar gerðu sér lítið fyrir og lögðu topplið Keflavíkur að velli, 3-2, á Valbjarnarvelli í gærkvöld.

Leikurinn fór rólega af stað og leikmenn liðanna tóku sér sinn tíma í að átta sig á erfiðum aðstæðum í miklum vindi á Valbjarnarvelli. Heimamenn skoruðu fyrsta mark leiksins þegar rúmur stundarfjórðungur var liðinn af leiknum. Michael David Jackson átti þá þrumuskot neðst í hægra markhornið eftir frábæran undirbúning Rafns Andra Haraldssonar.

Keflvíkingar voru þó ekki af baki dottir og náðu að jafna metin eftir rúman hálf tíma með smá hjálp frá veðurguðnum. Guðmundur Steinarsson átti þá háa sendingu frá hægri kantinum sem Bjarki Freyr Guðmundsson markvörður misreiknaði og boltinn barst fyrir fætur Keflvíkingsins Guðjóns Árna Antoníussonar sem renndi boltanum yfir marklínuna af stuttu færi. Staðan var jöfn, 1-1, í hálfleik.

Það dró svo til tíðinda á 75. mínútu þegar Þróttarinn Adolf Sveinsson, fyrrverandi leikmaður Keflavíkur, komst einn inn fyrir vörn Keflvíkinga eftir góða sendingu frá varamanninum Hirti Hjartarsyni. Adolf skoraði af öryggi og



GÖÐUR GEGN GÖMLU FÉLÖGUNUM Þróttarinn Adolf Sveinsson lék vel gegn sínum gömlu félagum úr Keflavík og skoraði meðal annars annað mark Þróttarliðsins í leiknum.

við markið fengu Þróttarar byr í seglin og börðust eins og ljón inni á vellinum. Þeir komust svo í 3-1 á 85. mínútu þegar Hjörtur átti

skalla sem lak í hliðarnetið en markvörðurinn Ómar Jóhannsson og varnarmaðurinn Guðmundur Viðar Mete voru í boltanum.

omar@frettabladid.is

Breiðablik hirti öll stigin í rokinu á Fjölnisvelli í Landsbankadeild karla í gær:

# Skynsamir Blikar sóttu öll stigin

**FÓTBOLTI** Fjölnir hafði aðeins tapað einum heimaleik af síðustu átján í báðum deildum en nýliðarnir lágu í valnum gegn Blikum í gær. Mikið rok setti sterkan svip á leikinn en Blikar leiddu verðskuldað í hálfleik. Þeir voru fyrri til að átta sig á vindinum, sem þeir spiluðu á móti í fyrri hálfleik, og Prince Rajcomar skoraði með hárnákvæmu skoti snemma leiks.

Sóknarleikur Fjölnis bar lítinn árangur, langspjrnur þeirra fóru þvers og kruss um völinn í vindinum. Þeir ógnuðu Blikamarkinu lítið sem ekkert á meðan Rajcomar var sígnandi hinum megin. Blikar voru grimmar og mun skynsamari í rokinu. Leikurinn var þó ekki mikið fyrir augað enda aðstæður afar erfiðar.

Árni Kristinn Gunnarsson skoraði gull af marki þegar hann smelli boltanum í samskeytin utan vítateigs snemma í síðari hálfleik en Fjölnismenn komust lítt áfram. Þegar Ómar og Eyþór Atli komu inn lifnaði þó yfir heimamönnum og sá fyrrnefndi skoraði gott mark skömmu eftir að hann kom inn á.



FRÁBÆRT MARK Árni Kristinn Gunnarsson skoraði frábært mark í gær.

Það var skammgóður vermir og aðeins í stutta stund ógnuðu heimamenn. Þeir héldu boltanum illa og ógnuðu lítið. Blikar áttu fína spretti undir lokin og fóru að lokum með 2-1 sigur af hólmi.

Ásmundi Arnarssyni, þjálfara Fjölnis, fannst sigur Blika sann-

gjarn. „Þeir voru grimmar og ég er helst ósáttur með baráttuandann og vinnsluna í mínu liði. Við vorum of lengi á boltanum og þeir bara áttu okkur. Blikarnir voru þéttir og vel skipulagðir,“ sagði Ásmundur.

Markaskorarinn Árni Kristinn Gunnarsson var skælbrosandi eftir leik. „Hefurðu einhvern tíman séð svona flott mark?“ spurði Árni glettinn og glaðbeittur eftir leik. „Ég hef bara skorað svona mörk á æfingum en ég fann auðvitað vindinn með mér og ákvað því að láta vaða,“ sagði Árni, sem er réttfættur en skoraði með vinstri fæti. „Ég hef alltaf verið talinn jafnfættur.“ Honum fannst sigurinn sanngjarn.

„Við spiluðum skynsamlega í fyrri hálfleik og þeim gekk mjög erfiðlega að senda þessar löngu sendingar. Þeir komust ekki nálægt markinu í fyrri hálfleik en við féllum aðeins of langt frá mönnum í þeim síðari. Heilt yfir var þetta sanngjarnt og við vorum eðlilega ákveðnir í að koma sterkir til baka eftir skellinn heima síðast,“ sagði Árni.



LANDSBANKAEILDIN

## > Dennis Hopper

Hopper er mikill áhugamaður um listir og á umfangsmikið safn nútímalistaverka. Sjálfur er hann ljósmyndari og hefur haldið ljósmyndasýningar víða um heiminn. Hann fer með hlutverk söngvarans Franks Sinatra í kvikmyndinni „The Night We Called It a Day“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON Á SÖGU FYRIR ÆVIKVÖLDIÐ

# Afi skaut ísbjörn og ég fór tvisvar á skíði

Hávarður langafi skaut ísbjörn þegar hann var unglingur. Hann var á heimleið eftir að hafa sótt yfirsetukonu fyrir konu í barnsnauð. Veðrið var svo vont að jafnvel ísbjörninn hafði grafið sig í fönn. Síðar gaf hann stórskáldinu Gunnari Gunnarsyni feldinn, sem hangir nú á vegg í Skriðuklaustri þar sem Gunnar bjó lengi. Gamli maðurinn þurfti að segja mér söguna af birninum í nokkur hundruð skipti enda var ég þess fullviss að ég væri frægur vegna þessa afreks hans. Í æsku óttaðist ég ekkert því afkomandi ísbjarnarbana getur óhræddur starað í augun á andskotanum og sent hann aftur til heimkynna sinna.

Ég hef tvisvar sinnum farið á skíði og í bæði skiptin lenti ég í árekstri við jeppa. Í seinna skiptið fékk ég stóra dreyrablöðru á þumal-fingurinn. Þessi áföll eru mér enn í fersku minni og gott að eiga þessa

sögu til að segja barnabörnunum á ævikvöldinu, líkt og Hávarður afi hafði söguna um ísbjörninn. En eftir að hafa horft á heimildar-mynd á Stöð 2 í vikunni gerði ég mér grein fyrir því að fáeinir eldri borgarar í Japan eiga magnaðri kvóldsögu að segja barnabörnunum sínum en ég og jafnvel langafi.

Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1945 vörpuðu Bandaríkjamenn tveimur kjarnorkusprenjum á Hiroshima og Nagasaki í Japan. Þá sögu þekkjja held ég allir og hvaða áhrif þessar árásir höfðu. Færri þekkjja sögu þeirra fáu sem lifðu af en í heimildamyndinni Bright Light, Dark Rain er talað við eftirlifendur og þessi ótrúlega saga rakin. Ef orð eru til í íslensku máli sem geta dregið upp upplifun þessa fólks þá þekki ég þau ekki. Það eina sem ég get sagt er að ef þið mistuð af þessari mynd, gerið þá allt sem í ykkar valdi stendur til að útvega ykkur hana. Setjist svo niður, horfið og skammist ykkar fyrir að hafa áhyggjur af efnahagsástandinu.



## EKKI MISSA AF



► **18.35 The War at Home** STÖÐ 2 EXTRA



► **19.45 HK - Valur** BEINT STÖÐ 2 SPORT



► **20.15 Ný Evrópa** með augum Palins SJÓNVARPIÐ



► **20.20 Extreme Makeover** STÖÐ 2



► **21.00 Eureka** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

- 15.55 Sunnudagskvöld með Evu Mariu
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Ungar ofurhetjur
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa
- 18.17 Herramenn
- 18.30 Út og suður Endursýndir þættir frá 2005.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- **20.15 Ný Evrópa** með augum Palins (7:7) Leikarinn Michael Palin úr Monty Python-hópnum ferðast um tuttugu lönd í Mið-, Austur- og Suðaustur-Evrópu sem hafa nýlega gengið í, eða eru við það að ganga í Evrópusambandið.
- 21.15 Lífsháski (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi. Þar sem ýmsar ógnir leynast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helginnar.
- 22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives)(6:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
- 23.30 Soprano-fjölskyldan (18:21)(e)
- 00.25 Kastljós (e)
- 01.00 Dagskrárlök

## BIÓ

- 06.00 Le petit lieutenant
- 08.00 James and the Giant Peach
- 10.00 How to Kill Your Neighbor's Dog
- 12.00 Dirty Dancing: Havana Nights
- 14.00 James and the Giant Peach
- 16.00 How to Kill Your Neighbor's Dog
- 18.00 Dirty Dancing: Havana Nights
- 20.00 Le petit lieutenant Frönsk glæpamynd um nýtskrifaðan lögreglumann sem ræður sig til rannsóknardeildarinnar í París.
- 22.00 The Night We Called It a Day
- 00.00 Super Sucker
- 02.00 Fantastic Voyage
- 04.00 The Night We Called It a Day

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.10 Homefront
- 10.55 Matur og lífsstíll
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Numbers (16:24)
- 13.50 Uptown Girl
- 15.30 Friends (8:24)
- 15.55 Háheimar
- 16.18 Leðurblökumaðurinn
- 16.43 Skjaldböckurnar
- 17.08 Tracey McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.30 The Simpsons (22:22)
- 19.55 Friends (19:24)
- **20.20 Extreme Makeover: Home Edition** (31:32) Þriðja þáttaröð. Þúsundþjálasmíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingamar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.
- 21.05 Fallen: The Beginning (1:3) Aron uppgötvar að hann hefur óvenjulega krafta og undarlegir draumar sækja að honum.
- 22.30 Missing (5:19) Þriðja þáttaröð. Spennuþættir um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.
- 23.15 Swinging (5:6) Breskur sketsaþáttur um skrautleg þör og spaugilegar hliðar á kynlífi þeirra.
- 23.40 The Public Eye
- 01.15 Shark (12:22)
- 02.00 Thunderstruck
- 03.40 Uptown Girl
- 05.10 The Simpsons (22:22)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

## SPORT

- 07.00 Landsbankadeildin 2008 ÍA - Fylkir
- 13.45 Kaupþings mótardöðin 2008 Sýnt frá fyrsta móti sumarsins á Kaupþingsmótardöðinni.
- 14.45 PGA Tour 2008 Útsending frá loka-degi Memorial-mótsins í golfi.
- 17.45 NBA körfuboltinn
- **19.45 Landsbankadeildin 2008** HK - Valur Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
- 22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikimír, öll mörkin og bestu tilþríf-in skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.
- 23.00 King of Clubs - AC Milan Vandaður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnufélagi veraldar.
- 23.30 Landsbankadeildin 2008 HK - Valur
- 01.20 Landsbankamörkin 2008 Allir leikimír, öll mörkin og bestu tilþríf-in skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.

## SPORT 2

- 17.10 Bristol City - Hull Enska 1. deildin
- 18.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.20 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 20.15 Bestu leikimír Arsenal - Derby
- 22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 22.30 Champions of the World Ný þáttaröð þar sem fjallað er um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður Ameríku. Í þessum fyrsta þætti er fjallað almennt um knattspyrnu í álfunni og úr hvaða farvegi hún er sprottin.
- 23.25 Bestu leikimír Fulham - Portsmouth

## SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.00 Vörutorg
- 16.00 Game tívi (e)
- 16.30 Girffriends
- 17.00 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 Dynasty Ein frægasta sjónvarps-sería allra tíma. Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.
- 19.15 Svalbarði (e)
- 20.10 One Tree Hill (17:18) Bandarísk unglingsería þar sem húmor, dramatík og rómantik fara saman. Lucas fær slæmar fréttir og kemur síðan Payton í opna skjöldu. Brooke er í öngum sínum þegar barnið hennar veikt og Skills og Nathan taka áhættu til að reyna að bjarga tímabilinu hjá körfuboltalöðinu.
- **21.00 Eureka** (3:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Skyndilegt minnisleysi fer að hrjá Jack Carter þegar heimsfrægur vísindamaður heimsækir Eureka til að framkvæma mikilvæga tilraun á vegum bandaríska hersins.
- 21.50 C.S.I. (14:17) Tvö morð eru talin tengjast fanga sem situr á bak við lás og slá eftir fyrri viðskipti við Grissom og félagar. Rannsóknardeildin fær hann lausan úr fangelsi til að hjálpa við lausn málsins.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglign Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi
- 23.30 Brotherhood (e)
- 00.30 C.S.I.
- 01.10 Girffriends (e)
- 01.35 Vörutorg
- 02.35 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# SUMMAR

# TILBOÐ

## TÖLVUR OG TÖLVUVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.05

## Fallen: The Beginning

Fyrsti hluti í hörkuspennandi og vönduðum þrileik um Aron sem þráir ekkert annað en venjulegt líf með nýjum fósturforeldrum sínum.

Þetta breyttist allt á átján ára afmælisdeginum hans því þá uppgötvar hann óvenjulega krafta og undarlegir draumar sækja að honum. Maður að nafni Ezikiel vitjar hans og segir honum að hann sé í raun hálfur maður og hálfur engill með einstaka hæfileika. Þeir komi að góðum notum í ævalangri baráttu hinna föllnu engla við allt það góða í heiminum og séu nú á eftir Aron því hann lítur út fyrir að vera hinn útvaldi sem á að binda enda á þessa baráttu fyrir fullt og allt.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## Dr. Phil

## SKJÁREINN kl. 17.45

Hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn Dr. Phil er kominn aftur. Hann heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð. Dr. Phil er sýndur alla virka daga á SKJÁEINUM.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.13 Stefnumót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Stjörnuvískir
12.02 Hádegisútvarp	21.20 Kvika
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.15 Kvöldsgagan: Svartfugl
13.00 Vít og breitt	22.45 Kvöldtónar
14.03 Út um víðan völl	23.10 Sjómannadagurinn í sjöttu ár
15.03 Útvarpsagan: Sérherbergi	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (9:22)

17.30 Wildfire (11:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

18.15 The Class (9:19)

▶ 18.35 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldramir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (9:22)

20.30 Wildfire (11:13)

21.15 The Class Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár.

21.35 The War at Home

22.00 Cold Case (17:18) Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa ryki í skjálaskápum lögreglunnar.

22.45 Big Shots (11:11)

23.30 Curb Your Enthusiasm (8:10)

00.00 Entourage (8:20)

00.25 Comedy Inc. (17:22)

00.50 Sjáðu

01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Aftenshowet 11.20 OBS 11.25 Saras køkken 11.50 Søren Ryge præsenterer 12.20 Danskernes Krønike 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 En lille reminder: Nye II 14.05 Last Exile 14.30 Den lyserøde panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Mine venner Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Tæt på en dronning 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Undercover: Narkobaronen 21.40 Truslen fra dybet 22.20 Seinfeld 22.45 Smagsdommerne

## NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hagen 10.40 Helleristerne 11.40 Åpen himmel: Åpen himmel fra Grønåsen kirke, Tromsø 12.10 Med hjertet på rette staden 12.55 Billedbrev fra Europa 13.00 Fridrett: Golden League fra Berlin 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bame-tv 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Kjelleren i Amstetten 20.30 De som bygger landet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Den mistenkte 23.00 20 spørsmål 23.25 Sport Jukeboks

## SVT 1

04:00 Gomorron Sverige 07:30 I love språk 08:30 Världen 09:30 Banderöll 09:45 Banderöll - debatt 10:00 Rapport 10:05 Agenda 11:00 Sportspegeln 12:40 Eva går ombord 14:00 Rapport 14:10 Gomorron Sverige 15:00 Ramp 15:30 Mega 16:00 Bollbompa 16:10 Ebb och Flo 16:15 Rorri Racerbil 16:30 Lata Lucy 16:35 Jane och draken 17:00 Bobster 17:30 Rapport med A-ekonomi 18:00 Ers Kungliga Höghet Westling 19:00 Sthlm 19:45 Désiré 20:00 Leila Khaled - flygkapare 21:00 Rapport 21:10 Kulturyheterna 21:25 Kören - killar sjunger inte 22:25 Brottskod: Försvunnen 23:10 Sändningar från SVT24

**MÁ BJÓÐA ÞÉR Á FORMÚLUNA Í VALENCIA?**

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐinni Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST\* DREGIÐ 22. JÚNÍ

\*Miðað við 3 mánaða bindingu.

SPORT  
besta sætið



„Það er algerlega háð þeim sem ég er með í vinnunni, og það er allt frá því að vera jóगतónlist eða íhugunarmúsík yfir í Bylgjuna eða Léttbljgjuna. Ég er raun alæta á tónlist, nema kannski þungarokk, en það er heldur ekki algengur kostur. Það er hins vegar hlustað á Bylgjuna í eldhúsinu á morgnana.“

Guðrún Fema Ágústsdóttir ljósmóðir.

# Ragna Fróða flyst til New York

Fatahönnuðurinn Ragna Fróða flyst búferlum til New York með fjölskyldu sinni í ágúst, þar sem hún mun hefja störf á svokallaðri „trend forecasting“ stofu. „Þetta er stofa sem leggur línurnar tvö ár fram í tímann, fyrir kúnna í hönnunarheiminum,“ útskýrir Ragna. „Þau ákveða hvaða litir verða allsráðandi og búa til vinnuöppur sem fyrirtækin geta svo unnið eftir,“ bætir hún við. Í kunnahóp stofunnar, sem heitir Trend Union, eru fyrirtæki á borð við GAP og Wal-Mart, Perry Ellis og snyrtivöru-fyrirtækið L'Oréal.

Aðalhönnuður og stofnandi Trend Union heitir Li Edelkoort. „Hún er algjör goðsögn í hönnunarheiminum hvað þetta varðar. Hún býr til trend-bækur, þar sem hún er búin að sjá út hvaða þemu og litir verða við lýði tvö ár fram í tímann. Fyrirtækin nota þær svo til að vísa sér veginn í sinni hönnun,“ útskýrir Ragna, sem er ekki ókunnug slíkri vinnu. „Stofan í New York

er bandarískt útibú fyrir stofu sem er staðsett í París. Ég var að vinna þar í nokkra mánuði fyrir tólf árum síðan, og varð mjög hrifin af þessum geira,“ segir Ragna.

Hún er nú nýsnúin heim frá New York, þar sem hún dvaldist í þrjár vikur, en flyst endanlega út í ágúst og þá með fjölskylduna meðferðis. „Þetta leggst bara mjög vel í okkur og við erum alveg til í slaginn,“ segir Ragna, sem hefur lagt fatamerki sitt, Path of Love, í salt á meðan. „Það getur vel verið að ég sinni því svona aðeins með. Ég er ekki búin að leggja það á hilluna, en er svona að prófa nýjan farveg. Ég reikna með að vera úti í svona þrjú til fimm ár,“ segir Ragna.

**SPÁIR Í HÖNNUNARSPILIN** Fatahönnuðurinn Ragna Fróða skiptir um gir og hefur störf á svokallaðri „trend forecasting“ stofu í New York í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. stöngulendi, 6. ólæti, 8. kerald, 9. starfsgrein, 11. ætíð, 12. hvellandi, 14. fyrirmynd, 16. hvað, 17. þri, 18. hress, 20. frá, 21. greinilegur.

**LÓÐRÉTT**

1. slitrótt tal, 3. slá, 4. endurnefna, 5. mánuður, 7. keppikefli, 10. kvk nafn, 13. frændbálkur, 15. bjálfi, 16. húðpoki, 19. ung.

**LAUSN**

LÓÐRÉTT: 1. tærs, 3. rá, 4. umskitra, 5. maí, 7. takmark, 9. gró, 13. ætt, 15. ný.

LÁRÉTT: 2. þrum, 6. at, 8. áma, 9. fag, 11. sl, 12. skæk, 14. móttí, 16. ha, 17. tré, 18. ern, 20. af, 21. skýr.

**VEISTU SVARID**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á landamærum Perú og Brasilíu
2. Viggo Mortensen
3. Guðmundur Guðmundsson

**HILMAR LÚTHERSSON: SNIGILL NÚMER EITT OG Á NÓG EFTIR**

## Á mótorhjóli síðan 1950

„Ég byrjaði þegar ég var tólf ára, árið 1950,“ segir Hilmar Lúthersson, snigill númer 1. Nú þegar sumarið er komið eru mótorhjól æ algengari sjón á vegum landsins. Hilmar man tímana tvenna enda tæp 60 ár síðan hann eignaðist sitt fyrsta mótorhjól. „Þá voru bara breskar skellinöðrur, níutíu kúbika, tvíngengis og giralaugar. Þú þurftir ekki próf á þær fyrr en þær voru orðnar 100 kúbik, þá voru þær hestafll samkvæmt viðmiðum þess tíma,“ segir Hilmar sem eignaðist sitt fyrsta stóra mótorhjól um sextán ára aldurinn. „Það var Ariel 500, ’46 módelið,“ segir Hilmar sem hefur eignast slíkt hjól aftur. „Ég átti þetta hjól í tvö ár en svo tóku við bílar og kvennafar og síðar fjölskyldulíf. Ég byrjaði svo aftur í þessu 43 ára,“ segir Hilmar og bendir á að mikið hefur breyst síðan þá. „Þá þótti ég vera gamall kall, svona hálfgerð viðundur. Nú er annað hvert hjól einhver loftpressa og á henni karl um sextugt sem er að byrja í sportinu,“ segir Hilmar.

Hilmar segir mótorhjólalæðið í rénun sökum efnahagsástandsins. Sjálfur á hann þó mörg mótorhjól. „Ég er búinn að eiga um hundrað mótorhjól í gegnum tíðina og búinn að gera upp tugi,“ segir Hilmar. Hann segist hafa prófað vel flestar tegundir hjóla. „Ég er til dæmis búinn að prufa Harley, og það eru ekki mótorhjól. Þau eru bara eitthvað sem þú átt að eiga inni í skúr. Öll hin hjólin eru mikið framfar í hönnun og öllu,“ segir Hilmar en viðurkennir að Harley-hjólin hafi skánað eftir að „Kaninn hætti að vera með puttana í þessu öllu“ og framleiðsla hjóla dreifðist um heiminn. „Þeir sem ekki hafa vit á mótorhjólum segja „vá!“ þegar þeir sjá Harley.“

Síðan Hilmar byrjaði aftur hefur mótorhjólum fjölgað umtalsvert og tillitssemi öku-manna bifreiða er meiri en hún var, en þó verða mótorhjólamenn alltaf að vera með puttana á bremsunni. Hvað aksturslag mótorhjólamanna sjálfrá varðar



HILMAR LÚTHERSSON Fékk sitt fyrsta mótorhjól tólf ára gamall.

FRÉTTABLAÐIÐ/GKS

segir hann: „Það er ekkert verra í dag en það var í gamla daga. Þá var auðveldara að þekkja lögguna úti á vegi og menn höfðu því nægan tíma til að hægja niður. Það gat stundum verið gaman að bruna austur fyrir fjall því þar var malbikað alla leið,“ segir hann.

Hilmar segir að það séu til

tvær flokkar af mótorhjólamönnum, þeir sem eru búnir að detta, og þeir sem eiga það eftir. Hann komst í seinni flokkinn árið 2004 þegar hross hljóp í veg fyrir hann og hann datt og brákaði nokkur rif. Hann er þó hvergi nærri hættur þótt hann fylli 70 ár í ágúst.

solli@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Orðið á götunni, slúðurvæfur **Péturs Gunnarssonar** og félagi á Eyjunninni, birti í gær óvenju nákvæma úttekt á því sem utanríkisráðherra Condoleezza Rice og **Geir H. Haarde** borðuðu í hádegismat í ráðherrabústaðnum. Orðið gerir að því skóna að heldur meinlega villu hafi verið að finna á matseðlinum því samkvæmt honum hafi átt að bjóða upp á froska. Eins og flestir ættu að vita er innflutningur á fersku kjöti bannaður samkvæmt íslenskum lögum enda kom það á daginn að þarna átti að standa þorskur en ekki froskur.



Blaðamanninn Atla Mhá Gylfasyni hefur verið hampað af starfsfélögum sínum á Birtingi fyrir aðstoð við fréttaflutning CNN af jarðskjálftasvæðunum. En það eru fleiri Íslendingar sem hafa komist í heimspressuna vegna Suðurlandsskjálftans. Ítarlegt viðtal var þannig við fréttahaukinn **Óla Tynes** á sömu stöð um ástand mála og þá varð knattspyrnumaðurinn **Ivar Ingimarsson** einn helsti tíðindamaður BBC, skömmu eftir að allt hafði titrað á Selfossi og í Hveragerði.



Op meira af Suðurlandi því Vísir.is greindi frá því í gær að rokkþyrsti sýslumaðurinn, **Ólafur Helgi Kjartansson**, hefði tekið sér smá frí frá störfum og farið á rokktonleika Bruce Springsteen á Emirates-leikvangi Arsenal í Lundúnum. Ólafur var að sjálfsögðu fararstjóri í ferðinni og leiddi menn í allan sannleikann um ágæti gallabuxnakóngsins. Rokkið hefur sennilega hrist hópinn saman



og sýslumaðurinn sjálfur hefur örugglega losnað við mestan skjálftann þegar hann hlýddi á alþýðuhetjuna kyrja öll sín bestu lög. -fgr

## Geirfuglar svara Árna Bergmann

„Árni Bergmann gaf út bókina Geirfugl fyrir næstum þrjátíu árum. Nú eru Geirfuglarnir einfaldlega að svara honum með plötunni Árni Bergmann,“ segir Freyr Eyjólfsson en stuðsveitin Geirfuglarnir ætla að hefja sig til flugs þann 16. júní með útgáfu nýrrar plötu. Þrjú ár eru síðan Geirfuglarnir sendu frá sér efni á hljómdisk en það var við leikritið Línu Langsokk.

Hins vegar er það ekki bara troðfullur bílskúrinn af nýju efni sem ýtir Geirfuglunum úti plötuútgáfu því hljómsveitin hefur háleitt og æðra markmið með Árna Bergmann. „Allur ágóðinn rennur í sjóð til styrktar nýju, vatnsheldu bíri handa uppstoppaða geirfluglinum á Náttúrugripasafninu. Hann dó nánast í annað



ANDSVAR VIÐ SKÁLDSÖGU Nýjasta plata Geirfuglanna er andsvar við bók Árna Bergmann og hefur verið gefið nafn rithöfundarinn.

sinn þegar vatnskemmdu dundu yfir safnið og við viljum forða honum frá slíkum örlögum,“ útskýrir Freyr. „Auk þess hafa fyrri plöturnar okkar ekkert selst alltof vel þannig að við vonum að með þessu getum við hrundið af stað þjóðarsöfnun,“ bætir hann við.

Árni Bergmann er sjötta plata Geirfuglana og að sögn Freys mega aðdáendur sveitarinnar búast við töluverðum áherslubreytingum. „Við svikjum polkann, það er synd að segja frá því en svoleiðis er það nú bara. Harmóníkan, mandólínið, allt sem minnir á polka er farið. Við komumst að þeirri niðurstöðu að stöðnun væri dauði og tókum þessa ákvörðun. Vonandi fyrirgefur fólk okkur það bara.“

-fgr

**FISKBÚÐIN HAFBERG** Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

**ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR**

úrval fiskrétta, lúðu, skötusel, lax signa grásleppu, kinnar og margt fleira.

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00



# THULE<sup>®</sup>

SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

**Ferðabox verð frá 24.900,-**



Allar upplýsingar um **THULE** ferðaboxin er að finna á vef Stillingar [www.stilling.is](http://www.stilling.is)

 **Stilling**  
[www.stilling.is](http://www.stilling.is) // [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



**ÞRÁINN**  
Bertelssonar

## Um hollan og óhollan félagsskap


Í Bandaríkjunum er sagt að ekkert vandamál sé svo stórt að stjórnmalámennt í Washington geti ekki fundið leið til að slá því á frest. Þar vestra er líka sagt að maður geti séð hvenær stjórnmalámaður sé að segja ósatt, því að þá hreyfi hann/hún varirnar.

**EKKI** er gott að segja hvort þessar staðhæfingar séu réttar, en þó hallast maður að því að einhver fótur sé fyrir þeim eftir heimsókn ungrfrúr Condoleezza Rice hingað til Íslands fyrir helgina. Frökenin var hin hortugasta og hæddist að Alþingi Íslendinga fyrir að álykta gegn pyntingum og mannréttindabrotum sem Bandaríkjamenn fremja á fongum sínum í Guantanamo-fangabúðunum. Condoleezza hreyfði málaðar varirnar og sagði án þess að blikna að í Gunntanamo væru alls engin mannréttindi brotin – nú um stundir.

**ÞAÐ** var vel og kurteislega tekið á móti frökeninni, enda hefur það löngum verið til síðs hjá íslenskum stjórnvöldum að setja ekki siðferði gesta sinna fyrir sig. Meira að segja man ég vel eftir því að Nicolae Ceaucescu einræðisherra í Rúmeníu var fagnað hér sem miklum höfðingja og stjórnmaláforingja, þótt allir vissu að hann væri hinn versti raftur, margfaldur morðingi og einstaklega lunkinn við símahleranir.

**ÞAÐ** er ekki eins og ég sjá eftir matnum sem var borinn fyrir Condoleezza. Þetta er voldug manneskja frá voldugu landi. Hún hefur reynt Bush forseta það haldreipi í lífinu sem manni hefur sýnt að Hannes okkar Hólmsteinn hefði langað til að reynast Davíð Oddssyni. Úr því að manneskjan fann sig knúna til að koma hingað úr blóðmekkinum í Íraksstríðinu sem við erum áþekkingar að var ekki nema rétt og skylt að taka vel á móti henni og sýna henni bæði Höfða og borgarstjórnann.

**HINS** vegar finnst mér að við ættum að vanda val gesta okkar eftir bestu getu. Við eigum að bjóða hingað góðum og sannleikskandi persónum sem hafa holl og góð áhrif á umhverfi sitt. Þetta segi ég af umhyggju fyrir okkar eigin hjartahreinu stjórnmalámenntum, því að það er óhollur félagsskapur að lenda með fólki sem skrökvar þegar það hreyfir varirnar og kann að slá öllum vandamálum á frest.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 2. júní,  
155. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.20	13.25	23.34
Akureyri 2.29	13.10	23.56

Heimild: Almanak Háskólans



LEGACY SYMMETRICAL AWD SUBARU

REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA

# 39.900

KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY MEÐ ÖLLU!\*

**GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVI AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!**

**Ríkulegur búnaður:** Fjór hjóladríf, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :

## 3.150.000 kr.

\* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.



**VIÐ KOMUM TIL ÞÍNI!**

Við hjá Ingvari Helgasyni höldum uppteknum hætti og bjóðum upp á rjúkandi grillpilsuveislu í hádeginu, en að þessu sinni komum við til þín í vinnuna með grillið og bíla til reynsluaksturs á höfuðborgarsvæðinu. Öðruvísi og skemmtileg þjónusta fyrir þig.

**PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKÐ ÞITT Í SIMA 525 8000 eða tölvupóst ihadeginu@ih.is**

Reykjavík, Sævarhólfá 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940  
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521